**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 920/2010** **2012/EES/12/39**

**frá 7. október 2010**

**um staðlað og varið skráningarkerfi samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB og ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 280/2004/EB** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB ([1]), einkum 19. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 280/2004/EB frá 11. febrúar 2004 um aðferð til að vakta losun gróðurhúsalofttegunda í Bandalaginu og um framkvæmd Kýótóbókunarinnar, einkum öðrum málslið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 6. gr.,

að höfðu samráði við Evrópsku persónuverndarstofnunina,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Samkvæmt 6. gr. ákvörðunar nr. 280/2004/EB skulu Sambandið og aðildarríki þess við stofnun og rekstur skráakerfa og óháðu viðskiptadagbókar Bandalagsins nota starfrænar og tæknilegar forskriftir fyrir upplýsingaskiptastaðla fyrir skráningarkerfi samkvæmt Kýótóbókuninni ([2]), sem samþykktar voru með ákvörðun 12/CMP.1 frá þingi aðila að UNFCCC, sem er fundur aðila að Kýótóbókuninni (hér á eftir nefnd ákvörðun 12/CMP.1).

2) Samkvæmt 1. mgr. 19. gr. tilskipunar 2003/87/EB um að koma á viðskiptum með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins (hér á eftir nefnt kerfi fyrir viðskipti með losunarheimildir) skal hafa allar losunarheimildir á skrá Sambandsins á reikningum sem aðildarríkin hafa umsjón með. Til að tryggja að unnt sé að hafa Kýótóeiningar og losunarheimildir á sömu reikningunum í skrá Sambandsins verður skráin einnig að vera í samræmi við starfrænu og tæknilegu forskriftirnar fyrir upplýsingaskiptastaðla fyrir skráningarkerfi samkvæmt Kýótóbókuninni sem samþykktar voru með ákvörðun 12/CMP.1.

3) Samkvæmt 20. gr. tilskipunar 2003/87/EB skal koma á óháðri viðskiptadagbók (hér á eftir nefnd viðskiptadagbók Evrópusambandsins eða viðskiptadagbók ESB (EUTL)) til að skrá útgáfu, millifærslu og ógildingu losunarheimilda. Samkvæmt 2. mgr. 6. gr. ákvörðunar nr. 280/2004/EB skulu upplýsingar um útgáfu, handhöfn, millifærslu, kaup, ógildingu og afskráningu eininga úthlutaðs magns, bindingareininga, losunarskerðingareininga og eininga vottaðrar losunarskerðingar og yfirfærslu eininga úthlutaðs magns, losunarskerðingareininga og eininga vottaðrar losunarskerðingar gerðar aðgengilegar fyrir viðskiptadagbókina.

4) Samkvæmt 3. mgr. 19. gr. tilskipunar 2003/87/EB skal semja reglugerð um staðlað og varið skráningarkerfi í formi staðlaðs, rafræns gagnagrunns sem geymir almenn gagnastök til að rekja útgáfu, handhöfn, millifærslu og ógildingu losunarheimilda til að aðgangur almennings sé greiður og þagnarskylda virt eins og við á og til að tryggt sé að millifærsla brjóti aldrei í bága við skuldbindingar samkvæmt Kýótóbókuninni.

5) Í hverri skrá, sem komið er á í samræmi við 6. gr. ákvörðunar nr. 280/2004/EB, skal vera að finna a.m.k. einn vörslureikning aðila, einn innlausnarreikning og

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 270, 14.10.2010, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 156/2011 frá 2. desember 2011 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32.

([2]) Stjtíð. ESB L 49, 19.2.2004, bls. 1

ógildingar- og útskiptareikningana sem krafist er samkvæmt ákvörðun 13/CMP.1 frá þingi aðila að UNFCCC, sem er fundur aðila að Kýótóbókuninni, (hér á eftir nefnd ákvörðun 13/CMP.1), og í Sambandsskránni, þar sem allar losunarheimildir eru skv. 19. gr. tilskipunar 2003/87/EB, skal vera að finna rekstrarreikninga og notendareikninga sem þörf er á til að hrinda þeirri tilskipun í framkvæmd. Stofna skal hvern reikning í samræmi við staðlaðar verklagsreglur til að tryggja heilleika skráningarkerfisins og aðgang almennings að upplýsingum í kerfinu.

6) Hver skrá, sem komið er á fót er í samræmi við 6. gr. ákvörðunar nr. 280/2004/EB, skal gefa út einingar úthlutaðs magns, samkvæmt ákvörðun 13/CMP.1, en skrá Sambandsins skal gefa út losunarheimildir. Skrár, sem komið er á fót í samræmi við 6. gr. ákvörðunar nr. 280/2004/EB, skulu sjá til þess að þær hafi til vörslu einingar úthlutaðs magns sem jafngildi þeim fjölda losunarheimilda sem þær gefa út í skrá Sambandsins, til að tryggja að unnt sé að fylgja eftir öllum viðskiptum með losunarheimildir með samsvarandi millifærslum á einingum úthlutaðs magns með greiðslujöfnunar-fyrirkomulagi í lok hvers tímabils.

7) Þar eð aðildarríki hafa engin áhrif á það hve margar losunarheimildir reikningshafar kjósa að leggja inn á skrár þeirra myndu hvers kyns alþjóðlegar takmarkanir í framtíðinni á innlögn eininga úthlutaðs magns, sem gegna hlutverki innlagðra, útgefinna losunarheimilda, valda alvarlegum erfiðleikum fyrir þær skrár sem geyma óhóflegan fjölda slíkra heimilda. Til að tryggja að áhættan, sem aðildarríkin standa frammi fyrir að þessu leyti, skiptist jafnt niður á öll aðildarríki skal tilhögun vegna greiðslujöfnunar gerð þannig úr garði að þegar henni er lokið sé tilteknum fjölda eininga úthlutaðs magns haldið á greiðslujöfnunarreikningi Sambandsskrárinnar sem sé jafn fjölda losunarheimilda sem lagðar eru inn á tímabilinu 2008–2012.

8) Viðskipti með losunarheimildir innan Sambandsskrárinnar skulu eiga sér stað um samskiptatengil (boðleið) sem tengist viðskiptadagbók ESB en viðskipti með Kýótóeiningar skulu eiga sér stað um samskiptatengil sem tengist bæði viðskiptadagbók ESB og alþjóðlegu viðskiptadagbók UNFCCC (hér á eftir nefnd alþjóðlega viðskiptadagbókin (ITL)). Samþykkja skal ákvæði til að tryggja að aðildarríki, sem geta ekki gefið út einingar úthlutaðs magns samkvæmt Kýótóbókuninni vegna þess að þau hafa ekki bindandi skuldbindingu að því er varðar minnkun losunar, geti með sanngjörnum skilyrðum haldið áfram þátttöku í kerfi Sambandsins fyrir viðskipti með losunarheimildir. Slík þátttaka yrði ekki möguleg á tímabilinu 2008–2012 þar eð þessi aðildarríki, ólíkt öllum öðrum aðildarríkjum, gætu ekki gefið út losunarheimildir sem eru tengdar einingum úthlutaðs magns samkvæmt Kýótóbókuninni. Leyfa skal þátttöku af þessum toga með sanngjörnum skilyrðum með sérstakri málsmeðferð hjá Sambandsskránni.

9) Til að koma í veg fyrir hvers kyns frávik skal viðskiptadagbók ESB halda uppi sjálfvirku eftirliti með öllum ferlum skráningarkerfisins sem varða losunarheimildir, sannprófaða losun, reikninga og Kýótóeiningar og alþjóðlega viðskiptadagbókin skal halda uppi sjálfvirku eftirliti með ferlum sem varða Kýótóeiningar. Stöðva skal ferli sem ekki standast þetta eftirlit til að tryggja að viðskipti í skráningarkerfum Sambandsins séu í samræmi við kröfurnar í tilskipun 2003/87/EB og kröfurnar sem útfærðar hafa verið samkvæmt UNFCCC og Kýótóbókuninni.

10) Beita skal fullnægjandi og samræmdum kröfum um sanngreiningu og aðgangsrétt til að vernda öryggi upplýsinga sem varðveittar eru í samþætta skráningarkerfinu og halda skal skrár yfir öll ferli, rekstraraðila og einstaklinga í skráningarkerfinu.

11) Yfirstjórnandinn skal sjá til þess að truflun á starfsemi skráningarkerfisins verði í lágmarki með því að gera allar hugsanlegar ráðstafanir til að tryggja aðgengi að Sambandsskránni og viðskiptadagbók ESB og með því að tryggja traust kerfi og ferli í tengslum við verndun allra upplýsinga.

12) Skráningarkerfið skal vera þannig úr garði gert að það geti innleitt flug þegar það verður tekið upp í kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Sambandsins frá og með 1. janúar 2012. Meirihluta verkefnanna, sem verða til við endurskoðun viðskiptakerfisins fyrir losunarheimildir, sem mælt er fyrir um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/29/EB frá 23. apríl 2009 um breytingu á tilskipun 2003/87/EB til að bæta og víkka út kerfi Bandalagsins fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda ([1]), þarf ekki að inna af hendi fyrr en frá og með 1. janúar 2013. Þessar kröfur tengjast ekki starfseminni sem þarf að vera fyrir hendi árið 2012 vegna innleiðingar flugstarfsemi í viðskiptakerfið fyrir losunarheimildir.

13) Þar eð umráðendur loftfara eiga rétt á því að skila inn annars konar losunarheimildum en þeim sem rekstraraðilar stöðva skila inn skulu umráðendur loftfara fá annars konar reikning, vörslureikning umráðenda loftfara. Losunarheimildir, sem eru gefnar út skv. II. kafla tilskipunar Evrópusambandsins um viðskiptakerfið fyrir losunarheimildir, sem fjallar um flug, eru frábrugðnar losunarheimildum sem gefnar hafa verið út hingað til að því leyti að þær ná yfir losun sem fellur aðeins að litlu leyti undir Kýótóbókunina. Því skulu þær merktar þannig að skýrt sé að þær séu frábrugðnar öðrum losunarheimildum.

([1]) Stjtíð. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 63.

14) Samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/101/EB frá 19. nóvember 2008 um breytingu á tilskipun 2003/87/EB þannig að kerfið fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins taki til flugstarfsemi ([1]) má einungis innleysa þann fjölda Kýótóeininga eða losunarheimilda, sem tryggðar eru með Kýótóeiningum og er skilað inn af umráðendum loftfara, sem svarar til losunar frá innanlandsflugi. En þar eð aðildarríki geta ekki haft áhrif á það hvort umráðendur loftfara kjósa að skila inn losunarheimildum skv. II. kafla eða einingum sem kunna að verða innleystar skal koma á miðlægu innskila- og endurúthlutunarkerfi sem tryggir að einingum, sem umráðendur loftfara skila inn og unnt er að innleysa, sé safnað og þær fyrst og fremst notaðar þannig að þær taki til losunar í innanlandsflugi allra aðildarríkjanna á jafnan hátt. Aðildarríkin skulu ákveða síðar hvernig þau nota einingar sem hefur verið safnað á þennan hátt og sem unnt er að innleysa.

15) Við framkvæmd endurskoðunar á viðskiptakerfinu fyrir losunarheimildir og til að unnt sé að innleiða flug í kerfið árið 2012 nægir að sameina núverandi starfsemi viðskiptakerfisins fyrir losunarheimildir í aðildarríkjunum á tæknilegum vettvangi og fela sérstökum skrám vegna Kýótóbókunarinnar (hér á eftir nefndar Kýótóbókunarskrá), sem aðildarríkin halda, að annast tæknilega framkvæmd starfsemi skráa í tengslum við Kýótóbókunina.

16) Til að hrinda í framkvæmd breytingunum, sem innleiddar voru með tilskipun 2009/29/EB, og til að greiða fyrir innleiðingu flugstarfsemi í viðskiptakerfið fyrir losunarheimildir árið 2012, nægir að sameina núverandi starfsemi viðskiptakerfisins fyrir losunarheimildir í aðildarríkjunum á tæknilegum vettvangi og fela sérstökum skrám, sem aðildarríkin halda, að annast tæknilega framkvæmd starfsemi skráa eins lengi og þörf krefur. Slík lausn yrði þó ekki kostnaðarhagkvæm þar eð hún útheimti að hvert aðildarríki héldi við víðtæku, hliðstæðu upplýsingatæknikerfi, sem yrði lítið notað. Því er það markmið framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna að vinna saman að stofnun „Samstæðukerfis evrópskra skráa“ sem myndi sameina alla starfsemi á sviði upplýsingatækni í tengslum við Kýótóbókunarskrána í öllum aðildarríkjunum.

17) Fyrirkomulagið, sem ákvarðað er með þessari reglugerð varðandi bókhald á losunarheimildum og Kýótóeiningum og sá möguleiki að komið verði á Samstæðukerfi evrópskra skráa, hefur ekki áhrif á neinar framtíðarákvarðanir Evrópusambandsins um það hvort Sambandið setur sér sameiginlegt markmið varðandi skerðingu á losun eða einstök markmið aðildarríkja varðandi skerðingu á losun samkvæmt hugsanlegum, alþjóðlegum sáttmála um loftslagsbreytingar í framtíðinni.

18) Samkvæmt 4. mgr. 19. gr. tilskipunar 2003/87/EB þarf að vera fyrir hendi ákvæði um aðferðir vegna breytinga- og atvikastjórnunar sem gilda fyrir skrá Sambandsins og viðeigandi fyrirkomulag í tengslum við skrá Sambandsins til að tryggja að aðildarríki geti sýnt frumkvæði að því er varðar betri nýtni, stjórnun stjórnsýslukostnaðar og ráðstafanir í tengslum við gæðaeftirlit. Varsla allra losunarheimilda í skrá Sambandsins skal ekki hafa áhrif á viðhald landsskráa yfir losun sem ekki fellur undir viðskiptakerfið fyrir losunarheimildir og gæði þjónustu Sambandsskrárinnar skulu vera þau sömu og landsskránna.

19) Þar eð virðisaukaskattsvik, peningaþvætti og önnur glæpastarfsemi hafa færst umtalsvert í aukana frá 2009 í öllu skráningarkerfinu þarf að setja nákvæmari og traustari reglur um eftirlit með upplýsingum um auðkenni sem reikningshafar og fólk, sem óskar eftir því að opna reikning, veita. Einnig verða yfirvöld í aðildarríkjunum að geta meinað þeim, sem rökstuddur grunur er um að vilji nota skráningarkerfið í sviksamlegum tilgangi, að opna reikning. Loks skulu settar ítarlegur reglur sem gera kleift að veita embættum, sem gegna því hlutverki að framfylgja lögum, upplýsingar hratt og á skilvirkan hátt og geta þær þá nýst embættunum við rannsóknir á vegum þeirra.

20) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 994/2008 frá 8. október 2008 um staðlað og varið skráningarkerfi samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB og ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 280/2004/EB ([2]) fellur úr gildi og í stað hennar kemur reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2216/2004 ([3]) frá 21. desember 2004 um staðlað og varið skráningarkerfi samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB og ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 280/2004/EB frá og með árinu 2012. Þar eð þessi reglugerð breytir verulega ákvæðunum sem gilda frá 1. janúar 2012 á ýmsum sviðum sem eru háð reglum er nauðsynlegt, til glöggvunar, að fella reglugerð (EB) nr. 994/2008 úr gildi og skipta henni út í heild sinni en halda niðurfellingu og útskiptingu reglugerðar (EB) nr. 2216/2004 sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 994/2008.

21) Þar eð reglugerð (EB) nr. 2216/2004 verður í gildi til loka ársins 2011 er nauðsynlegt að gera tilteknar breytingar á hluta þeirrar reglugerðar og skulu þær taka gildi umsvifalaust. Þessar breytingar snúa að baráttunni gegn svikum og annarri glæpastarfsemi og að innskilaferlinu. Til glöggvunar skal úreltum ákvæðum einnig eytt. Þar eð breytingarnar, sem snúa að aðgerðum gegn svikum og að innskilaferlinu, skulu ganga í gegn eins fljótt og auðið er skal þessi reglugerð taka gildi jafnskjótt og hún hefur verið birt.

([1]) Stjtíð. ESB L 8, 13.1.2009, bls. 3.

([2]) Stjtíð. ESB L 271, 11.10.2008, bls. 3.

([3]) Stjtíð. ESB L 386, 29.12.2004, bls. 1.

22) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 2216/2004 til samræmis við þetta og koma þær breytingar tafarlaust til framkvæmdar. Sú reglugerð skal felld úr gildi frá og með 1. janúar 2012.

23) Í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/4/EB frá 28. janúar 2003 um almennan aðgang að upplýsingum um umhverfismál og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/313/EBE ([1]) og ákvörðun 13/CMP.1 skulu tilteknar skýrslur gerðar opinberar reglubundið til að tryggja að almenningur hafi aðgang að upplýsingum sem geymdar eru í samþætta skráningarkerfinu, með fyrirvara um tilteknar trúnaðarkvaðir.

24) Virða skal löggjöf Sambandsins varðandi vernd einstaklinga m.t.t. meðferðar persónuupplýsinga og frjáls flæðis slíkra upplýsinga, einkum tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ([2]), tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/58/EB frá 12. júlí 2002 um vinnslu persónuupplýsinga og um verndun einkalífs á sviði rafrænna fjarskipta (tilskipun um friðhelgi einkalífsins og rafræn fjarskipti) ([3]) og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið, og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ([4]), þegar hún á við um upplýsingar sem eru varðveittar og meðhöndlaðar samkvæmt þessari reglugerð.

25) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um loftslagsbreytingar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

## I. KAFLI

## VIÐFANGSEFNI OG SKILGREININGAR

*1. gr.*

**Efni**

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um almennar kröfur ásamt kröfum um starfrækslu og viðhald varðandi staðlað og tryggt skráningarkerfi sem samanstendur af skrám og varðandi óháðu viðskiptadagbókina sem kveðið er á um í 1. mgr. 20. gr. tilskipunar 2003/87/EB og 6. gr. ákvörðunar nr. 280/2004/EB. Í henni er einnig kveðið á um fjarskiptakerfi milli skráningarkerfisins og alþjóðlegu viðskiptadagbókarinnar en stofnun hennar, rekstur og viðhald er á vegum rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (UNFCCC).

*2. gr.*

**Skilgreiningar**

Í þessari reglugerð gilda skilgreiningarnar í 3. gr. tilskipunar 2003/87/EB. Jafnframt gilda eftirfarandi skilgreiningar:

1. „reikningshafi“: aðili sem er með reikning í skráningarkerfinu,

2. „yfirstjórnandi“: sá aðili sem framkvæmdastjórnin hefur tilnefnt skv. 20. gr. tilskipunar 2003/87/EB,

3. „lögbært yfirvald“: yfirvald eða yfirvöld sem aðildarríki tilnefnir skv. 18. gr. tilskipunar 2003/87/EB,

4. „aðili að Kýótóbókuninni“: aðili að Kýótóbókuninni um loftslagsbreytingar,

5. „viðskiptavettvangur“: hvers konar marghliða markaður sem leiðir saman eða greiðir fyrir því að leiða saman kaup- og söluhagsmuni þriðju aðila, eins og skilgreint er í 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB ([5]), þar sem losunarheimildir eða Kýótóeiningar ganga kaupum og sölum,

6. „sannprófandi“: sá sem annast sannprófun eins og skilgreint er í m-lið 5. liðar I. viðauka við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/589/EB ([6])

7. „einingar úthlutaðs magns“: einingar sem eru gefnar út skv. 3. mgr. 7. gr. ákvörðunar nr. 280/2004/EB,

8. „losunarheimildir skv. II. kafla“: losunarheimildir sem gefnar eru út skv. II. kafla tilskipunar 2003/87/EB,

9. „losunarheimildir skv. III. kafla“: allar losunarheimildir sem eru ekki gefnar út skv. II. kafla tilskipunar 2003/87/EB,

([1]) Stjtíð. ESB L 41, 14.2.2003, bls. 26.
([2]) Stjtíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31.
([3]) Stjtíð. EB L 201, 31.7.2002, bls. 37.
([4]) Stjtíð. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1.
([5]) Stjtíð. ESB L 145, 30.4.2004, bls. 1.
([6]) Stjtíð. ESB L 229, 31.8.2007, bls. 1.

10. „langtímaeiningar vottaðrar losunarskerðingar“: einingar sem eru gefnar út vegna verkefnistengdrar aðgerðar á sviði nýskógræktar eða endurræktunar skóga samkvæmt kerfi hreinleikaþróunar sem fellur úr gildi, með fyrirvara um ákvörðun 5/CMP.1 frá ráðstefnu aðila sem er jafnframt fundur aðila að Kýótóbókuninni, um leið og bókunartímabili skerðingar á losun vegna verkefnistengdu aðgerðarinnar á sviði nýskógræktar eða endurræktunar skóga samkvæmt kerfi hreinleikaþróunar, sem hún var gefin út fyrir, lýkur,

11. „bindingareiningar“: einingar sem eru gefnar út skv. 3. gr. Kýtótóbókunarinnar,

12. „bráðabirgðaeiningar vottaðrar losunarskerðingar“: einingar sem eru gefnar út vegna verkefnistengdrar aðgerðar á sviði nýskógræktar eða endurræktunar skóga samkvæmt kerfi hreinleikaþróunar sem, með fyrirvara um ákvörðun 5/CMP.1, fellur úr gildi við lok þess skuldbindingartímabils Kýótóbókunarinnar sem tekur við af tímabilinu þegar þær voru gefnar út,

13. „ferli“: sjálfvirk, tæknileg aðferð til að framkvæma aðgerð í tengslum við reikning eða einingu í skrá,

14. „viðskipti“: ferli sem felur í sér færslu losunarheimildar eða Kýótóeiningar frá einum reikningi yfir á annan,

15. „innskil“: það þegar rekstraraðili eða umráðandi loftfars bókfærir losunarheimild eða Kýótóeiningu á móti sannprófaðri losun stöðvar eða loftfars hans,

16. „ógilding“: endanleg ráðstöfun handhafa á Kýótóeiningu án þess að hún sé bókfærð á móti sannprófaðri losun,

17. „niðurfelling“: endanleg ráðstöfun handhafa á Kýótóeiningu án þess að hún sé bókfærð á móti sannprófaðri losun,

18. „innlausn“: það þegar aðili að Kýótóbókuninni bókfærir Kýótóeiningu á móti tilkynntri losun þess aðila,

19. „peningaþvætti“: hugtakið hefur sömu merkingu og í 2. mgr. 1. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB ([1]),

20. „alvarlegt afbrot“: hugtakið hefur sömu merkingu og í 5. mgr. 3. gr. tilskipunar 2005/60/EB,

21. „fjármögnun hryðjuverka“: hugtakið hefur sömu merkingu og í 4. mgr. 1. gr. tilskipunar 2005/60/EB,

22. „skrárstjórnandi“: stjórnandi skrár Sambandsins eða annarrar skrár í tengslum við Kýótóbókunina,

23. „landsstjórnandi“: sá aðili sem ber, fyrir hönd aðildarríkis, ábyrgð á safni notendareikninga í lögsögu aðildarríkis í Sambandsskránni, tilnefndur í samræmi við 6. gr.,

24. „stjórnandi reiknings“: stjórnandi sem tilgreindur er fyrir tiltekna gerð reiknings í þriðja dálki í töflu I-I í I. viðauka.

II. KAFLI

## SKRÁNINGARKERFIÐ

*3. gr.*

**Skrár**

1. Til að standa við skuldbindingar sínar sem aðilar að Kýótóbókuninni og til að tryggja nákvæmt bókhald yfir Kýótóeiningar skv. 6. gr. ákvörðunar nr. 280/2004/EB skal hvert aðildarríki og Sambandið halda skrá (hér á eftir nefnd Kýótóbókunarskráin) í formi staðlaðs, rafræns gagnagrunns sem uppfyllir kröfur rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar að því er varðar skrár, einkum starfrænar og tæknilegar forskriftir vegna upplýsingaskiptastaðla fyrir skráningarkerfi samkvæmt Kýótóbókuninni, útfærðar samkvæmt ákvörðun 12/CMP.1 frá ráðstefnu aðilanna sem er jafnframt fundur aðila að Kýótóbókuninni.

2. Til að uppfylla skyldur sínar skv. 19. gr. tilskipunar 2003/87/EB um að tryggja nákvæmt bókhald yfir losunarheimildir skulu aðildarríkin frá og með 1. janúar 2012 nota skrá Sambandsins sem skal einnig gegna hlutverki sem Kýótóbókunarskrá fyrir Evrópubandalagið sem sérstaks aðila að Kýótóbókuninni. Skrá Sambandsins skal veita landsstjórnendum og reikningshöfum hvers lands um sig aðgang að öllum ferlunum sem lýst er í IV.–VI. kafla.

3. Þrátt fyrir 1. mgr. er þess ekki krafist að aðildarríki komi á fót Kýótóbókunarskrá ef þau hafa ekki getað gefið út einingar úthlutaðs magns af öðrum ástæðum en þeim að UNFCCC hafði ákvarðað að þau væru ekki tæk til að millifæra losunarskerðingareiningar, einingar úthlutaðs magns eða einingar vottaðrar losunarskerðingar í samræmi við ákvæði ákvörðunar 11/CMP.1 frá ráðstefnu aðila að samningnum, sem er jafnframt fundur aðila að Kýótóbókuninni (hér á eftir nefnd „aðildarríki án Kýótóbókunarskrár“).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 25.11.2005, bls. 15.

4. Sambandsskráin og allar aðrar Kýótóbókunarskrár skulu vera í samræmi við starfrænar og tæknilegar forskriftir fyrir upplýsingaskiptastaðla fyrir skráningarkerfi samkvæmt Kýótóbókuninni sem eru útfærðar samkvæmt ákvörðun 12/CMP.1 og uppfylla kröfur um vélbúnað, net, hugbúnað og öryggi sem settar eru fram í upplýsingaskipta- og tækniforskriftunum sem kveðið er á um í 71. gr.

*4. gr.*

**Viðskiptadagbók Evrópusambandsins**

1. Til að uppfylla skyldur sínar skv. 20. gr. tilskipunar 2003/87/EB um að halda óháða viðskiptadagbók þar sem útgáfa, millifærsla og ógilding losunarheimilda eru skráðar og athugaðar skal framkvæmdastjórnin koma á fót viðskiptadagbók ESB í formi staðlaðs, rafræns gagnagrunns. Í viðskiptadagbók ESB skal einnig skrá allar upplýsingar sem varða vörslu og millifærslu Kýótóeininga sem gerðar hafa verið aðgengilegar í samræmi við 2. mgr. 6. gr. ákvörðunar nr. 280/2004/EB.

2. Yfirstjórnandi skal reka og halda viðskiptadagbók ESB í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.

3. Í viðskiptadagbók ESB skal vera unnt að athuga og skrá öll ferli sem um getur í 2. mgr. 3. gr. og skal hún vera í samræmi við starfrænu og tæknilegu forskriftirnar fyrir upplýsingaskiptastaðla fyrir skráningarkerfi samkvæmt Kýótóbókuninni í samræmi við ákvörðun 12/CMP.1 og uppfylla kröfur um vélbúnað, net og hugbúnað sem settar eru fram í upplýsingaskipta- og tækniforskriftunum sem kveðið er á um í 71. gr.

4. Í viðskiptadagbók ESB skal vera unnt að skrá öll ferli sem lýst er í IV.–VI. kafla.

*5. gr.*

**Samskiptatenglar milli skráa, alþjóðlegu viðskiptadagbókar UNFCCC og viðskiptadagbókar ESB**

1. Sambandsskráin og allar aðrar Kýótóbókunarskrár skulu viðhalda samskiptatengli við alþjóðlegu viðskiptadagbók UNFCCC (hér á eftir nefnd alþjóðlega viðskiptadagbókin) í því skyni að miðla færslum á Kýótóeiningum í aðrar Kýótóbókunarskrár eða úr þeim.

2. Í viðskiptadagbók ESB skal einnig halda við samskiptatengli við alþjóðlegu viðskiptadagbókina til að skrá og athuga millifærslur sem um getur í 1. mgr. Í þessu skyni skal alþjóðlega viðskiptadagbókin miðla öllum tillögðum millifærslum þar sem Kýótóbókunarskrá kemur við sögu til viðskiptadagbókar ESB áður en millifærslan er skráð.

3. Sambandsskráin skal einnig halda við beinum samskiptatengli við viðskiptadagbók ESB til að athuga og skrá viðskipti, þar sem losunarheimildir eru millifærðar, og reikningsstjórnunarferlin sem lýst er í IV. kafla. Öll viðskipti, þar sem losunarheimildir koma við sögu, skulu eiga sér stað innan Sambandsskrárinnar og skulu skráð og athuguð á vegum viðskiptadagbókar ESB en ekki alþjóðlegu viðskiptadagbókarinnar.

4. Nefndin um loftslagsbreytingar getur ákveðið að gera ytri samskiptatengla, grunnvirki upplýsingatækninnar, ferli varðandi aðgang að notendareikningum og tilhögun um stjórnun Kýótóbókunarreikninga í Sambandsskránni, ásamt þeim sem eru í öllum hinum Kýótóbókunarskránum, samstæð þannig að úr verði samstæðukerfi evrópskra skráa sem yfirstjórnandinn heldur utan um. Þegar þessi ákvörðun hefur verið samþykkt skal framkvæmdastjórnin leggja til breytingar við þessa reglugerð til að skilgreina fyrirkomulagið við að hrinda í framkvæmd samstæðukerfi evrópskra skráa.

5. Yfirstjórnandinn getur komið á takmörkuðum samskiptatengli milli viðskiptadagbókar ESB og skrárinnar í inngöngulandi í þeim tilgangi að gera slíkum skrám kleift að hafa samskipti við alþjóðlegu viðskiptadagbókina í gegnum viðskiptadagbók ESB og skrá gögn um sannprófaða losun á vegum rekstraraðila í viðskiptadagbók ESB. Öllum prófunum og frumstillingum, sem gerðar eru á þessum skrám, skal vera lokið að því er varðar þessar skrár áður en þessum samskiptatengli er komið á.

*6. gr.*

**Landsstjórnendur og stjórnendur Kýótóbókunarskráa**

1. Hvert aðildarríki skal tilnefna landsstjórnanda. Aðildarríki skal gegnum landsstjórnandann hafa aðgang að eigin reikningum, auk reikninga í Sambandsskránni sem eru í lögsögu þess. Hver landsstjórnandi aðildarríkis skal einnig vera stjórnandi Kýótóbókunarskrár þess. Stjórnandi Kýótóbókunarskrárinnar skal reka og viðhalda Kýótóbókunarskrá aðildarríkisins í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.

2. Yfirstjórnandinn skal reka Sambandsskrána og halda henni við. Yfirstjórnandinn skal einnig vera stjórnandi Kýótóbókunarskrárinnar að því er varðar Kýótóbókunarskrárhluta ESB af Sambandsskránni.

3. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu tryggja að engir hagsmunaárekstrar séu milli landsstjórnenda, yfirstjórnandans og eigenda notendareikninga.

4. Hvert aðildarríki skal tilkynna framkvæmdastjórninni um auðkenni landsstjórnandans og samskiptaupplýsingar hans.

5. Framkvæmdastjórnin skal samræma framkvæmd þessarar reglugerðar ásamt skrárstjórnendum í hverju aðildarríki um sig og yfirstjórnandanum. Einkum skal framkvæmdastjórnin hafa samráð við vinnuhóp stjórnenda í nefnd um loftslagsbreytingar að því er varðar atriði og verklagsreglur í tengslum við starfrækslu skráa og framkvæmd þessarar reglugerðar. Vinnuhópur stjórnendanna skal vera einhuga um sameiginlegar verklagsreglur varðandi framkvæmd þessarar reglugerðar, þ.m.t. verklagsreglur um breytinga- og atvikastjórnun fyrir Sambandsskrána. Nefndin um loftslagsbreytingar skal setja vinnuhópi skrárstjórnenda starfsreglur.

6. Yfirstjórnandinn, lögbær yfirvöld og landsstjórnendur skulu einungis framkvæma ferli ef það er nauðsynlegt til að viðkomandi geti sinnt verkefnum sínum.

III. KAFLI

**EININGAR**

*7. gr.*

**Einingar**

1. Sambandsskráin skal vera fær um að geyma losunarheimildir skv. II. kafla og losunarheimildir.skv. III. kafla.

2. Hver Kýótóbókunarskrá og Sambandsskráin skulu geta geymt einingar úthlutaðs magns (AAU), losunarskerðingareiningar (ERU), einingar vottaðrar losunarskerðingar (CER), bindingareiningar (RMU), langtímaeiningar vottaðrar losunarskerðingar (lCER) og bráðabirgðaeiningar vottaðrar losunarskerðingar (tCER) (hér á eftir nefndar í heild „Kýótóeiningar“).

IV. KAFLI

**REIKNINGAR**

*1. ÞÁTTUR*

***Ákvæði sem eiga við um alla reikninga***

*8.gr.*

**Reikningar**

1. Í Sambandsskránni skal vera að finna þá reikninga sem taldir eru upp undir fyrirsögninni „II. Rekstrarreikningar í Sambandsskránni“ og „III. Notendareikningar í Sambandsskránni“ í I. viðauka.

2. Í Sambandsskránni og öllum öðrum Kýótóbókunarskrám skal vera að finna þá reikninga sem taldir eru upp undir fyrirsögninni „I. Reikningar aðila að Kýótóbókuninni í Kýótóbókunarskrám“ í I. viðauka.

3. Þær gerðir eininga sem hver gerð reikninga má geyma eru settar fram í I. viðauka og þær gerðir viðskipta, sem unnt er að hefja eða taka við á hverri gerð reikninga, eru settar fram í II. viðauka.

*9. gr.*

**Staða reikninga**

1. Staða reikninga skal vera ein af eftirfarandi: opinn, óvirkur, frystur, lokaður.

2. Ekki má hefja neitt ferli í tengslum við frysta reikninga, nema að því er varðar innskil eininga, skráningu sannprófaðrar losunar og uppfærslu upplýsinga um reikninginn.

3. Ekki má hefja neitt ferli í tengslum við reikninga sem hefur verið lokað. Ekki má opna að nýju reikning sem hefur verið lokað og þangað má ekki færa neinar einingar.

*10. gr.*

**Stjórnun reikninga**

1. Yfir hverjum reikningi skal vera stjórnandi sem ber ábyrgð á stjórnun reikningsins fyrir hönd aðildarríkis eða fyrir hönd Sambandsins.

2. Stjórnandi reiknings er tilgreindur fyrir hverja gerð reiknings í þriðja dálki í töflu I-I í I. viðauka.

3. Stjórnandi reiknings ber ábyrgð á því að opna reikning, stöðva aðgang tímabundið eða loka reikningi, samþykkja viðurkennda fulltrúa, leyfa breytingar á upplýsingum um reikning sem þarfnast samþykkis stjórnandans og hefja viðskipti ef reikningshafi óskar þess, í samræmi við 4. mgr. 19. gr.

4. Notendareikningar falla undir lög og lögsögu aðildarríkis stjórnanda þeirra og einingarnar, sem þar eru geymdar, teljast vera á yfirráðasvæði þess aðildarríkis.

*11. gr.*

**Tilkynningar frá stjórnendum**

Yfirstjórnandi skal tilkynna handhafanum og stjórnanda reiknings í Sambandsskránni um upphaf og lok eða slit á hverju því ferli sem tengist reikningnum með sjálfvirku fyrirkomulagi sem lýst er í upplýsingaskipta- og tækniforskriftunum sem kveðið er á um í 71. gr.

## 2. ÞÁTTUR

***Stofnun og uppfærsla reikninga***

*12. gr.*

**Stofnun reikninga aðila að Kýótóbókuninni og rekstrarreikninga**

1. Framkvæmdastjórnin skal gefa yfirstjórnandanum fyrirmæli um að stofna Kýótóbókunarreikninga Sambandsins og alla rekstrarreikninga í Sambandsskránni nema vörslureikninga fyrir losunarheimildir hvers lands um sig.

2. Þar til bær aðili í aðildarríkinu skal gefa landsstjórnandanum fyrirmæli um að stofna vörslureikning fyrir losunarheimildir viðkomandi lands í Sambandsskránni.

3. Fyrirmælin, sem um getur í 1. og 2. mgr., skulu fela í sér upplýsingarnar sem settar eru fram í III. viðauka.

4. Innan 20 virkra daga frá því að fyrirmælin eru gefin skal skrárstjórnandinn eða yfirstjórnandinn stofna reikning aðila að Kýótóbókuninni eða rekstrarreikninginn.

*13. gr.*

**Stofnun einkavörslureikninga í Sambandsskránni**

1. Ósk um stofnun einkavörslureiknings í Sambandsskránni skal berast landsstjórnanda aðildarríkis. Aðilinn, sem óskar eftir stofnun reikningsins, skal veita þær upplýsingar sem landsstjórnandinn fer fram á og skal þar vera að finna a.m.k. þær upplýsingar sem settar eru fram í IV. viðauka.

2. Aðildarríki landsstjórnandans getur farið fram á að aðilar innan ESB, sem óska eftir að reikningur verði stofnaður, hafi fasta búsetu eða séu skráðir í aðildarríki landsstjórnandans sem stjórnar reikningnum.

3. Innan 20 virkra daga frá viðtöku allra upplýsinganna, sem krafist er í samræmi við 1. og 2. mgr. og eftir að sá fjöldi viðurkenndra fulltrúa, sem krafist er, hefur verið samþykktur í samræmi við 20. gr., skal landsstjórnandinn stofna einkavörslureikning í Sambandsskránni eða upplýsa aðilann, sem óskar eftir að stofna reikninginn, um að hann synji honum um stofnun reikningsins.

4. Ef landsstjórnandi hefur synjað um stofnun reiknings getur aðilinn sem óskaði eftir stofnun hans andmælt synjuninni við lögbært yfirvald eða viðeigandi yfirvald samkvæmt landslögum og skal yfirvaldið þá annaðhvort gefa landsstjórnandanum fyrirmæli um að stofna reikninginn eða staðfesta synjunina með rökstuddri ákvörðun. Ástæður fyrir synjun um stofnun reiknings kunna að vera þær að aðilinn, sem óskaði eftir stofnun hans, sætir rannsókn vegna aðildar að svikum, þar sem losunarheimildir eða Kýótóeiningar koma við sögu, peningaþvætti, fjármögnun hryðjuverka eða öðrum alvarlegum afbrotum, þar sem unnt er að nota reikninginn, eða aðrar ástæður sem settar eru fram í landslögum.

*14. gr.*

**Stofnun vörslureikninga fyrir viðskiptavettvang í Sambandsskránni**

1. Viðskiptavettvangur getur lagt fram beiðni um stofnun vörslureiknings fyrir viðskiptavettvang í Sambandsskránni. Þessi beiðni skal lögð fyrir landsstjórnanda aðildarríkis sem heimilar að stofnaðir séu vörslureikningar fyrir viðskiptavettvang. Aðilinn, sem óskar eftir stofnun reikningsins, skal veita þær upplýsingar sem landsstjórnandinn fer fram á, m.a. upplýsingarnar sem settar eru fram í IV. og V. viðauka.

2. Viðskiptavettvangur verður að uppfylla tæknilegu kröfurnar sem lýst er í upplýsingaskipta- og tækniforskriftunum sem kveðið er á um í 71.gr. Aðildarríki landsstjórnandans getur farið fram á að aðilar innan ESB, sem óska eftir að reikningur verði stofnaður, hafi fasta búsetu eða séu skráðir í aðildarríki landsstjórnandans sem stjórnar reikningnum.

3. Innan 20 virkra daga frá viðtöku allra upplýsinganna, sem krafist er í samræmi við 1. og 2. mgr. og eftir að sá fjöldi viðurkenndra fulltrúa, sem krafist er, hefur verið samþykktur í samræmi við 20. gr., skal landsstjórnandinn stofna vörslureikning fyrir viðskiptavettvang í Sambandsskránni eða upplýsa aðilann, sem óskar eftir að stofna reikninginn, um að honum sé synjað um stofnun reikningsins.

4. Ef landsstjórnandi hefur synjað um stofnun reiknings getur aðilinn, sem óskaði eftir að stofna hann, andmælt synjuninni við lögbært yfirvald eða viðeigandi yfirvald samkvæmt landslögum og skal yfirvaldið þá annaðhvort gefa landsstjórnandanum fyrirmæli um að stofna reikninginn eða staðfesta synjunina með rökstuddri ákvörðun. Ástæður fyrir synjun um stofnun reiknings kunna að vera þær að aðilinn, sem óskaði eftir stofnun hans, sætir rannsókn vegna aðildar að svikum, þar sem losunarheimildir eða Kýótóeiningar koma við sögu, peningaþvætti, fjármögnun hryðjuverka eða öðrum alvarlegum afbrotum, þar sem unnt er að nota reikninginn, eða aðrar ástæður sem settar eru fram í landslögum.

*15. gr.*

**Stofnun vörslureikninga rekstraraðila í Sambandsskránni**

1. Innan 20 virkra daga frá gildistöku leyfis til losunar gróðurhúsalofttegunda vegna starfsemi nýrrar stöðvar skal lögbæra yfirvaldið, sem gefur út leyfið, veita landsstjórnanda viðkomandi aðildarríkis upplýsingarnar sem settar eru fram í VII. viðauka og rekstraraðilinn skal óska eftir því við landsstjórnandann að hann stofni vörslureikning rekstraraðila í Sambandsskránni.

2. Ef lögbæra yfirvaldið ákveður svo getur rekstraraðilinn einnig veitt landsstjórnandanum upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. fyrir lok frestsins sem settur er fram í 1. mgr.

3. Innan 20 virkra daga frá viðtöku allra upplýsinganna, sem um getur í 1. mgr. og eftir að sá fjöldi viðurkenndra fulltrúa, sem krafist er, hefur verið samþykktur í samræmi við 20. gr., skal landsstjórnandinn stofna sérstakan vörslureikning fyrir rekstraraðila vegna hverrar stöðvar um sig í Sambandsskránni.

*16. gr.*

**Stofnun vörslureikninga fyrir umráðendur loftfara í Sambandsskránni**

1. Innan 20 virkra daga frá því að vöktunaráætlun umráðanda loftfars er samþykkt, eða eigi síðar en 1. janúar 2012, ef þann dag ber síðar upp, skal lögbært yfirvald veita landsstjórnanda sínum upplýsingarnar sem settar eru fram í VIII. viðauka og umráðandi loftfars skal óska eftir því við landsstjórnandann að hann stofni vörslureikning fyrir umráðanda loftfara í Sambandsskránni. Hver umráðandi loftfars skal vera með einn vörslureikning fyrir umráðanda loftfara.

2. Ef lögbæra yfirvaldið ákveður svo getur umráðandinn einnig veitt landsstjórnandanum upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. fyrir lok frestsins sem fram kemur í 1. mgr.

3. Innan 40 virkra daga frá viðtöku allra upplýsinganna, sem um getur í 1. mgr. og eftir að sá fjöldi viðurkenndra fulltrúa, sem krafist er, hefur verið samþykktur í samræmi við 20. gr., skal landsstjórnandinn stofna sérstakan vörslureikning fyrir umráðanda loftfara vegna hvers umráðanda loftfars um sig í Sambandsskránni.

*17. gr.*

**Stofnun sannprófandareikninga í Sambandsskránni**

1. Beiðni um stofnun sannprófandareiknings í Sambandsskránni skal lögð fyrir landsstjórnandann. Aðilinn, sem óskar eftir stofnun reikningsins, skal veita þær upplýsingar sem landsstjórnandinn fer fram á, m.a. upplýsingarnar sem settar eru fram í IV. og V. viðauka.

2. Innan 20 virkra daga frá viðtöku allra upplýsinganna, sem um getur í 1. mgr. og eftir að sá fjöldi viðurkenndra fulltrúa, sem krafist er, hefur verið samþykktur í samræmi við 20. gr., skal landsstjórnandinn stofna sannprófandareikninginn í Sambandsskránni.

*18. gr.*

**Skilmálar og skilyrði fyrir handhöfn reikninga**

Í þessari grein eru engin ákvæði.

*19. gr.*

**Viðurkenndir fulltrúar**

1. Fyrir hvern reikning skulu vera a.m.k. tveir viðurkenndir fulltrúar. Viðurkenndi fulltrúinn skal hefja viðskipti og önnur ferli fyrir hönd reikningshafans gegnum vefsetur skrárinnar.

2. Stjórnandi reikningsins getur heimilað að reikningur hafi fleiri viðurkennda fulltrúa sem megi skoða reikninginn eða að leita þurfi samþykkis þeirra til viðbótar samþykki viðurkennds fulltrúa fyrir því að beiðni sé lögð fram um að tiltekið ferli verði framkvæmt.

3. Stjórnandi reikningsins getur heimilað handhöfum notendareikninga að koma því þannig fyrir að aðgangur að reikningum þeirra verði um viðskiptavettvang. Reikningshafar, sem heimila aðgang að reikningum sínum um viðskiptavettvang, skulu tilnefna sem viðurkenndan fulltrúa aðila sem er þegar viðurkenndur fulltrúi vörslureiknings á viðskiptavettvangi.

4. Ef viðurkenndi fulltrúinn hefur ekki aðgang að Netinu getur hann einnig óskað eftir því við stjórnanda reikningsins að hann hefji viðskipti fyrir sína hönd, að því tilskildu að stjórnandinn heimili slíkar óskir og að aðgangi hafi ekki verið lokað í samræmi við 27. gr.

5. Upplýsingaskipta- og tækniforskriftir geta ákvarðað hámarksfjölda viðurkenndra fulltrúa og viðurkenndu viðbótarfulltrúanna fyrir hverja gerð reiknings. Landsstjórnandi getur ákvarðað lægra hámark fyrir reikning sinn en lágmarksfjöldi viðurkenndra fulltrúa skal vera þrír.

6. Viðurkenndir fulltrúar og viðurkenndir viðbótarfulltrúar skulu vera einstaklingar sem orðnir eru 18 ára. Enginn viðurkenndu fulltrúanna eða viðurkenndra viðbótarfulltrúa hvers reiknings má vera sami maðurinn en sami maðurinn getur verið viðurkenndur fulltrúi eða viðurkenndur viðbótarfulltrúi fleiri en eins reiknings. Aðildarríki landsstjórnandans getur krafist þess að a.m.k. einn viðurkenndra fulltrúa notendareikninga hafi fasta búsetu í aðildarríki landsstjórnandans sem stjórnar reikningnum.

*20. gr.*

**Tilnefning og samþykki viðurkenndra fulltrúa og viðurkenndra viðbótarfulltrúa**

1. Þegar óskað er eftir stofnun reiknings skal aðilinn, sem óskar eftir því að reikningur verði stofnaður, tilnefna a.m.k. tvo viðurkennda fulltrúa og má sá aðili tilnefna tvo viðurkennda viðbótarfulltrúa ef stjórnandi reikningsins heimilar það.

2. Þegar aðilinn, sem óskar eftir stofnun reikningsins, tilnefnir viðurkenndan fulltrúa eða viðurkenndan viðbótarfulltrúa, skal hann veita þær upplýsingar sem stjórnandinn krefst. Upplýsingarnar skulu a.m.k. taka til skjala og kenniupplýsinga um tilnefnda aðilann sem settar eru fram í IX. viðauka.

3. Innan 20 virkra daga frá viðtöku allra upplýsinganna, sem krafist er í samræmi við 2. mgr., skal landsstjórnandinn samþykkja viðurkenndan fulltrúa eða viðurkenndan viðbótarfulltrúa eða upplýsa aðilann, sem óskar eftir stofnun reikningsins, um að hann samþykki þá ekki. Ef þörf er á lengri tíma til að meta upplýsingar um tilnefnda aðilann getur stjórnandinn framlengt matsferlið í eitt skipti um allt að 20 virka daga til viðbótar og skal hann þá tilkynna aðilanum, sem óskar eftir stofnun reikningsins, um framlenginguna.

4. Hafi landsstjórnandinn neitað að samþykkja viðurkenndan fulltrúa eða viðurkenndan viðbótarfulltrúa getur aðilinn, sem óskar eftir stofnun reikningsins, andmælt synjuninni við lögbært yfirvald eða viðeigandi yfirvald samkvæmt landslögum og skal yfirvaldið þá gefa landsstjóranum fyrirmæli um að samþykkja fulltrúann eða staðfesta synjunina með rökstuddri ákvörðun. Ástæður fyrir synjun samþykkis kunna að vera þær að aðilinn, sem er tilnefndur sem viðurkenndur fulltrúi eða viðurkenndur viðbótarfulltrúi, sætir rannsókn vegna aðildar að svikum, þar sem losunarheimildir eða Kýótóeiningar koma við sögu, peningaþvætti, fjármögnun hryðjuverka eða öðrum alvarlegum afbrotum, þar sem unnt er að nota reikninginn, eða aðrar ástæður sem settar eru fram í landslögum.

5. Viðurkenndur fulltrúi aðaljöfnunarreiknings kerfis fyrir viðskipti með losunarheimildir skal vera viðurkenndur fulltrúi yfirstjórnandans. Viðurkenndur fulltrúi hvers vörslureiknings fyrir losunarheimildir hvers lands um sig skal vera viðurkenndur fulltrúi landsstjórnanda aðildarríkisins sem á vörslureikninginn fyrir losunarheimildir landsins.

*21. gr.*

**Uppfærsla upplýsinga um reikninga og viðurkennda fulltrúa**

1. Allir reikningshafar skulu tilkynna stjórnanda reikningsins innan 10 virkra daga um hvers kyns breytingar á upplýsingunum sem lagðar voru fram vegna stofnunar reikningsins og vegna tilnefningar viðurkennds fulltrúa eða viðurkennds viðbótarfulltrúa. Umráðendur loftfara skulu tilkynna það stjórnanda reiknings síns innan 10 virkra daga ef þeir hafa verið aðilar að samruna tveggja eða fleiri umráðenda loftfara eða skiptingu í tvo eða fleiri umráðendur loftfara. Ef reikningshafi hefur þurft að sanna að tilteknar upplýsingar væru réttar við stofnun reiknings eða tilnefningu viðurkennds fulltrúa eða viðurkennds viðbótarfulltrúa skulu gögnin, sem krafist var til sönnunar, einnig fylgja tilkynningu um breytingar. Innan 15 virkra daga frá viðtöku slíkrar tilkynningar og meðfylgjandi gagna til sönnunar skal stjórnandi reikningsins uppfæra upplýsingarnar um reikningshafann eða synja um uppfærslu og upplýsa reikningahafann um það. Unnt er að koma andmælum við slíkri synjun á framfæri við lögbært yfirvald eða viðeigandi yfirvald samkvæmt landslögum í samræmi við 13. gr. (4. mgr.), 14. gr. (4. mgr.) eða 20. gr. (4. mgr.).

2. Handhafi einkavörslureiknings, vörslureiknings fyrir viðskiptavettvang, sannprófandareiknings eða vörslureiknings fyrir umráðendur loftfara má hvorki selja né afhenda öðrum aðila eignarhald sitt. Reikningshafi vörslureiknings rekstraraðila má eingöngu selja eða afhenda rekstraraðila eignarhald á vörslureikningi sínum með stöðinni sem vörslureikningurinn tengist.

3. Viðurkenndur fulltrúi eða viðurkenndur viðbótarfulltrúi má ekki færa þá stöðu sína yfir á annan aðila.

4. Allir reikningshafar geta tilkynnt um afturköllun á tilnefningu viðurkenndra fulltrúa, að því tilskildu að eftir verði a.m.k. tveir viðurkenndir fulltrúar. Innan 10 virkra daga frá viðtöku slíkrar tilkynningar skal stjórnandinn sem ber ábyrgðina víkja viðurkennda fulltrúanum frá.

5. Reikningshafi getur tilnefnt nýja, viðurkennda fulltrúa eða viðurkennda viðbótarfulltrúa í samræmi við verklagsregluna sem fram kemur í 20. gr.

6. Ef skipt er um aðildarríki sem stjórnar umráðanda loftfars í samráði við verklagsregluna sem fram er sett í 18. gr. a í tilskipun 2003/87/EB eða ef skipti verða í kjölfar stækkunar Evrópusambandsins skal yfirstjórnandinn uppfæra landsstjórnanda viðkomandi vörslureiknings fyrir umráðanda loftfara. Ef skipt er um stjórnanda vörslureiknings umráðanda loftfara getur nýi stjórnandinn krafist þess að umráðandinn leggi fram upplýsingarnar í tengslum við stofnun reiknings, sem nýi stjórnandinn krefst í samræmi við 16. gr., og upplýsingarnar um viðurkennda fulltrúa sem nýi stjórnandinn krefst í samræmi við 20. gr.

7. Að frátalinni undantekningunni, sem kveðið er á um í 6. gr., skal ekki skipta um aðildarríki sem ber ábyrgð á stjórnun reiknings.

3. ÞÁTTUR

***Lokun reikninga***

*22. gr.*

**Lokun reikninga aðila að Kýótóbókuninni, rekstrarreikninga, einkavörslureikninga og vörslureikninga fyrir viðskiptavettvang**

Innan 10 virkra daga frá viðtöku beiðni frá reikningshafanum um að loka tilteknum reikningi aðila að Kýótóbókuninni í Sambandsskránni, rekstrarreikningi, einkavörslureikningi eða vörslureikningi fyrir viðskiptavettvang, sem stjórnandinn stjórnar, skal hann loka reikningnum.

*23. gr.*

**Lokun vörslureikninga fyrir rekstraraðila**

1. Lögbært yfirvald skal tilkynna landsstjórnandanum innan 10 virkra daga um afturköllun eða innskil leyfis fyrir losun gróðurhúsalofttegunda fyrir stöð sem hefur, eðli málsins samkvæmt, ekki lengur slíkt leyfi. Lögbært yfirvald skal einnig tilkynna það landsstjórnandanum innan 10 virkra daga ef það kemst að því að stöð hefur verið lokað án þess að lokunin hafi verið tilkynnt lögbæru yfirvaldi. Innan 10 virkra daga frá því að landsstjórnandanum berst tilkynning frá lögbæru yfirvaldi skal hann færa í Sambandsskrána dagsetninguna þegar leyfið fyrir losun gróðurhúsalofttegunda rennur út. Ef stöð er lokað án þess að leyfið sé runnið út skal lokunardagurinn, sem lögbært yfirvald tilkynnir um, skráður sem dagurinn sem leyfið rennur út.

2. Landsstjórnandinn getur lokað vörslureikningum fyrir rekstraraðila eigi síðar en 30. júní árið eftir það ár sem leyfið rann út ef viðkomandi stöð hefur skilað inn fjölda losunarheimilda og Kýótóeininga sem svarar a.m.k. til sannprófaðrar losunar hennar.

*24. gr.*

**Lokun vörslureikninga fyrir umráðendur loftfara**

Landsstjórnandinn skal einungis loka vörslureikningum fyrir umráðendur loftfara ef hann hefur fengið um það fyrirmæli frá lögbæru yfirvaldi í kjölfar þess að lögbæra yfirvaldið fékk vitneskju um að tiltekinn umráðandi hafi sameinast öðrum umráðanda eða að tiltekinn umráðandi hafi hætt til frambúðar allri starfsemi sem fellur undir I. viðauka tilskipunar 2003/87/EB, annaðhvort með tilkynningu frá reikningshafanum eða með hjálp annarra gagna.

*25. gr.*

**Lokun sannprófandareikninga**

1. Innan 10 virkra daga frá viðtöku beiðni frá sannprófanda um lokun reiknings hans skal landsstjórnandinn loka reikningnum.

2. Lögbært yfirvald getur einnig gefið landsstjórnandanum fyrirmæli um að loka sannprófandareikningi ef annað eftirfarandi skilyrða er uppfyllt:

a) faggilding sannprófandans er runnin út eða hefur verið afturkölluð,

b) sannprófandinn hefur hætt starfsemi sinni.

*26. gr.*

**Jákvæð staða á reikningum sem á að loka**

1. Ef staða losunarheimilda eða Kýótóeininga er jákvæð á reikningi sem stjórnandi á að loka í samræmi við 22.–25. gr. og 28. gr. skal stjórnandinn fyrst fara fram á það við reikningshafann að hann tilgreini annan reikning sem sami stjórnandi fer með og þessar losunarheimildir eða Kýótóeiningar skulu síðan færðar yfir á hann. Ef reikningshafinn hefur ekki brugðist við beiðni stjórnandans innan 40 virkra daga getur stjórnandinn fært losunarheimildirnar yfir á vörslureikning fyrir losunarheimildir viðkomandi lands í Sambandsskránni og Kýótóeiningarnar yfir á vörslureikning fyrir aðila að Kýótóbókuninni í Kýótóbókunarskrá sinni.

2. Ef jákvæð staða losunarheimilda eða Kýótóeininga er á reikningi, sem aðgangi var lokað tímabundið fyrir í samræmi við 3. mgr. 27. gr., getur lögbæra yfirvaldið krafist þess í fyrirmælum sínum, í samræmi við 1. mgr. 28. gr., að losunarheimildirnar séu tafarlaust færðar yfir á viðkomandi vörslureikning fyrir losunarheimildir landsins og að Kýótóeiningarnar séu tafarlaust færðar yfir á viðkomandi vörslureikning fyrir aðila að Kýótóbókuninni.

4. ÞÁTTUR

***Tímabundin lokun aðgangs að reikningum***

*27. gr.*

**Tímabundin lokun aðgangs að reikningum**

1. Stjórnandi getur lokað aðgangi viðurkennds fulltrúa eða viðurkennds viðbótarfulltrúa tímabundið að öllum reikningnum í skrá sinni eða að ferlum sem viðurkenndi fulltrúinn hefði að öðru jöfnu haft aðgang að, viti stjórnandinn til þess eða hafi gilda ástæðu til að ætla að viðurkenndi fulltrúinn hafi:

a) reynt að fá aðgang að reikningum eða ferlum sem hann hefur ekki leyfi til að skoða,

b) hvað eftir annað reynt að fá aðgang að reikningi eða ferli með því að nota rangt notandanafn og lykilorð,

c) reynt eða sé að reyna að grafa undan öryggi skrárinnar eða skráningarkerfisins.

2. Stjórnandi getur lokað fyrir aðgang allra viðurkenndra fulltrúa eða viðurkenndra viðbótarfulltrúa að tilteknum reikningi ef eitt eftirfarandi skilyrða hefur verið uppfyllt:

a) reikningshafinn er látinn og löglegur arftaki ekki fyrir hendi eða reikningshafinn er ekki lengur lögaðili,

b) reikningshafinn hefur ekki greitt gjöld sín,

c) reikningshafinn hefur brotið gegn skilmálunum og skilyrðunum sem gilda um reikninginn,

d) reikningshafinn hefur ekki samþykkt breytingarnar á skilmálunum og skilyrðunum sem landsstjórnandinn og yfirstjórnandinn hafa ákveðið,

e) reikningshafinn hefur ekki lagt fram gögn til sönnunar varðandi breytingar á upplýsingum um reikning eða varðandi kröfur um upplýsingar varðandi nýjan reikning,

f) reikningshafinn hefur ekki viðhaldið þeim lágmarksfjölda viðurkenndra fulltrúa sem krafist er fyrir reikninginn,

g) reikningshafinn hefur ekki gætt reglufylgni varðandi þá kröfu aðildarríkisins að hafa viðurkenndan fulltrúa með fasta búsetu í aðildarríki stjórnanda reikningsins,

h) reikningshafinn hefur ekki gætt reglufylgni varðandi þá kröfu aðildarríkisins að hann hafi fasta búsetu eða sé skráður í aðildarríki stjórnanda reikningsins.

3. Landsstjórnandinn getur lokað aðgangi að einkavörslureikningi eða vörslureikningi fyrir viðskiptavettvang ef hann telur að synja hefði átt beiðni um stofnun reikningsins í samræmi við 3. mgr. 13. gr. eða 3. mgr. 14. gr.

4. Stjórnandi reikningsins skal aflétta lokuninni að aðganginum um leið og málið sem olli henni hefur verið leyst.

5. Reikningshafinn getur andmælt lokun aðgangs síns innan 30 almanaksdaga við lögbært yfirvald eða viðeigandi yfirvald samkvæmt landslögum, í samræmi við 1. og 3. mgr., og skal yfirvaldið þá annaðhvort gefa landsstjórnandanum fyrirmæli um að opna fyrir aðganginn að nýju eða staðfesta lokunina með rökstuddri ákvörðun.

6. Lögbært yfirvald, eða yfirstjórnandinn ef um er að ræða reikninga í Sambandsskránni, getur einnig gefið stjórnandanum fyrirmæli um að beita tímabundinni lokun.

7. Þegar aðgangur að vörslureikningi fyrir viðskiptavettvang er stöðvaður tímabundið skal stjórnandinn einnig stöðva tímabundið aðgang viðskiptavettvangsins að notandareikningum í samræmi við 3. mgr. 19. gr. Þegar aðgangi viðurkenndra fulltrúa og viðurkenndra viðbótarfulltrúa að vörslureikningi fyrir viðskiptavettvang er lokað tímabundið skal stjórnandinn einnig loka tímabundið aðgangi þeirra á vegum viðskiptavettvangsins að notandareikningum í samræmi við 3. mgr. 19. gr.

8. Ef handhafi vörslureiknings fyrir rekstraraðila eða vörslureiknings fyrir umráðanda loftfara getur ekki sinnt innskilum á þeim tíu virku dögum fyrir lokadag innskila, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. a í 12. gr. og 3. mgr. 12. gr. tilskipunar 2003/87/EB vegna tímabundinnar lokunar í samræmi við 1. og 2. mgr., skal landsstjórnandinn, ef reikningshafinn fer fram á það og eftir að lagt hefur verið fram auðkenni viðurkennda fulltrúans ásamt gögnum því til sönnunar, skila inn þeim fjölda losunarheimilda, losunarskerðingareininga og eininga vottaðrar losunarskerðingar sem reikningshafinn tilgreinir.

*28. gr.*

**Lokun reikninga og brottvikning viðurkennds fulltrúa að frumkvæði stjórnandans**

1. Ef ástandið, sem veldur tímabundinni lokun aðgangs að reikningum skv. 27. gr., hefur ekki verið bætt innan hæfilegra tímamarka þrátt fyrir ítrekaðar tilkynningar getur lögbært yfirvald gefið landsstjórnandanum fyrirmæli um að loka þeim einkavörslureikningum eða vörslureikningum fyrir viðskiptavettvang sem aðgangi hefur verið lokað fyrir tímabundið.

2. Ef staðan á einkavörslureikningi er núll og engin viðskipti hafa verið skráð í eitt ár getur landsstjórnandinn tilkynnt reikningshafanum um að einkavörslureikningnum verði lokað innan 40 virkra daga nema landsstjórnandanum berist, fyrir lok þess tímabils, beiðni frá reikningshafanum þess efnis að einkavörslureikningnum verði haldið opnum. Ef landsstjórnandanum berst engin slík beiðni frá reikningshafanum getur hann lokað reikningnum.

3. Landsstjórnandinn skal loka vörslureikningi rekstraraðila ef lögbært yfirvald hefur gefið landsstjórnandanum fyrirmæli um að loka honum vegna þess að ekki sé útlit fyrir að rekstraraðili stöðvarinnar skili inn fleiri losunarheimildum.

4. Landsstjórnandinn getur vikið viðurkenndum fulltrúa eða viðurkenndum viðbótarfulltrúa frá ef hann telur að synja hefði átt beiðni um að samþykkja viðurkennda fulltrúann eða viðurkenndan viðbótarfulltrúa skv. 3. mgr. 20. gr., einkum ef hann uppgötvar að skjölin og auðkennisupplýsingarnar, sem lögð voru fram við tilnefninguna, voru fölsuð eða röng.

5. Reikningshafinn getur andmælt lokun reiknings síns í samræmi við 1. mgr. eða brottvikningu viðurkennds fulltrúa hans eða viðurkennds viðbótarfulltrúa í samræmi við 4. mgr. við lögbært yfirvald innan 30 virkra daga og skal yfirvaldið þá annaðhvort gefa landsstjórnandanum fyrirmæli um að opna reikninginn að nýju eða endurskipa viðurkennda fulltrúann eða viðurkennda viðbótarfulltrúann eða staðfesta lokunina eða brottvikninguna með rökstuddri ákvörðun.

## V. KAFLI

## SANNPRÓFUÐ LOSUN OG REGLUFYLGNI

*29. gr.*

### Gögn um sannprófaða losun fyrir stöð eða umráðanda loftfars

1. Hver rekstraraðili og umráðandi loftfars skal velja sannprófanda úr hópi sannprófendanna sem skráðir eru hjá landsstjórnandanum, sem stjórnar reikningi hans, áður en hann leggur fram árleg gögn um losun fyrir Sambandsskrána. Ef rekstraraðili eða umráðandi loftfars er einnig sannprófandi má hann ekki velja sjálfan sig sem sannprófanda.

2. Landsstjórnandinn skal færa inn losunargögn fyrir tiltekið ár á tímabilinu 1. janúar til 31. mars árið eftir. Einnig má færa inn losunargögn fyrir stöð fyrir tiltekið ár á viðkomandi ári ef leyfi stöðvarinnar til losunar gróðurhúsalofttegunda hefur þegar runnið út. Lögbært yfirvald getur ákveðið að í stað landsstjórans skuli reikningshafinn eða sannprófandinn (þ.m.t. lögbær yfirvöld sem gegna hlutverki sannprófenda) bera ábyrgð á innfærslu losunargagnanna innan tímamarkanna sem sett eru fram hér á undan.

3. Árleg losunargögn skulu lögð fram á því sniði sem sett er fram í X. viðauka.

4. Sannprófandinn skal samþykkja árlega, sannprófaða losun eftir að hafa sannprófað á fullnægjandi hátt, í samræmi við 1. mgr. 15. gr. tilskipunar 2003/87/EB, skýrslu rekstraraðila um losun frá tiltekinni stöð á næstliðnu ári eða skýrslu umráðanda loftfars um losun frá allri flugstarfsemi á hans vegum á næstliðnu ári.

5. Landsstjórnandinn skal merkja losunina, sem samþykkt hefur verið í samræmi við 4. mgr., í Sambandsskránni þannig að hún sé sannprófuð. Lögbært yfirvald getur ákveðið að í stað landsstjórnandans beri sannprófandinn ábyrgð á að merkja losun þannig að hún sé sannprófuð í Sambandsskránni.

6. Lögbært yfirvald getur gefið landsstjórnandanum fyrirmæli um að leiðrétta árlega, sannprófaða losun fyrir stöð eða umráðanda loftfars til að tryggja að uppfylltar séu þær ítarlegu kröfur sem aðildarríkin hafa sett skv. V. viðauka við tilskipun 2003/87/EB með því að færa leiðrétta, sannprófaða eða áætlaða losun fyrir stöðina eða umráðanda loftfars á því ári inn í Sambandsskrána.

7. Ef engin tala fyrir sannprófaða losun hefur verið færð í Sambandsskrána þann 1. maí ár hvert fyrir stöð eða umráðanda loftfars fyrir næstliðið ár eða ef staðfest hefur verið að talan um sannprófaða losun er röng skal í staðinn tilgreina áætlaða tölu um losun sem er reiknuð svo nákvæmlega sem framast er unnt í samræmi við þær ítarlegu kröfur sem aðildarríkið hefur sett skv. V. viðauka við tilskipun 2003/87/EB.

*30. gr.*

### Frysting reikninga vegna þess að gögn um sannprófaða losun hafa ekki verið lögð fram

1. Ef sannprófuð losun fyrir stöð eða umráðanda loftfars fyrir næstliðið ár hefur ekki verið færð í Sambandsskrána þann 1. apríl ár hvert skal Sambandsskráin frysta viðkomandi vörslureikning rekstraraðila eða vörslureikning umráðanda loftfara.

2. Þegar öll sannprófuð losun, sem er færð of seint, frá stöð eða vegna umráðanda loftfars hefur verið færð í Sambandsskrána skal Sambandsskráin opna aðganginn að reikningnum.

*31. gr.*

### Útreikningur talna um stöðu reglufylgni

1. Hinn 1. maí ár hvert skal Sambandsskráin ákvarða tölu um stöðu reglufylgni fyrir næstliðið ár fyrir hverja stöð og hvern umráðanda loftfars, hvort sem aðgangur að vörslureikningi rekstraraðila eða vörslureikningi umráðanda loftfars er opinn eða reikningurinn hefur verið frystur, með því að reikna summu allra losunarheimilda, eininga vottaðrar losunarskerðingareininga og losunarskerðingareininga, sem skilað er inn fyrir yfirstandandi tímabil, að frádreginni summu allrar sannprófaðrar losunar á yfirstandandi tímabili til og með yfirstandandi ári, ásamt leiðréttingarstuðli.

2. Leiðréttingarstuðullinn, sem um getur í 1. mgr., skal vera núll ef tala um stöðu reglufylgni fyrir síðasta ár næstliðins tímabils var hærri en núll en skal vera hinn sami og tala um stöðu reglufylgni fyrir síðasta ár næstliðins tímabils ef sú tala er núll eða lægri.

3. Sambandsskráin skal færa inn tölu um stöðu reglufylgni fyrir hverja stöð og hvern umráðanda loftfars fyrir hvert ár.

*32. gr.*

**Óvirkir vörslureikningar fyrir umráðendur loftfara**

1. Ef sannprófað losunargildi er 0 og fært þannig í Sambandsskrána eigi síðar en lokadaginn, sem settur er fram í 2. mgr. a í 12. gr. tilskipunar 2003/87/EB og gildir um innskil losunarheimilda, fyrir umráðanda loftfars fyrir næstliðið ár í samræmi við 29. gr. skal Sambandsskráin gera stöðu viðkomandi vörslureiknings fyrir umráðanda loftfara óvirka.

2. Sambandsskráin skal gera stöðu reikningsins virka ef sannprófað losunargildi fyrir árið á undan yfirstandandi ári er ekki 0.

VI. KAFLI

**VIÐSKIPTI**

*1. ÞÁTTUR*

***Úthlutun og útgáfa losunarheimilda***

*33. gr.*

**Töflur yfir landsúthlutunaráætlun**

1. Í viðskiptadagbók ESB skal vera ein tafla yfir úthlutunaráætlun hvers aðildarríkis fyrir tímabilið 2008–2012. Í töflum yfir landsúthlutunaráætlun skal vera að finna eftirfarandi upplýsingar:

a) heildarfjöldi losunarheimilda, sem gefa skal út til stöðva: í einum reit skal gefa upp heildarfjölda losunarheimilda sem gefinn verður út til stöðva fyrir tímabilið sem landsúthlutunaráætlunin gildir fyrir,

b) heildarfjöldi losunarheimilda, sem ekki er úthlutað til stöðva sem eru þátttakendur (varasjóður): í einum reit skal gefa upp heildarfjölda losunarheimilda (útgefinna eða keyptra) sem lagðar eru til hliðar fyrir nýjar þátttökustöðvar og uppboð á tímabilinu sem landsúthlutunaráætlunin gildir fyrir,

c) ár: í einstökum reitum fyrir hvert ár sem landsúthlutunaráætlunin gildir fyrir, í hækkandi röð,

d) auðkenniskóði stöðvar fyrir hverja stöð sem hefur gilt leyfi á tilteknum tíma: í einstökum reitum í hækkandi röð. Stöðvarnar, sem eru tilgreindar, skulu falla einhliða undir 24. gr. tilskipunar 2003/87/EB en þar skal ekki vera að finna neinar stöðvar sem eru útilokaðar tímabundið skv. 27. gr. tilskipunar 2003/87/EB,

e) úthlutaðar losunarheimildir: losunarheimildir, sem verður úthlutað fyrir tiltekið ár fyrir tiltekna stöð, skulu færðar í reitinn sem tengir árið við auðkenniskóða stöðvarinnar.

2. Töflurnar yfir landsúthlutunaráætlanirnar skulu fylgja sniðinu sem sett er fram í XI. viðauka.

*34. gr.*

**Tafla Sambandsins um úthlutun vegna flugs**

1. Í viðskiptadagbók ESB skal vera ein tafla Sambandsins um úthlutun vegna flugs fyrir árið 2012. Í töflunni skulu koma fram eftirfarandi upplýsingar:

a) heildarfjöldi losunarheimilda skv. II. kafla sem úthluta skal í Sambandinu 2012,

b) fjöldi losunarheimilda skv. II. kafla sem þegar hefur verið úthlutað endurgjaldslaust til hvers reikningshafa sem tilgreindur er í töflunni,

c) fjöldi losunarheimilda skv. II. kafla sem aðildarríkin hafa enn ekki úthlutað, tilgreindur sérstaklega fyrir hvert aðildarríki,

d) auðkenni viðtakenda úthlutaðra heimilda (ef losunarheimildum hefur verið úthlutað á uppboði skal uppboðshaldarinn vera viðtakandi).

2. Tafla Sambandsins yfir úthlutun vegna flugs skal fylgja sniðinu sem sett er fram í XII. viðauka.

*35. gr.*

**Færsla taflna yfir landsúthlutunaráætlanir í viðskiptadagbók ESB**

1. Að minnsta kosti 12 mánuðum áður en tímabilið 2008–2012 hefst skal hvert aðildarríki leggja fyrir framkvæmdastjórnina töflu yfir landsúthlutunaráætlun sína í samræmi við ákvörðunina sem tekin var skv. 2. mgr. 11. gr. tilskipunar 2003/87/EB.

2. Ef taflan fyrir landsúthlutunaráætlun byggist á landsúthlutunaráætluninni, sem framkvæmdastjórninni hefur verið tilkynnt um og hún hefur ekki hafnað skv. 3. mgr. 9. gr. tilskipunar 2003/87/EB eða sem hún hefur samþykkt breytingar á, skal framkvæmdastjórnin gefa yfirstjórnandanum fyrirmæli um að færa töfluna yfir landsúthlutunaráætlunina í viðskiptadagbók ESB.

*36. gr.*

**Færsla úthlutunarákvarðana í töflu Sambandsins yfir úthlutun vegna flugs**

Ef ákvarðanir um úthlutun losunarheimilda, sem aðildarríkin taka skv. 4. mgr. 3. gr. e í tilskipun 2003/87/EB að því er varðar árið 2012, eru í samræmi við tilskipun 2003/87/EB skal framkvæmdastjórnin gefa yfirstjórnanda fyrirmæli um að færa úthlutunarákvarðanirnar í töflu Sambandsins yfir úthlutun vegna flugs í viðskiptadagbók ESB.

*37. gr.*

**Leiðréttingar á töflum yfir landsúthlutunaráætlun**

1. Fyrir tímabilið 2008–2012 skal landsstjórnandinn leiðrétta töfluna yfir landsúthlutunaráætlun í viðskiptadagbók ESB án þess að tilkynna það framkvæmdastjórninni fyrir fram ef:

a) nýr aðili hefur fengið úthlutun,

b) aðildarríkið hefur endurnýjað varasjóðinn með því að kaupa losunarheimildir,

c) leyfi stöðvar er runnið út og úthlutaðar losunarheimildir, sem ekki hafa verið lagðar inn á reikning hennar, eru fluttar í varasjóð,

d) stöð hefur verið skipt upp í tvær eða fleiri stöðvar,

e) tvær eða fleiri stöðvar hafa runnið saman í eina stöð.

Þessar leiðréttingar breyta ekki heildarfjölda útgefinna losunarheimilda sem kemur fram í töflunni yfir landsúthlutunaráætlunina.

2. Aðildarríki skal tilkynna framkvæmdastjórninni fyrir fram um allar leiðréttingar á landsúthlutunaráætlun sinni, aðrar en þær sem um getur í 1. mgr., ásamt öllum samsvarandi leiðréttingum í töflunni yfir landsúthlutunaráætlun sína. Ef leiðrétting á töflu yfir landsúthlutunaráætlunina byggist á landsúthlutunaráætluninni, sem framkvæmdastjórninni hefur verið tilkynnt um og hún hefur ekki hafnað skv. 3. mgr. 9. gr. tilskipunar 2003/87/EB eða sem hún hefur samþykkt breytingar á og leiðréttingin er til komin vegna bættra upplýsinga, skal framkvæmdastjórnin gefa yfirstjórnandanum fyrirmæli um að færa samsvarandi leiðréttingu á töflunni yfir landsúthlutunaráætlunina í viðskiptadagbók ESB.

3. Í kjölfar hugsanlegra leiðréttinga, sem gerðar eru skv. 2. mgr. og eiga sér stað eftir að losunarheimildir hafa verið gefnar út eða þeim er úthlutað og sem minnka heildarfjölda losunarheimilda fyrir tímabilið 2008–2012, skal landsstjórnandinn færa þann fjölda og þá gerð losunarheimilda, sem tilgreind eru í Sambandsskránni, yfir á reikning Sambandsins fyrir niðurfelldar losunarheimildir fyrir viðeigandi tímabil.

*38. gr.*

**Leiðréttingar á töflu Sambandsins yfir úthlutun vegna flugs**

1. Landsstjórnandinn getur annast viðeigandi leiðréttingar á töflu Sambandsins yfir úthlutun vegna flugs í viðskiptadagbók ESB án þess að tilkynna framkvæmdastjórninni um það fyrir fram ef:

a) nýr umráðandi loftfars hefur hafið rekstur,

b) uppboðshaldari hefur fengið losunarheimildir skv. II. kafla til að bjóða upp,

c) umráðanda loftfars hefur verið skipt upp í tvo eða fleiri umráðendur,

d) tveir eða fleiri umráðendur loftfara hafa runnið saman í einn umráðanda.

2. Þessar leiðréttingar breyta ekki heildarfjölda losunarheimilda skv. II. kafla sem fram kemur í töflu Sambandsins yfir úthlutun vegna flugs.

3. Aðildarríki skal tilkynna framkvæmdastjórninni um allar leiðréttingar, aðrar en þær sem um getur í 1. mgr., sem krafist er til að leiðrétta umframúthlutun vegna skekkju af hálfu framkvæmdastjórnarinnar eða aðildarríkis í tengslum við ákvörðun um úthlutun losunarheimilda skv. II. kafla sem var tekin skv. 4. mgr. 3. gr. e í tilskipun 2003/87/EB. Ef leiðréttingin er í samræmi við tilskipun 2003/87/EB skal framkvæmdastjórnin gefa yfirstjórnandanum fyrirmæli um að leiðrétta töflu Sambandsins yfir úthlutun vegna flugs á grundvelli þessarar ákvörðunar og færa hana í viðskiptadagbók ESB.

4. Í kjölfar hugsanlegra leiðréttinga skv. 2. mgr., sem eiga sér stað eftir að losunarheimildum skv. II. kafla hefur verið úthlutað í samræmi við 41. gr. og sem minnka heildarfjölda losunarheimilda skv. II. kafla fyrir tímabilið 2008–2012, skal landsstjórnandinn færa þann fjölda losunarheimilda skv. II. kafla, sem yfirstjórnandinn tilgreinir, yfir á reikning Sambandsins fyrir niðurfelldar losunarheimildir fyrir viðeigandi tímabil.

5. Ef samruni umráðenda loftfara tekur til umráðenda sem falla undir fleiri en eitt aðildarríki skal landsstjórnandinn, sem stjórnar umráðandanum sem fékk úthlutunina sem renna skal saman við úthlutun annars umráðanda loftfars, hafa frumkvæði að því. Áður en leiðréttingin er gerð skal afla samþykkis landsstjórnandans sem stjórnar þeim umráðanda loftfars sem á úthlutunina sem úthlutun samrunna umráðandans rennur saman við.

*39. gr.*

**Útgáfa losunarheimilda skv. III. kafla**

1. Eftir að taflan yfir landsúthlutunaráætlun hefur verið færð í viðskiptadagbók ESB skal landsstjórnandinn, eigi síðar en 28. febrúar á fyrsta ári tímabilsins 2008–2012:

a) færa þann fjölda eininga úthlutaðs magns sem er gefinn út fyrir tímabilið 2008–2012 og sem er jafn þeim fjölda losunarheimilda skv. III. kafla sem eru teknir út af vörslureikningi fyrir aðila að Kýótóbókuninni inn á innlánsreikning fyrir einingar úthlutaðs magns í kerfinu fyrir viðskipti með losunarheimildir,

b) gefa út heildarfjölda losunarheimilda skv. III. kafla sem settur er fram í töflunni yfir landsúthlutunaráætlun og færa hann á vörslureikning viðkomandi lands fyrir losunarheimildir í Sambandsskránni.

2. Áður en gripið er til þeirrar aðgerðar, sem um getur í 1. mgr., skulu stjórnendur Kýótóbókunarskráa tilkynna yfirstjórnandanum um auðkenni tilnefnda innlánsreikningsins fyrir einingar úthlutaðs magns í Kýótóbókunarskrá sinni.

3. Sambandsskráin skal úthluta hverri losunarheimild sérstökum auðkenniskóða við útgáfu hennar í samræmi við 1. mgr.

4. Aðildarríki, sem hafa enga Kýótóbókunarskrá, skulu ekki grípa til aðgerðarinnar í a-lið 1. mgr.

*40. gr.*

**Úthlutun losunarheimilda skv. III. kafla**

1. Með fyrirvara um 37. og 47. gr. skal landsstjórnandinn millifæra, eigi síðar en 28. febrúar ár hvert, af vörslureikningi viðkomandi lands fyrir losunarheimildir yfir á viðeigandi, opinn vörslureikning rekstraraðila þann hluta af heildarfjölda losunarheimilda, sem gefnar hafa verið út skv. III. kafla, sem samsvarandi stöð hefur fengið úthlutað fyrir viðkomandi ár, í samræmi við viðkomandi hluta töflunnar yfir landsúthlutunaráætlunina.

2. Landsstjórnanda er heimilt að millifæra þennan hluta síðar á hverju ári ef gert er ráð fyrir því fyrir viðkomandi stöð í landsúthlutunaráætlun aðildarríkisins.

3. Ef stöð fær úthlutað viðbótarlosunarheimildum skv. III. kafla í töflunni yfir landsúthlutunaráætlun vegna leiðréttinga í samræmi við 37. gr. skal landsstjórnandinn millifæra úthlutuðu viðbótarlosunarheimildirnar skv. III. kafla fyrir yfirstandandi ár af vörslureikningi fyrir losunarheimildir viðkomandi lands yfir á viðeigandi, opinn vörslureikning rekstraraðila þegar hann fær um það fyrirmæli frá lögbæru yfirvaldi.

*41. gr.*

**Úthlutun losunarheimilda skv. II. kafla**

1. Eftir að tafla Sambandsins yfir úthlutun vegna flugs hefur verið færð í viðskiptadagbók ESB skal landsstjórnandinn, eigi síðar en 28. febrúar 2012, stofna tiltekinn fjölda losunarheimilda skv. II. kafla á hverjum opnum vörslureikning fyrir umráðanda loftfara sem er jafn úthlutuninni sem fram kemur í töflu Sambandsins yfir úthlutun vegna flugs að því er varðar reikningshafann fyrir það ár.

2. Sambandsskráin skal úthluta hverri losunarheimild sérstökum auðkenniskóða við stofnun hennar í samræmi við 1. mgr.

3. Ef reikningshafi fær úthlutað viðbótarlosunarheimildum skv. II. kafla í töflu Sambandsins yfir úthlutun vegna flugs vegna leiðréttinga í samræmi við 38. gr. skal landsstjórinn, ef hann fær um það fyrirmæli frá lögbæru yfirvaldi, stofna viðbótarfjölda úthlutaðra losunarheimilda skv. II. kafla á hverjum opnum vörslureikningi fyrir umráðanda loftfara sem er jafn viðbótarúthlutuninni sem fram kemur í töflu Sambandsins yfir úthlutun vegna flugs að því er varðar reikningshafann fyrir það ár.

4. Ef óvirkur vörslureikningur fyrir umráðanda loftfara fær ekki losunarheimildir skv. 1. mgr. skal ekki stofna þær losunarheimildir á reikningnum þótt honum verði síðar breytt í opinn reikning.

*42. gr.*

**Úthlutun losunarheimilda skv. III. kafla eftir sölu aðildarríkis á þeim**

Á tímabilinu 2008–2012 skal landsstjórnandinn færa, fái hann um það fyrirmæli frá lögbæra yfirvaldinu og í kjölfar sölu á losunarheimildum skv. III. kafla fyrir 2008–2012, tiltekinn fjölda losunarheimilda skv. III. kafla af vörslureikningi fyrir landsúthlutun losunarheimilda yfir á vörslureikning sem lögbæra yfirvaldið tilgreinir.

2. ÞÁTTUR

***Millifærsla á losunarheimildum og Kýótóeiningum***

*43. gr.*

**Millifærsla reikningshafa á losunarheimildum**

Að beiðni reikningshafa skal Sambandsskráin annast allar færslur á losunarheimildum af reikningi Sambandsskrárinnar yfir á alla aðra reikninga í Sambandsskránni nema ekki sé unnt að framkvæma færsluna vegna stöðu stofnreikningsins eða gerðar losunarheimildanna sem geyma má á viðtökureikningnum í samræmi við 3. mgr. 8. gr.

*44. gr.*

**Millifærsla reikningshafa á Kýótóeiningum**

Að beiðni reikningshafa skal Sambandsskráin annast allar færslur á Kýótóeiningum af reikningum Sambandsskrárinnar yfir á alla aðra reikninga í Sambandsskránni eða í tiltekinni Kýótóbókunarskrá nema ekki sé unnt að framkvæma færsluna vegna stöðu stofnreikningsins eða Kýótóeininganna sem geyma má á viðtökureikningnum í samræmi við 3. mgr. 8. gr.

*45. gr.*

**Lágmarksinnstæða losunarheimilda skv. III. kafla á vörslureikningum í Sambandsskránni sem eitt og sama aðildarríkið stjórnar**

1. Ef tillögð millifærsla reikninghafa á losunarheimildum í samræmi við 43. gr. hefði það í för með sér að heildarfjöldi losunarheimilda skv. III. kafla fyrir tímabilið 2008–2012, sem varðveittar eru á öllum reikningum Sambandsskrárinnar sem landsstjórnandi tiltekins aðildarríkis stjórnar, fer niður fyrir þann fjölda Kýótóeininga sem krafist er að sé varðveittur í Kýótóbókunarskrá þess aðildarríkis samkvæmt ákvörðun 11/CMP.1 sem varasjóður skuldbindingartímabilsins, að frádregnum þeim fjölda Kýótóeininga sem eru í Kýótóbókunarskrá þess aðildarríkis, utan innlánsreikningsins fyrir einingar úthlutaðs magns í kerfinu fyrir viðskipti með losunarheimildir og ógildingarreikningsins, skal viðskiptadagbók ESB hafna tillögðu millifærslunni.

2. Ef tillögð millifærsla reikninghafa á losunarheimildum í samræmi við 43. gr. hefði það í för með sér að heildarfjöldi losunarheimilda skv. III. kafla 2008–2012, sem varðveittar eru á öllum reikningum Sambandsskrárinnar sem landsstjórnendur fimmtán elstu aðildarríkjanna stjórna, fer niður fyrir þann fjölda Kýótóeininga sem krafist er að sé varðveittur í Kýótóbókunarskrám þessara aðildarríkja samkvæmt ákvörðun 11/CMP.1 sem varasjóður Evrópusambandsins á skuldbindingartímabilinu, að frádregnum þeim fjölda Kýótóeininga sem eru í Kýótóbókunarskrám þessara aðildarríkja, utan innlánsreikninganna fyrir einingar úthlutaðs magns í kerfinu fyrir viðskipti með losunarheimildir og ógildingarreikninganna, skal viðskiptadagbók ESB hafna tillögðu millifærslunni.

3. ÞÁTTUR

***Innskil losunarheimilda, losunarskerðingareininga og eininga vottaðrar losunarskerðingar***

*46. gr.*

**Innskil losunarheimilda**

1. Rekstraraðili eða umráðandi loftfars skal skila inn losunarheimildum fyrir tímabilið 2008–2012 með því að leggja til við Sambandsskrána að:

a) tiltekinn fjöldi losunarheimilda tímabilsins 2008–2012 verði færður af viðkomandi vörslureikningi rekstraraðila eða vörslureikningi fyrir umráðanda loftfara yfir á reikning Sambandsins fyrir niðurfelldar losunarheimildir,

b) í hana verði skráður fjöldi og gerð millifærðra losunarheimilda sem er skilað inn fyrir losun frá stöð rekstraraðilans eða losun á vegum umráðanda loftfars á yfirstandandi tímabili.

2. Umráðendur loftfara einir mega skila inn losunarheimildum skv. II. kafla.

3. Ekki má skila inn losunarheimild sem þegar hefur verið skilað inn.

*47. gr.*

**Innskil losunarheimilda samkvæmt fyrirmælum lögbærs yfirvalds**

Fái landsstjórnandinn um það fyrirmæli frá lögbæru yfirvaldi skal hann skila inn að einhverju eða öllu leyti þeim hluta heildarfjölda útgefinna losunarheimilda, sem stöð eða umráðandi loftfars hefur fengið úthlutað fyrir tiltekið ár, og skal hann gera það með því að skrá fjölda losunarheimilda sem skilað er inn fyrir þá stöð eða þann umráðanda loftfars fyrir yfirstandandi tímabil.

*48. gr.*

**Innskil eininga vottaðrar losunarskerðingar og losunarskerðingareininga**

1. Við innskil rekstraraðila á losunarskerðingareiningum og einingum vottaðrar losunarskerðingar í samræmi við 11. gr. a tilskipunar 2003/87/EB skal rekstraraðilinn leggja til við Sambandsskrána að:

a) tiltekinn fjöldi eininga vottaðrar losunarskerðingar og losunarskerðingareininga frá tímabilinu 2008–2012 verði færður af viðeigandi vörslureikningi rekstraraðila yfir á:

   i. vörslureikning aðila að Kýótóbókuninni, ef um er að ræða reikninga sem aðildarríki með Kýótóbókunarskrá stjórna,

   ii. ógildingarreikning Sambandsskrárinnar, ef um er að ræða reikninga sem aðildarríki án Kýtótóbókunarskrár stjórna,

b) skráður verði fjöldi millifærðra eininga vottaðrar losunarskerðingar og losunarskerðingareininga sem skilað er inn fyrir losunina frá stöð rekstraraðilans á yfirstandandi tímabili.

2. Við innskil umráðanda loftfars á losunarskerðingareiningum og einingum vottaðrar losunarskerðingar í samræmi við 11. gr. a í tilskipun 2003/87/EB skal umráðandi loftfars leggja til við Sambandsskrána að:

a) tiltekinn fjöldi eininga vottaðrar losunarskerðingar og losunarskerðingareininga frá tímabilinu 2008–2012 verði færður af viðeigandi vörslureikningi fyrir umráðendur loftfara yfir á innskilareikning vegna flugs í Sambandsskránni,

b) skráður verði fjöldi millifærðra eininga vottaðrar losunarskerðingar og losunarskerðingareininga sem skilað er inn fyrir losun á vegum umráðanda loftfars á yfirstandandi tímabili.

3. Sambandsskráin skal einungis leyfa að skilað sé inn einingum vottaðrar losunarskerðingar og losunarskerðingareiningum að:

a) þeim hámarksfjölda sem landsstjórnandi vörslureiknings rekstraraðila ákveður, ef um er að ræða rekstraraðila,

b) 15%, fyrir árið 2012, af þeim fjölda losunarheimilda sem krafist er að skilað sé inn skv. 2. mgr. a í 12. gr. tilskipunar 2003/87/EB, ef um er að ræða umráðendur loftfara.

4. Sambandsskráin skal hafna öllum beiðnum um að skila inn einingum vottaðrar losunarskerðingar og losunarskerðingareiningum ef það veldur því að farið verður yfir þann hámarksfjölda eininga vottaðrar losunarskerðingar og losunarskerðingareininga sem rekstraraðilar í aðildarríki mega skila inn í samræmi við landsúthlutunaráætlun þess aðildarríkis.

5. Sambandsskráin skal hafna öllum beiðnum um að skila inn einingum vottaðrar losunarskerðingar eða losunarskerðingareiningum sem bannað er að nota í kerfinu fyrir viðskipti með losunarheimildir skv. 11. gr. a í tilskipun 2003/87/EB.

6. Hvorki má skila aftur inn einingu vottaðrar losunarskerðingar eða losunarskerðingareiningu, sem hefur verið skilað inn áður, né millifæra hana á vörslureikning rekstraraðila eða einkavörslureikning í viðskiptakerfi Evrópusambandsins með losunarheimildir.

7. Sambandsskráin skal sjá til þess að sjálfvirk ferli tryggi að reikningshafar geti ekki skilað inn einingum á ranga reikninga skv. 46. og 48. gr.

## 4. ÞÁTTUR

## *Niðurfelling losunarheimilda og ógilding Kýótóeininga*

*49. gr.*

### Niðurfelling losunarheimilda

1. Sambandsskráin skal annast allar beiðnir frá reikningshafa skv. 4. mgr. 12. gr. tilskipunar 2003/87/EB um að fella niður losunarheimildir á reikningum reikningshafans með því að:

a) færa tiltekinn fjölda losunarheimilda af viðkomandi reikningi yfir á reikning Sambandsins fyrir niðurfelldar losunarheimildir og

b) skrá fjölda millifærðra losunarheimilda sem felldar voru niður á viðkomandi ári.

2. Ekki má skrá niðurfelldar losunarheimildir sem heimildir sem hafi verið skilað inn vegna losunar af einhverju tagi.

3. Sambandsskráin skal hafna beiðni um niðurfellingu losunarheimilda ef upphafið er reikningur sem stjórnað er af aðildarríki sem hefur ekki Kýótóbókunarskrá og ef það leiðir til innlagnar lágmarksinnstæðu fyrir það aðildarríki, í samræmi við 52. gr., sem er lægri en gáttafjöldinn (e. gateway quantity) sem reiknaður er fyrir það aðildarríki í samræmi við 53. gr.

*50. gr.*

### Ógilding Kýótóeininga

Sambandsskráin skal annast allar beiðnir frá reikningshafa skv. 4. mgr. 12. gr. tilskipunar 2003/87/EB um að ógilda Kýótóeiningar á reikningum reikningshafans með því að færa tiltekna tegund og fjölda Kýótóeininga af viðkomandi reikningi yfir á ógildingarreikning í Kýótóbókunarskrá landsstjórnanda reikningsins.

## 5. ÞÁTTUR

## *Bakfærsla viðskipta*

*51. gr.*

### Bakfærsla lokinna ferla sem hefjast fyrir mistök

1. Ef reikningshafi eða skrárstjórnandi, sem kemur fram fyrir hönd reikningshafans, hóf án ásetnings eða fyrir mistök eitt ferlanna sem talin eru upp í 2. mgr. getur reikningshafinn með skriflegri beiðni lagt til við stjórnanda reikningsins að hann bakfæri viðskiptin sem lokið hefur verið. Viðurkenndur fulltrúi reikningshafans, einn eða fleiri, sem hefur réttindi til að hefja viðskipti af þeirri tegund sem unnt er að bakfæra skal undirrita beiðnina og skal hún póstlögð innan fimm virkra daga frá því að ferlinu er lokið. Í beiðninni skal vera yfirlýsing þar sem gefið er til kynna að viðskiptin hafi verið hafin fyrir mistök eða án ásetnings.

2. Reikningshafar geta lagt til að eftirtalin viðskipti verði bakfærð:

a) úthlutun losunarheimilda skv. III. kafla,

b) úthlutun losunarheimilda skv. II. kafla,

c) innskil losunarheimilda,

d) innskil eininga vottaðrar losunarskerðingar og losunarskerðingareininga,

e) niðurfelling losunarheimilda,

f) ógilding Kýótóeininga.

3. Ef stjórnandi reikningsins kemst að þeirri niðurstöðu að beiðnin uppfylli skilyrðin skv. 1. mgr. og ef stjórnandinn samþykkir beiðnina getur hann lagt til að viðskiptin verði bakfærð í Sambandsskránni.

4. Sambandsskráin skal samþykkja tillöguna um bakfærslu, frysta einingarnar sem á að bakfæra og framsenda beiðnina til yfirstjórnandans, að því tilskildu að öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) viðskiptunum, sem á að bakfæra, lauk innan 30 virkra daga áður en tillaga stjórnanda reikningsins kom fram í samræmi við 3. mgr.,

b) bakfærslan veldur því ekki að neinn rekstraraðili uppfylli ekki kröfur í tengslum við fyrra ár,

c) á móttakandareikningnum í viðskiptunum sem á að bakfæra er enn sá fjöldi eininga og af þeirri tegund sem um var að ræða í viðskiptunum sem á að bakfæra,

d) í kjölfar viðskiptanna, sem á að bakfæra, hefur enn ekkert verið dregið frá lágmarksfjöldanum, í samræmi við 52. gr., sem lagður var inn eftir bókhaldsfærslu á grundvelli viðskiptanna sem á að bakfæra,

e) úthlutun losunarheimilda skv. III. kafla, sem á að bakfæra, fór fram eftir að gildistími leyfis stöðvarinnar rann út.

5. Yfirstjórnandinn skal samþykkja tillöguna innan 10 virkra daga. Ef viðskiptin, sem á að bakfæra, fela í sér færslu Kýótóeininga af einni Kýótóbókunarskrá yfir á aðra skal samþykkið einungis veitt ef stjórnandi alþjóðlegu viðskiptadagbókarinnar hefur samþykkt að bakfæra viðskiptin í þeirri viðskiptadagbók.

6. Sambandsskráin getur lokið bakfærslunni með því að nota aðrar einingar af sömu tegund sem eru á móttakandareikningi bakfærðu viðskiptanna.

## 6. ÞÁTTUR

## *Tilhögun reikningshalds*

### *52. gr.*

### **Lágmarksinnstæða á innlánsreikningi fyrir einingar úthlutaðs magns í kerfinu fyrir viðskipti með losunarheimildir**

1. Viðskiptadagbók ESB skal skrá lágmarksfjöldann, sem lagður er inn, fyrir hvert aðildarríki. Ef um er að ræða aðildarríki með Kýótóbókunarskrár skal viðskiptadagbók ESB koma í veg fyrir færslur Kýótóeininga af innlánsreikningi þeirra fyrir einingar úthlutaðs magns í kerfinu fyrir viðskipti með losunarheimildir sem gætu leitt til þess að innstæða Kýótóeininga á innlánsreikningnum yrði lægri en innlagður lágmarksfjöldi. Ef um er að ræða aðildarríki sem ekki hafa Kýótóbókunarskrá er lágmarksinnstæðan gildi sem notað er í jöfnunarferlinu.

2. Viðskiptadagbók ESB skal bæta tilteknum fjölda við lágmarksinnstæðuna eftir að gefnar hafa verið út losunarheimildir skv. III. kafla í samræmi við 39. gr. og skal viðbótin vera jöfn útgefnum fjölda losunarheimilda skv. III. kafla.

3. Viðskiptadagbók ESB skal draga tiltekinn fjölda frá lágmarksinnstæðunni strax eftir að:

a) losunarheimildir skv. III. kafla hafa verið færðar yfir á reikning Sambandsins fyrir niðurfelldar losunarheimildir í kjölfar leiðréttingar til fækkunar losunarheimilda eftir úthlutun skv. III. kafla í samræmi við 3. mgr. 37. gr. og skal það sem dregið er frá vera jafnt þeim fjölda losunarheimilda skv. III. kafla sem er millifærður,

b) varasjóði Kýótóeininga á móti innskilum umráðenda loftfara á losunarheimildum skv. III. kafla í samræmi við 54. gr. hefur verið komið á fót og skal það sem dregið er frá vera jafnt fjöldanum sem settur er í varasjóð,

c) ógilding Kýótóeininga á móti niðurfellingu á losunarheimildum skv. III. kafla hefur farið fram í samræmi við 1. mgr. 55. gr. og skal það sem dregið er frá vera jafnt fjöldanum sem er ógiltur,

d) niðurfelling losunarheimilda, sem kveðið er á um í 2. mgr. 55. gr., hefur farið fram og skal það sem dregið er frá vera jafnt fjöldanum sem er felldur niður.

4. Yfirstjórnandinn skal draga tiltekinn fjölda frá lágmarksinnstæðunni sem skráð er í viðskiptadagbók ESB þegar jöfnunarviðskiptin hafa farið fram í samræmi við 56. gr. Það sem er dregið frá skal vera jafnt heildarfjölda losunarheimilda skv. III. kafla sem skilað er inn af notendareikningum sem landsstjórnandi aðildarríkisins fyrir tímabilið 2008–2012 stjórnar, auk jöfnunargildisins eins og það er reiknað í samræmi við 3. mgr. 56. gr.

### *53. gr.*

### **Gáttafjöldi og gáttainnlánsreikningur**

1. Viðskiptadagbók ESB skal skrá gáttafjölda fyrir hvert aðildarríki án Kýótóbókunarskrár.

2. Viðskiptadagbók ESB skal bæta tilteknum fjölda við gáttafjöldann eftir að losunarheimildir skv. III. kafla hafa verið færðar af notendareikningi, sem aðildarríki án Kýótóbókunarskrár stjórnar, yfir á notendareikning sem annað aðildarríki stjórnar og skal viðbótin vera jöfn fjölda þeirra losunarheimilda skv. III. kafla sem eru millifærðar.

3. Viðskiptadagbók ESB skal draga tiltekinn fjölda frá gáttafjöldanum eftir að losunarheimildir skv. III. kafla hafa verið færðar af notendareikningi, sem aðildarríki stjórnar, yfir á notendareikning sem annað aðildarríki, án Kýótóbókunarskrár, stjórnar og skal það sem dregið er frá vera jafnt fjölda þeirra losunarheimilda skv. III. kafla sem eru millifærðar.

4. Viðskiptadagbók ESB leyfir ekki millifærslur losunarheimilda skv. III. kafla af reikningum sem aðildarríki án Kýótóbókunarskrár stjórnar ef það leiðir til meiri gáttafjölda en sem nemur fjölda Kýótóeininga sem varðveittar eru á gáttainnlánsreikningnum fyrir það aðildarríki.

5. Til 1. júlí 2013 eða þar til jöfnuninni, sem kveðið er á um í 56. gr., er lokið, hvort sem síðar verður, leyfir viðskiptadagbók ESB ekki millifærslur af gáttainnlánsreikningnum fyrir tiltekið aðildarríki án Kýótóbókunarskrár ef það leiðir til þess að innstæðan á gáttainnlánsreikningnum fyrir aðildarríkið verður minni en gáttafjöldinn.

6. Eftir 1. júlí 2013 eða þegar jöfnuninni, sem kveðið er á um í 56. gr., er lokið, hvort sem síðar verður, skal yfirstjórnandinn endurstilla gáttafjöldann á núll og tæma gáttainnlánsreikninginn með millifærslum í eftirfarandi forgangsröð:

a) færslum í samræmi við 2. mgr. 54. gr.,

b) færslum á innlánsreikning aðildarríkisins, sem gáttin þjónar, fyrir einingar úthlutaðs magns í kerfinu fyrir viðskipti með losunarheimildir að því marki sem þarf til að tryggja innlögn allra losunarheimilda skv. III. kafla í samræmi við 57. gr.

c) færslum á vörslureikning Evrópusambandsins fyrir aðila að Kýótóbókuninni að þeim fjölda sem svarar til fyrri færslna af þeim reikningi yfir á gáttainnlánsreikninginn,

d) færslum á vörslureikning aðildarríkisins fyrir aðila að Kýótóbókuninni sem gáttainnlánsreikningurinn þjónar.

*54. gr.*

**Einingar úthlutaðs magns lagðar í varasjóð á móti innskilum umráðenda loftfara á losunarheimildum skv. III. kafla**

1. Eigi síðar en 5. maí 2013 og ár hvert eftir það skulu stjórnendur Kýótóbókunarskráa aðildarríkja með Kýótóbókunarskrá færa inn á innskilareikning vegna flugs í Sambandsskránni þann fjölda eininga úthlutaðs magns sem er jafn þeim fjölda losunarheimilda skv. III. kafla sem umráðendur loftfara hafa skilað inn fyrir yfirstandandi tímabil skv. 46. gr. milli 1. maí á næstliðnu ári og 30. apríl á yfirstandandi ári.

2. Eigi síðar en 1. júlí 2013 eða þegar jöfnunarferlinu í 56. gr. er lokið, hvort sem síðar verður, skal yfirstjórnandinn færa þann fjölda Kýótóeininga af gáttainnlánsreikningi aðildarríkis án Kýótóbókunarskrár yfir á innskilareikning vegna flugs í Sambandsskránni sem er jafn því sem er lægra af eftirtöldu:

a) heildarfjölda losunarheimilda skv. III. kafla sem skilað er inn af vörslureikningum fyrir umráðendur loftfara sem aðildarríkið án Kýótóbókunarskrár stjórnar,

b) heildarfjölda eininga sem varðveittar eru á gáttareikningnum.

*55. gr.*

**Ógilding Kýótóeininga á móti niðurfellingu losunarheimilda skv. III. kafla**

1. Eigi síðar en 5. maí 2013 og ár hvert eftir það skal hver stjórnandi Kýótóbókunarskrár færa tiltekinn fjölda eininga úthlutaðs magns, losunarskerðingareininga eða eininga vottaðrar losunarskerðingar, en hvorki langtímaeiningar vottaðrar losunarskerðingar né bráðabirgðaeiningar vottaðrar losunarskerðingar, á ógildingarreikninginn í Sambandsskránni. Fjöldinn, sem er millifærður, skal vera jafn fjölda losunarheimilda skv. III. kafla sem er felldur niður af notendareikningum, í samræmi við 49. gr., sem aðildarríkið stjórnar milli 1. maí á næstliðnu ári og 30. apríl á yfirstandandi ári.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. ber skrárstjórnanda engin skylda til að færa á ógildingarreikninginn í Sambandsskránni þann fjölda eininga úthlutaðs magns, losunarskerðingareininga eða eininga vottaðrar losunarskerðingar, sem er jafn niðurfellingunum, sem uppfyllir eitt eftirfarandi skilyrða:

a) niðurfellingin var gerð á reikningi sem stjórnað er af aðildarríki sem hefur ekki Kýótóbókunarskrá,

b) niðurfellingin átti sér stað eftir 30. apríl á árinu á eftir síðasta ári tímabilsins.

*56. gr.*

**Jöfnun millifærslna á losunarheimildum**

1. Eftir að tímabilinu 2008–2012 er lokið gilda 2.–4. mgr. til að tryggja að í kjölfar færslna á losunarheimildum skv. III. kafla milli reikninga, sem landsstjórnendur ýmissa aðildarríkja stjórna, sé sami fjöldi Kýótóeininga færður milli Kýótóbókunarskráa.

2. Fyrsta virka daginn eftir 1. júní 2013 eða daginn eftir að öllum breytingum er lokið á lágmarksfjöldanum, sem lagður er inn og tengist leiðréttingum til fækkunar losunarheimilda sem fram kemur í a-lið 3. mgr. 52. gr., hvort sem síðar kemur, skal yfirstjórnandinn reikna út jöfnunargildi fyrir hvert aðildarríki og tilkynna landsstjórnendum um það.

3. Ef um er að ræða aðildarríki með Kýótóbókunarskrá skal jöfnunargildið vera jafnt:

a) innlögðum lágmarksfjölda 1. júní, að frádregnum

b) heildarfjölda losunarheimilda skv. III. kafla sem rekstraraðilar skila inn og sem landsstjórnandi aðildarríkisins stjórnar fyrir tímabilið 2008–2012.

4. Ef um er að ræða aðildarríki án Kýótóbókunarskrár skal jöfnunargildið vera jafnt gáttafjöldanum sem er reiknaður út í samræmi við 53. gr. 1. júní 2013.

5. Innan fimm virkra daga frá tilkynningunni, sem fram kemur í 2. mgr,. skal hver stjórnandi Kýótóbókunarskrár aðildarríkis, sem hefur jákvætt jöfnunargildi, færa tiltekinn fjölda einingа úthlutaðs magns, sem er jafn jöfnunargildinu, yfir á aðaljöfnunarreikning kerfisins fyrir viðskipti með losunarheimildir í Sambandsskránni. Ef um er að ræða aðildarríki án Kýótóbókunarskrár skal yfirstjórnandi framkvæma þessa millifærslu af gáttainnlánsreikningnum fyrir aðildarríkið sem er án Kýtótóbókunarskrár.

6. Innan 5 virkra daga frá því að millifærslunum, sem settar eru fram í 5. mgr., er lokið skal yfirstjórnandinn færa tiltekinn fjölda eininga úthlutaðs magns af aðaljöfnunarreikningi kerfisins fyrir viðskipti með losunarheimildir í Sambandsskránni yfir á vörslureikning fyrir aðila að Kýótóbókuninni í Kýótóbókunarskrá hvers aðildarríkis með neikvætt jöfnunargildi sem er jafn jákvæðum fjölda jöfnunargildisins. Ef um er að ræða aðildarríki án Kýótóbókunarskrár skal millifæra þennan fjölda á gáttainnlánsreikninginn.

*57. gr.*

**Innlögn milli tímabila**

Innan 10 virkra daga frá lokum jöfnunarviðskiptanna sem fram koma í 56. gr. skal Sambandsskráin fella niður losunarheimildir skv. III. og II. kafla sem gilda fyrir tímabilið 2008–2012 og eru geymdar á notendareikningum í Sambandsskránni og gefa út jafnmargar losunarheimildir skv. III. kafla sem gilda fyrir tímabilið 2013–2020 fyrir sömu reikninga.

*58. gr.*

**Innlausn eininga úthlutaðs magns, losunarskerðingareininga og eininga vottaðrar losunarskerðingar á móti losun umráðenda loftfara vegna innanlandsflugs**

1. Eigi síðar en 30. september árið eftir að þessi reglugerð öðlast gildi skal yfirstjórnandinn færa tiltekinn fjölda Kýótóeininga af innskilareikningi vegna flugs í Sambandsskránni yfir á aðilavörslureikning hvers aðildarríkis og skal fjöldinn samsvara sannprófaðri losun á vegum umráðenda loftfara sem fellur undir landsskrá rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (UNFCCC) fyrir aðildarríkið á því ári. Fjöldinn, sem þannig er millifærður, skal samanstanda af einingum úthlutaðs magns, að svo miklu leyti sem unnt er. Ef einingar úthlutaðs magns á innskilareikningnum vegna flugs nægja ekki til að ljúka öllum millifærslum skal yfirstjórnandinn einkum færa einingar úthlutaðs magns á þau aðildarríki þar sem losun frá innanlandsflugi er minni en sá fjöldi eininga úthlutaðs magns sem þau færðu á innskilareikning vegna flugs í samræmi við 1. mgr. 54. gr.

2. Ef innstæðan á innskilareikningnum vegna flugs nægir ekki fyrir millifærslunni sem kveðið er á um í 1. mgr. skal fækka heimildunum, sem á að millifæra, með stuðli sem skal samsvara heildarfjölda eininganna sem geymdar eru á innskilareikningnum vegna flugs, deilt með heildarfjölda eininganna sem þörf er á vegna millifærslunnar.

VII. KAFLI

**TÆKNILEGAR KRÖFUR VEGNA SKRÁNINGARKERFISINS**

I. ÞÁTTUR

***Tiltækileiki***

*59. gr.*

**Tiltækileiki og áreiðanleiki Sambandsskrárinnar og viðskiptadagbókar ESB**

1. Viðskiptadagbók ESB skal svara öllum skilaboðum sem berast frá hvaða skrá sem er innan sólarhrings frá viðtöku þeirra.

2. Yfirstjórnandinn skal gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að:

a) Sambandsskráin sé aðgengileg reikningshöfum allan sólarhringinn, alla daga vikunnar,

b) samskiptatenglarnir, sem um getur í 1. og 2. mgr. 5. gr., milli Sambandsskrárinnar og viðskiptadagbókar ESB séu virkir allan sólarhringinn, alla daga vikunnar,

c) nauðsynlegur hugbúnaður sé öryggisafritaður og að til sé vélbúnaður til vara ef til þess kæmi að upphaflegi vélbúnaðurinn eða hugbúnaðurinn brygðist,

d) Sambandsskráin og viðskiptadagbók ESB bregðist umsvifalaust við beiðnum frá reikningshöfum.

3. Yfirstjórnandinn skal sjá til þess að Sambandsskráin og viðskiptadagbók ESB taki upp traust kerfi og verklagsreglur til að vernda öll gögn og endurheimta samstundis öll gögn og koma starfsemi á að nýju ef kerfishrun verður.

4. Yfirstjórnandinn skal sjá til þess að truflanir á starfsemi Sambandsskrárinnar og viðskiptadagbókar ESB verði í lágmarki.

*60. gr.*

**Þjónustuver**

1. Landsstjórnendur skulu veita þeim reikningshöfum í Sambandsskránni, sem þeir stjórna, aðstoð og stuðning í gegnum landsþjónustuver.

2. Yfirstjórnandinn skal veita landsstjórnendum stuðning í gegnum miðlægt þjónustuver til að hjálpa þeim að veita aðstoð í samræmi við 1. mgr.

2. ÞÁTTUR

**Öryggi og sannvottun**

*61. gr.*

**Sannvottun skráa og viðskiptadagbókar ESB**

1. Auðkenni Sambandsskrárinnar skal sannvottað gagnvart viðskiptadagbók ESB með stafrænum vottorðum, notendanöfnum og lykilorðum eins og tilgreint er í upplýsingaskipta- og tækniforskriftunum sem kveðið er á um í 71. gr.

2. Aðildarríkin og Sambandið skulu nota stafrænu vottorðin sem skrifstofa rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, eða aðili, sem hún tilnefnir, gefur út til að sannvotta skrár sínar gagnvart alþjóðlegu viðskiptadagbókinni í því skyni að koma á samskiptatenglinum sem um getur í 5. gr.

*62. gr.*

**Aðgangur að reikningum í Sambandsskránni**

1. Reikningshafar skulu geta haft aðgang að reikningum sínum í Sambandsskránni gegnum örugga svæðið í Sambandsskránni. Aðalstjórnandinn skal sjá til þess að aðgangur sé að örugga svæðinu á vefsetri Sambandsskrárinnar gegnum Netið. Vefsetur Sambandsskrárinnar skal vera aðgengilegt á öllum tungumálum Evrópusambandsins.

2. Yfirstjórnandinn skal sjá til þess að reikningar í Sambandsskránni, þar sem aðgangur er um viðskiptavettvanga í samræmi við 3. mgr. 19. gr. og þar sem viðurkenndur fulltrúi er einnig viðurkenndur fulltrúi vörslureiknings fyrir viðskiptavettvang, séu aðgengilegir fyrir viðskiptavettvanginn sem reikningshafi þess vörslureiknings fyrir viðskiptavettvang starfrækir.

3. Samskipti milli viðurkenndra fulltrúa eða viðskiptavettvanga og örugga svæðisins í Sambandsskránni skulu vera dulkóðuð í samræmi við öryggiskröfurnar sem settar eru fram í upplýsingaskipta- og tækniforskriftunum sem kveðið er á um í 71. gr.

4. Yfirstjórnandinn skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að aðgangur að örugga svæðinu í Sambandsskránni sé háður leyfi.

5. Ef öryggi skilríkja viðurkennds fulltrúa eða viðurkennds viðbótarfulltrúa hefur verið stefnt í hættu skal viðurkenndi fulltrúinn eða viðurkenndi viðbótarfulltrúinn þegar í stað tilkynna það stjórnanda reikningsins og óska eftir nýjum skilríkjum.

*63. gr.*

**Sannvottun og leyfi viðurkenndra fulltrúa í Sambandsskránni**

1. Sambandsskráin skal gefa út notendanafn og lykilorð handa hverjum viðurkenndum fulltrúa og viðurkenndum viðbótarfulltrúa til að sannvotta þá þannig að þeir hafi aðgang að skránni.

2. Viðurkenndur fulltrúi eða viðurkenndur viðbótarfulltrúi skal einungis hafa aðgang að þeim reikningum í Sambandsskránni sem leyfi hans nær til og hann skal einungis geta beðið um að þau ferli hefjist sem leyfi hans nær til skv. 19. gr. Sá aðgangur eða sú beiðni skal fara um örugga svæðið á vefsetri Sambandsskrárinnar.

3. Til viðbótar við notendanafnið og lykilorðið, sem um getur í 1. mgr., skulu landsstjórnendur útbúa aukasannvottun fyrir alla reikninga sem þeir stjórna. Þær aðferðir við aukasannvottun, sem nota má til að fá aðgang að Sambandsskránni, skulu tilgreindar í upplýsingaskipta- og tækniforskriftunum sem kveðið er á um í 71. gr.

4. Stjórnandi reiknings getur gengið út frá því að notandi, sem Sambandsskráin sannvottaði, sé viðurkenndi fulltrúinn eða viðurkenndi viðbótarfulltrúinn sem sannvottunarskilríkin eru skráð á, nema viðurkenndi fulltrúinn eða viðurkenndi viðbótarfulltrúinn upplýsi stjórnanda reikningsins um að öryggi skilríkja hans sé stefnt í hættu og hann óski eftir nýjum skilríkjum.

*64. gr.*

**Lokun aðgangs viðurkenndra fulltrúa vegna öryggisbrots**

1. Yfirstjórnandinn getur stöðvað aðgang að Sambandsskránni eða viðskiptadagbók ESB ef um öryggisbrot er að ræða í tengslum við Sambandsskrána eða viðskiptadagbók ESB sem stefnir heildstæði skráningarkerfisins í hættu, þ.m.t. öryggisafritunar- og varabúnaðurinn sem um getur í 59. gr.

2. Stjórnandi Kýótóbókunarskrár getur stöðvað aðgang allra notenda að Kýótóbókunarskránni ef um öryggisbrot er að ræða í tengslum við Kýótóbókunarskrána sem stefnir heildstæði skráningarkerfisins í hættu, þ.m.t. öryggisafritunar- og varabúnaðurinn sem um getur í 59. gr.

3. Ef öryggisbrot á sér stað, sem getur leitt til lokunar aðgangs, skal stjórnandinn, sem uppgötvar brotið, þegar í stað upplýsa yfirstjórnandann um hvers kyns áhættu sem er fyrir hendi gagnvart öðrum hlutum skráningarkerfisins. Yfirstjórnandinn skal síðan upplýsa alla aðra stjórnendur um það.

4. Ef stjórnanda verður ljóst að staðan er orðin þannig að hún krefst lokunar aðgangs að kerfi hans skal hann tilkynna yfirstjórnandanum og reikningshöfum um lokunina með svo löngum fyrirvara sem aðstæður leyfa. Yfirstjórnandinn mun síðan tilkynna þetta öllum öðrum stjórnendum svo fljótt sem auðið er.

5. Í tilkynningunni, sem um getur í 3. mgr., skulu koma fram líkleg tímamörk á lokuninni og skal hún sjást greinilega á almenna svæðinu á vefsetri viðkomandi Kýótóbókunarskrár eða á almenna svæðinu á vefsetri viðskiptadagbókar ESB.

*65. gr.*

**Stöðvun ferla**

1. Framkvæmdastjórnin getur gefið yfirstjórnandanum fyrirmæli um að stöðva tímabundið staðfestingu viðskiptadagbókar ESB á sumum eða öllum ferlum sem upprunnin eru í Kýótóbókunarskrá, ef sú skrá er ekki starfrækt eða henni er ekki haldið við í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar, og skal stjórnanda Kýótóbókunarskrárinnar þegar í stað tilkynnt um það.

2. Framkvæmdastjórnin getur gefið yfirstjórnandanum fyrirmæli um að stöðva tímabundið staðfestingu viðskiptadagbókar ESB á sumum eða öllum ferlum sem upprunnin eru í Sambandsskránni, ef hún er ekki starfrækt eða henni er ekki haldið við í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar, og skal landsstjórnendum þegar í stað tilkynnt um það.

3. Stjórnandi Kýótóbókunarskrár getur óskað eftir því við yfirstjórnandann að hann stöðvi tímabundið færslu allra eða sumra ferlanna yfir í Kýótóbókunarskrá sína vegna viðhalds Kýótóbókunarskrárinnar.

4. Yfirstjórnandinn getur stöðvað tímabundið upphaf eða staðfestingu sumra eða allra ferla í Sambandsskránni vegna reglubundins viðhalds á Sambandsskránni.

5. Stjórnandi Kýótóbókunarskrár getur óskað eftir því við yfirstjórnandann að hann hefji á ný ferli sem hafa verið stöðvuð í samræmi við 1. mgr. ef hann telur að úrlausnarefnin, sem ollu stöðvuninni, hafi verið útkljáð. Yfirstjórnandinn skal upplýsa skrárstjórnandann um ákvörðun sína eins fljótt og auðið er.

3. ÞÁTTUR

***Sjálfvirkt eftirlit, skráning og lok ferla***

*66. gr.*

**Sjálfvirkt eftirlit með ferlum**

1. Öll ferli verða að vera í samræmi við almennu kröfurnar á sviði upplýsingatækni um rafræn boð sem tryggja árangursríkan lestur, eftirlit og skráningu ferlis í Sambandsskránni. Öll ferli verða að vera í samræmi við sértæku kröfurnar sem varða ferli og settar eru fram í IV.–VI. kafla þessarar reglugerðar.

2. Viðskiptadagbók ESB skal láta fara fram sjálfvirkt eftirlit með öllum ferlum til að greina frávik, hér á eftir nefnd „misræmi“, sem verða til þess að tillagða ferlið er ekki í samræmi við kröfur tilskipunar 2003/87/EB og þessarar reglugerðar.

*67. gr.*

**Greining á misræmi**

1. Ef um er að ræða ferli, sem lokið hefur verið gegnum beina samskiptatengilinn milli Sambandsskrárinnar og viðskiptadagbókar ESB, sem um getur í 2. mgr. 5. gr., skal viðskiptadagbókin hætta öllum ferlum þar sem hún greinir misræmi við sjálfvirka eftirlitið, sem um getur í 2. mgr. 66. gr., og tilkynna það Sambandsskránni og stjórnanda reikninganna sem tengjast viðskiptunum sem hefur verið hætt við með því að senda þeim sjálfvirkan svarkóða. Sambandsskráin skal þegar í stað tilkynna viðkomandi reikningshöfum að hætt hafi verið við ferlið.

2. Ef um er að ræða viðskipti, sem hefur verið lokið í gegnum alþjóðlegu viðskiptadagbókina sem um getur í 1. mgr. 5. gr., skal alþjóðlega viðskiptadagbókin hætta öllum ferlum þar sem alþjóðlega viðskiptadagbókin eða viðskiptadagbók ESB greinir misræmi við sjálfvirka eftirlitið sem um getur í 2. mgr. 66. gr. Ef alþjóðlega viðskiptadagbókin hefur hætt ferli skal viðskiptadagbók ESB einnig hætta við viðskiptin. Alþjóðlega viðskiptadagbókin upplýsir stjórnendur viðkomandi skráa um

stöðvun viðskiptanna með því að senda þeim sjálfvirkan svarkóða. Ef Sambandsskráin er ein þeirra skráa sem tengist þessu skal hún einnig tilkynna þeim stjórnanda Sambandsskrárreikninga, sem tengist viðskiptunum sem hætt var við, með því að senda honum sjálfvirkan svarkóða. Sambandsskráin skal þegar í stað upplýsa viðkomandi reikningshafa um að ferlinu hafi verið hætt.

*68. gr.*

**Misræmi sem skrárnar greina**

1. Sambandsskráin og allar aðrar Kýótóbókunarskrár skulu hafa eftirlitskóða fyrir færslur og eftirlitskóða fyrir svör til að tryggja rétta túlkun upplýsinga sem fara á milli í hverju ferli. Eftirlitskóðarnir skulu samsvara þeim sem er að finna í upplýsingaskipta- og tækniforskriftunum sem kveðið er á um í 71. gr.

2. Áður en öll ferli hefjast og meðan á þeim stendur skal Sambandsskráin láta fara fram viðeigandi, sjálfvirkt eftirlit til að tryggja að misræmi sé greint og röng ferli stöðvuð áður en sjálfvirkt eftirlit fer fram á vegum viðskiptadagbókar ESB.

*69. gr.*

**Afstemming — greining viðskiptadagbókar ESB á ósamræmi**

1. Viðskiptadagbók ESB skal reglubundið hefja afstemmingu gagna til að tryggja að skrár hennar um reikninga, handhöfn Kýótóeininga og losunarheimilda séu í samræmi við skrár um slíka handhöfn í Sambandsskránni. Í því skyni skal viðskiptadagbók ESB skrá öll ferli.

2. Alþjóðlega viðskiptadagbókin skal reglubundið hefja afstemmingu gagna til að tryggja að skrár hennar um handhöfn Kýótóeininga séu í samræmi við skrár um slíka handhöfn í Sambandsskránni og öllum öðrum Kýótóbókunarskrám.

3. Ef viðskiptadagbók ESB greinir óreiðu, hér eftir nefnt „ósamræmi“, meðan á afstemmingu gagna stendur, sem um getur í 1. mgr., þar sem upplýsingar varðandi reikninga, handhöfn Kýótóeininga og losunarheimilda sem Sambandsskráin veitir og eru hluti af reglubundinni afstemmingu eru frábrugðnar upplýsingunum í viðskiptadagbók ESB skal viðskiptadagbókin sjá til þess að ekki sé lokið við fleiri ferli í tengslum við reikningana, losunarheimildirnar eða Kýótóeiningarnar sem ósamræmið snýst um. Viðskiptadagbók ESB skal þegar í stað upplýsa yfirstjórnandann og stjórnendur viðkomandi reikninga um hvers kyns ósamræmi.

*70. gr.*

**Lok ferla**

1. Öllum viðskiptum, sem tilkynnt er um til alþjóðlegu viðskiptadagbókarinnar í samræmi við 1. mgr. 5. gr., telst vera lokið þegar alþjóðlega viðskiptadagbókin tilkynnir viðskiptadagbók ESB að hún hafi lokið við ferlið.

2. Öllum viðskiptum og öðrum ferlum, sem tilkynnt er um til viðskiptadagbókar ESB í samræmi við 3. mgr. 5. gr., telst vera lokið þegar viðskiptadagbókin tilkynnir Sambandsskránni að hún hafi lokið við ferlið.

3. Afstemmingarferli gagna, sem um getur í 1. mgr. 69. gr., telst lokið þegar öllu ósamræmi milli upplýsinganna í Sambandsskránni og upplýsinganna í viðskiptadagbók ESB á tilteknum tíma og degi hefur verið eytt og afstemmingarferli gagna hefur hafist að nýju og því verið lokið á árangursríkan hátt.

4. ÞÁTTUR

***Forskriftir og stjórnun breytinga***

*71. gr.*

**Upplýsingaskipta- og tækniforskriftir**

Í kjölfar álits frá nefndinni um loftslagsbreytingar skv. 3. gr. ákvörðunar ráðsins 1999/468/EB ([1]) skal framkvæmdastjórnin samþykkja þær upplýsingaskipta- og tækniforskriftir sem eru nauðsynlegar vegna upplýsingaskipta milli skráa og viðskiptadagbóka, þ.m.t. auðkenniskóðar, sjálfvirkt eftirlit og svarkóðar, auk prófunaraðferða og öryggiskrafna sem eru nauðsynlegar til að hefja upplýsingaskipti. Upplýsingaskipta- og tækniforskriftirnar skulu vera í samræmi við starfrænar og tæknilegar forskriftir fyrir upplýsingaskiptastaðla fyrir skráningarkerfi samkvæmt Kýótóbókuninni sem útfærðar voru samkvæmt ákvörðun 12/CMP.1.

*72. gr.*

**Breytingastjórnun**

Sé þörf á nýrri útgáfu Kýótóskrár, þ.m.t. Sambandsskráin, skal sú skrá framkvæma prófunarferlin sem sett eru fram í upplýsingaskipta- og tækniforskriftunum sem kveðið er á um í 71. gr. áður en samskiptatenglinum er komið á og hann er gerður virkur milli nýju útgáfunnar af skránni og viðskiptadagbókar ESB eða alþjóðlegu viðskiptadagbókarinnar.

VIII. KAFLI

**SKRÁNINGARUPPLÝSINGAR, SKÝRSLUR, TRÚNAÐARKVÖÐ OG GJÖLD**

*73. gr.*

**Skráningarupplýsingar**

1. Sambandsskráin og allar aðrar Kýótóbókunarskrár skulu geyma skráningarupplýsingar um öll ferli og reikningshafa í 15 ár eða þar til öll vafaatriði um framkvæmd, sem varða þær, hafa verið útkljáð, hvort sem síðar verður.

([1]) Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

2. Landsstjórnendur skulu geta haft aðgang að öllum skráningarupplýsingum í Sambandsskránni í tengslum við reikninga sem þeir stjórna, geta leitað í þeim og flutt þær út.

3. Skráningarupplýsingar skulu varðveittar í samræmi við gagnaskráningarkröfurnar sem lýst er í upplýsingaskipta- og tækniforskriftunum sem kveðið er á um í 71.gr.

*74. gr.*

**Skýrslugjöf**

1. Yfirstjórnandinn skal sjá til þess að upplýsingarnar, sem tilgreindar eru í XIII. viðauka, séu aðgengilegar á gagnsæjan og skipulagðan hátt svo oft, sem kveðið er á um í XIII. viðauka, og fyrir þá viðtakendur, sem þar eru tilgreindir, í gegnum vefsetur viðskiptadagbókar ESB. Yfirstjórnandinn skal ekki birta viðbótarupplýsingar úr viðskiptadagbók ESB eða Sambandsskránni nema það sé leyfilegt skv. 75. gr.

2. Landsstjórnendur geta einnig gert þær upplýsingar, sem tilgreindar eru í XIII. viðauka og sem þeir hafa aðgang að í samræmi við 73. gr., svo oft, sem kveðið er á um í XIII. viðauka og fyrir þá viðtakendur sem þar eru tilgreindir, aðgengilegar á gagnsæjan og skipulagðan hátt á vefsetri sem er opið almenningi á Netinu. Landsstjórnendur skulu ekki birta viðbótarupplýsingar úr Sambandsskránni nema það sé leyfilegt skv. 75. gr.

3. Vefsetur viðskiptadagbókar ESB skal heimila viðtakendum skýrslnanna, sem tilgreindir eru í XIII. viðauka, að leita í skýrslunum með leitarbúnaði.

4. Stjórnendur Kýótóbókunarskráa skulu uppfylla kröfuna um að birta upplýsingar í tengslum við útgáfu losunarskerðingareininga sem tilgreindar eru í 46. lið viðaukans við ákvörðun 13/CMP.1 frá ráðstefnu aðila að Kýótóbókuninni, sem gegnir hlutverki sem fundur aðilanna, innan viku frá því að útgáfan átti sér stað.

5. Sambandsskráin og sérhver Kýtótóbókunarskrá skulu uppfylla kröfuna um að birta upplýsingarnar sem tilgreindar eru í 47. lið (a-, d-, f- og l-lið) viðaukans við ákvörðun 13/CMP.1 frá ráðstefnu aðila að Kýótóbókuninni, sem gegnir hlutverki sem fundur aðilanna, hinn 1. janúar á fimmta ári eftir að upplýsingarnar voru skráðar.

6. Sambandsskráin og sérhver Kýtótóbókunarskrá skulu uppfylla kröfuna um að birta upplýsingarnar sem tilgreindar eru í 47. lið (b-, c- og e-lið og g- til k-liðar) viðaukans við ákvörðun 13/CMP.1 aðila frá ráðstefnu aðila að Kýótóbókuninni, sem gegnir hlutverki sem fundur aðilanna, 1. janúar á fyrsta ári eftir að upplýsingarnar voru skráðar.

*75. gr.*

**Trúnaðarkvaðir**

1. Allar upplýsingar, þ.m.t. um handhöfn allra reikninga og um öll viðskipti, sem varðveittar eru í viðskiptadagbók ESB og Sambandsskránni og öllum öðrum Kýótóbókunarskrám, skulu teljast trúnaðarupplýsingar í öllum tilvikum nema að því er varðar framkvæmd þessarar reglugerðar, tilskipunar 2003/87/EB eða landslaga.

2. Eftirfarandi aðilar geta fengið gögn sem eru varðveitt í Sambandsskránni og viðskiptadagbók ESB:

a) löggæslu- og skattyfirvöld í tilteknu aðildarríki,

b) Evrópuskrifstofan um aðgerðir gegn svikum,

c) Evrópulögreglan (Europol),

d) landsstjórnendur í aðildarríkjunum.

3. Upplýsingar má veita þeim aðilum sem tilgreindir eru í 2. mgr., hafi þeir lagt beiðni þar að lútandi fyrir yfirstjórnandann eða landsstjórnanda og ef slíkar beiðnir eru rökstuddar og nauðsynlegar í tengslum við rannsókn, uppljóstrun eða málssókn vegna svika, framkvæmdar og framfylgdar í tengslum við skatta, vegna peningaþvættis, fjármögnunar hryðjuverka eða alvarlegra afbrota.

4. Aðili, sem fær upplýsingar í samræmi við 3. mgr., skal tryggja að þær séu aðeins notaðar í þeim tilgangi sem tilgreindur er í beiðninni í samræmi við 3. mgr. og ekki gerðar aðgengilegar, annaðhvort vísvitandi eða fyrir slysni, aðilum sem ekki tengjast fyrirhugaðri notkun upplýsinganna. Þetta ákvæði skal ekki koma í veg fyrir að þessir aðilar geri upplýsingarnar aðgengilegar öðrum aðilum, sem eru tilgreindir í 2. mgr., ef það er nauðsynlegt af þeim ástæðum sem tilgreindar eru í beiðninni sem lögð er fram skv. 3. mgr.

5. Ef aðilarnir, sem tilgreindir eru í 2. mgr., óska eftir því getur yfirstjórnandinn veitt þeim aðgang að nafnlausum upplýsingum um viðskipti til að leita að grunsamlegum viðskiptamynstrum. Aðilar, sem hafa slíkan aðgang, geta tilkynnt öðrum aðilum, sem tilgreindir eru í 2. mgr., um grunsamleg viðskiptamynstur.

6. Landsstjórnendur skulu, á öruggan hátt, gera öllum öðrum landsstjórnendum aðgengileg nöfn og auðkenni aðila, sem þeir hafa synjað um stofnun reiknings í samræmi við 13. gr. (3. mgr.) eða 14. gr. (3. mgr.), eða aðila sem þeir höfnuðu við tilnefningu viðurkennds fulltrúa eða viðurkennds viðbótarfulltrúa í samræmi við 20. gr. (3. mgr.).

7. Landsstjórnendur geta ákveðið að tilkynna löggæsluyfirvöldum í landinu um öll viðskipti þar sem um er að ræða fjölda eininga sem er meiri en sá sem landsstjórnandinn hefur ákvarðað og tilkynna um alla reikninga sem tengjast fjölda viðskipta á sólarhring sem er meiri en sá sem landsstjórnandinn hefur ákvarðað.

8. Reikningshafar geta óskað eftir því skriflega við landsstjórnandann að á opinberu vefsetri Sambandsskrárinnar komi ekki fram einhverjar eða allar þær upplýsingar sem eru í 2.–12. línu í töflu VII-II í VII. viðauka.

9. Reikningshafar geta óskað eftir því skriflega við landsstjórnandann að á opinberu vefsetri Sambandsskrárinnar komi fram einhverjar eða allar þær upplýsingar sem eru í 3.–15. línu í töflu IX-I í IX. viðauka.

10. Hvorki viðskiptadagbók ESB né Kýótóskrárnar skulu krefjast þess af reikningshöfum að þeir leggi fram upplýsingar um verð í tengslum við losunarheimildir eða Kýótóeiningar.

*76. gr.*

**Gjöld**

1. Yfirstjórnandinn skal ekki innheimta nein gjöld af handhöfum reikninga í Sambandsskránni.

2. Landsstjórnendur geta innheimt sanngjörn gjöld af handhöfum reikninga sem eru undir þeirra stjórn.

3. Ekki skal innheimta nein gjöld fyrir viðskiptin sem lýst er í VI. kafla.

4. Landsstjórnendur skulu tilkynna yfirstjórnandanum um innheimtu gjöldin og um allar breytingar á gjöldunum innan tíu virkra daga. Yfirstjórnandinn skal láta öll gjöld, sem honum er tilkynnt um, koma fram á opinberu vefsetri sínu.

IX. KAFLI

**BRÁÐABIRGÐA- OG LOKAÁKVÆÐI**

*77. gr.*

**Flæði og aftenging**

1. Eftirfarandi flæðisferli gildir við framkvæmd þessarar reglugerðar:

a) stjórnendur Kýótóbókunarskráa skulu breyta öllum losunarheimildum á öllum reikningum sem alþjóðlega viðskiptadagbókin viðurkennir sem einingar úthlutaðs magns í einingar úthlutaðs magns með því að fjarlægja losunarheimildaþáttinn úr sérstökum auðkenniskóða hverrar og einnar slíkrar einingar úthlutaðs magns og færa þær yfir á innlánsreikninga úthlutaðs magns í kerfinu fyrir viðskipti með losunarheimildir í Kýótóbókunarskrá þeirra,

b) yfirstjórnandinn skal:

   i. stofna tiltekinn fjölda losunarheimilda sem alþjóðlega viðskiptadagbókin viðurkennir ekki sem einingar úthlutaðs magns í Sambandsskránni og sem er jafn fjöldanum sem er millifærður í samræmi við a-lið 1. mgr.,

   ii. gera aðgengilegt í Sambandsskránni safn reikninga sem jafngildir safninu sem losunarheimildir voru færðar úr í samræmi við a-lið 1. mgr.,

   iii. færa tiltekinn fjölda losunarheimilda, sem var stofnaður í samræmi við i. lið, yfir á reikninga sem um getur í ii. lið. Fjöldi losunarheimilda, sem færður er yfir á hvern slíkan reikning, skal vera jafn fjöldanum sem var færður frá sambærilega reikningnum í samræmi við a-lið 1. mgr.

2. Stjórnendur Kýótóbókunarskráa og yfirstjórnandinn skulu sjá til þess að viðeigandi, söguleg gögn í tengslum við reikninginn séu færð úr skrám aðildarríkjanna yfir í Sambandsskrána.

3. Flæðisferlið skal framkvæmt í samræmi við verklagsreglurnar sem skilgreindar eru í upplýsingaskipta- og tækniforskriftunum sem um getur í 71. gr. Meðan á flæðisferlinu stendur getur yfirstjórnandinn stöðvað starfsemi skráningarkerfisins í allt að 14 almanaksdaga.

*78. gr.*

**Breytingar á reglugerð (EB) nr. 2216/2004**

Reglugerð (EB) nr. 2216/2004 er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi 4. mgr. bætist við 6. gr.:

„4. Yfirstjórnandinn getur komið á takmörkuðum samskiptatengli milli óháðu viðskiptadagbókar Bandalagsins og skrárinnar í inngöngulandi í þeim tilgangi að gera slíkum skrám kleift að hafa samskipti við óháðu viðskiptadagbók rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (UNFCCC) í gegnum óháða viðskiptadagbók Bandalagsins og skrá gögn um sannprófaða losun á vegum rekstraraðila í óháðu viðskiptadagbók Bandalagsins. Þessar skrár skulu ljúka öllum prófunar- og frumstillingarferlum sem krafist er í tengslum við skrár.“

2. Eftirfarandi málsgreinar 2 til 2e komi í stað 2. mgr. 10. gr.:

„2. Eftirfarandi aðilar geta fengið gögn sem eru varðveitt í skránum og óháðu viðskiptadagbók Bandalagsins:

a) löggæslu- og skattyfirvöld í aðildarríki,

b) Evrópuskrifstofan um aðgerðir gegn svikum,

c) Evrópulögreglan (Europol),

d) skrárstjórnendur í aðildarríkjunum.

2a. Upplýsingar um viðskipti má veita þeim aðilum sem tilgreindir eru í 2. mgr., hafi þeir lagt beiðni þar að lútandi fyrir yfirstjórnandann eða skrárstjórnanda og ef slíkar beiðnir eru rökstuddar og nauðsynlegar í tengslum við rannsókn, uppljóstrun eða málssókn vegna svika, framkvæmdar og framfylgdar í tengslum við skatta, vegna peningaþvættis, fjármögnunar hryðjuverka eða alvarlegra afbrota.

2b. Aðili, sem fær upplýsingar í samræmi við 2. mgr. a, skal sjá til þess að þær séu aðeins notaðar í þeim tilgangi sem tilgreindur er í beiðninni í samræmi við 2. mgr. a og ekki gerðar aðgengilegar, annaðhvort vísvitandi eða fyrir slysni, aðilum sem ekki tengjast fyrirhugaðri notkun upplýsinganna. Þetta ákvæði skal ekki koma í veg fyrir að þessir aðilar geri upplýsingarnar aðgengilegar öðrum aðilum sem eru tilgreindir í 2. mgr. ef það er nauðsynlegt af þeim ástæðum sem tilgreindar eru í beiðninni sem lögð er fram skv. 2. mgr. a.

2c. Ef aðilarnir, sem tilgreindir eru í 2. mgr., óska eftir því getur yfirstjórnandinn veitt þeim aðgang að nafnlausum upplýsingum um viðskipti til að leita að grunsamlegum viðskiptamynstrum. Aðilar, sem hafa slíkan aðgang, geta tilkynnt öðrum aðilum, sem tilgreindir eru í 2. mgr., um grunsamleg viðskiptamynstur.

2d. Skrárstjórnendur skulu, á öruggan hátt, gera öllum öðrum skrárstjórnendum aðgengileg nöfn og auðkenni aðila, sem þeir hafa synjað um stofnun reiknings, eða aðila sem þeir höfnuðu við tilnefningu viðurkennds fulltrúa eða viðurkennds viðbótarfulltrúa.

2e. Skrárstjórnendur geta ákveðið að tilkynna löggæsluyfirvöldum í landinu um öll viðskipti þar sem um er að ræða fjölda eininga sem er meiri en sá sem skrárstjórnandinn hefur ákvarðað og tilkynna um alla reikninga sem tengjast fjölda viðskipta á sólarhring sem er meiri en sá sem skrárstjórnandinn hefur ákvarðað.“

3. Eftirfarandi 6. mgr. bætist við 11. gr.:

„6. Handhafi einkavörslureiknings, reiknings fyrir sannprófendur eða vörslureiknings fyrir umráðendur loftfara mega hvorki selja né afhenda eignarhald á reikningi til annars aðila. Reikningshafi vörslureiknings rekstraraðila má eingöngu selja eða afhenda til rekstraraðila eignarhald á vörslureikningi sínum með stöðinni sem vörslureikningurinn tengist.“

4. Í stað 2. mgr. 19. gr. komi eftirfarandi:

„2. Innan 10 daga frá viðtöku umsóknar í samræmi við 1. mgr. skal skrárstjórnandinn stofna einkavörslureikning í skrá sinni í samræmi við ferli um stofnun reikninga, sem sett er fram í VIII. viðauka, eða upplýsa aðilann, sem óskar eftir að stofna reikninginn, um að hann synji honum um stofnun reikningsins.“

5. Í stað 3. mgr. 19. gr. komi eftirfarandi:

„3. Umsækjandinn skal tilkynna skrárstjórnandanum innan 10 daga um allar breytingar á upplýsingunum sem skrárstjórnandinn fékk skv. 1. mgr. Innan 10 daga frá viðtöku slíkrar tilkynningar skal skrárstjórnandinn uppfæra upplýsingarnar um aðilann í samræmi við ferlið um uppfærslu reikninga, sem sett er fram í VIII. viðauka, eða synja um uppfærslu og upplýsa reikningshafann um það.“

6. Við 19. gr. bætast eftirfarandi 5. og 6. mgr.:

„5. Hafi skrárstjórnandinn synjað um stofnun reikningsins eða neitað að uppfæra upplýsingarnar í tengslum við hann getur aðilinn, sem óskar eftir stofnun reikningsins, andmælt synjuninni við lögbært yfirvald og skal yfirvaldið þá annaðhvort gefa skrárstjórnandanum fyrirmæli um að stofna reikninginn eða staðfesta synjunina með rökstuddri ákvörðun. Ástæður fyrir synjun um stofnun reiknings kunna að vera þær að aðilinn, sem óskaði eftir stofnun hans, sætir rannsókn vegna aðildar að svikum, þar sem losunarheimildir eða Kýótóeiningar koma við sögu, peningaþvætti, fjármögnun hryðjuverka eða öðrum alvarlegum afbrotum, þar sem unnt er að nota reikninginn, eða aðrar ástæður sem settar eru fram í landslögum.

6. Skrárstjórnandinn getur farið fram á að aðilar innan ESB, sem óska eftir að reikningur verði stofnaður, hafi fasta búsetu eða séu skráðir í aðildarríki skrárinnar.“

7. Eftirfarandi 21. gr. a bætist við:

„Grein 21 a

**Lokun reikninga og brottvikning viðurkennds fulltrúa að frumkvæði stjórnandans**

1. Ef ástandið, sem veldur tímabundinni lokun aðgangs að reikningum skv. 67. gr., hefur ekki verið bætt innan hæfilegra tímamarka þrátt fyrir ítrekaðar tilkynningar getur lögbært yfirvald gefið skrárstjórnandanum fyrirmæli um að loka þessum einkavörslureikningum þar sem aðgangi hefur verið lokað.

2. Reikningshafi getur andmælt lokun reiknings síns í samræmi við 1. mgr. við lögbært yfirvald innan 30 almanaksdaga og skal yfirvaldið þá annaðhvort gefa skrárstjórnandanum fyrirmæli um að opna reikninginn að nýju eða staðfesta lokunina með rökstuddri ákvörðun.

3. Ef staða losunarheimilda eða Kýótóeininga er jákvæð á reikningi, sem skrárstjórnandi skal loka eftir stöðvun í samræmi við 1. mgr. 67. gr., skal skrárstjórnandinn fyrst biðja reikningshafann um að tilgreina annan reikning, sem sami stjórnandi stýrir, og síðan skal færa slíkar losunarheimildir eða Kýótóeiningar á hann. Ef reikningshafinn hefur ekki brugðist við beiðni stjórnandans innan 40 virkra daga getur stjórnandinn fært losunarheimildirnar eða Kýótóeiningarnar á landsvörslureikning losunarheimilda.

4. Ef staða losunarheimilda eða Kýótóeininga er jákvæð á reikningi, sem aðgangi var lokað að í samræmi við 1. mgr. b í 67. gr., getur lögbært yfirvald krafist þess í fyrirmælum sínum í samræmi við 1. mgr. að þessar losunarheimildir eða Kýótóeiningar séu tafarlaust færðar á viðeigandi landsvörslureikning losunarheimilda og vörslureikning fyrir aðila að Kýótóbókuninni.“

8. Við 23. gr. bætast eftirfarandi 5. til 10. mgr.:

„5. Viðurkenndir fulltrúar skulu vera einstaklingar sem orðnir eru 18 ára. Enginn viðurkenndu fulltrúanna eða viðurkenndra viðbótarfulltrúa hvers reiknings má vera sami maðurinn en sami maðurinn getur verið viðurkenndur fulltrúi eða viðurkenndur viðbótarfulltrúi fleiri en eins reiknings. Skrárstjórnandinn getur krafist þess að a.m.k. einn viðurkenndra fulltrúa vörslureikninga rekstraraðila eða einkavörslureikninga sé einstaklingur sem hefur fasta búsetu í aðildarríki skrárinnar.

6. Þegar reikningshafinn tilnefnir viðurkenndan fulltrúa eða viðurkenndan viðbótarfulltrúa skal reikningshafinn veita þær upplýsingar sem skrárstjórnandinn krefst. Upplýsingarnar skulu a.m.k. taka til skjala og auðkennisupplýsinga um tilnefnda aðilann sem kveðið er á um í IV. viðauka a.

7. Skrárstjórnandinn skal vega og meta upplýsingarnar sem hann hefur fengið í hendur og telji hann þær fullnægjandi skal hann samþykkja tilnefnda aðilann innan 20 virkra daga frá viðtöku upplýsinganna eða upplýsa aðilann, sem óskar eftir stofnun reikningsins, um að hann samþykki hann ekki. Ef þörf er á lengri tíma til að meta upplýsingar um tilnefnda aðilann getur skrárstjórnandinn framlengt matsferlið í eitt skipti um allt að 20 virka daga til viðbótar og tilkynnir þá reikningshafanum um framlenginguna.

8. Hafi skrárstjórnandinn neitað að samþykkja viðurkenndan fulltrúa eða viðurkenndan viðbótarfulltrúa getur aðilinn, sem óskar eftir stofnun reikningsins, andmælt synjuninni við lögbært yfirvald og skal yfirvaldið þá gefa skrárstjórnandanum fyrirmæli um að samþykkja fulltrúann eða staðfesta synjunina með rökstuddri ákvörðun. Ástæður fyrir synjun samþykkis kunna að vera þær að aðilinn, sem er tilnefndur sem viðurkenndur fulltrúi eða viðurkenndur viðbótarfulltrúi, sætir rannsókn vegna aðildar að svikum, þar sem losunarheimildir eða Kýótóeiningar koma við sögu, peningaþvætti, fjármögnun hryðjuverka eða öðrum alvarlegum afbrotum, þar sem unnt er að nota reikninginn, eða aðrar ástæður sem settar eru fram í landslögum.

9. Viðurkenndur fulltrúi eða viðurkenndur viðbótarfulltrúi má ekki færa þá stöðu sína yfir á annan aðila.

10. Skrárstjórnandinn getur vikið viðurkenndum fulltrúa eða viðurkenndum viðbótarfulltrúa frá ef hann telur að synja hefði átt beiðni um að samþykkja viðurkennda fulltrúann eða viðurkenndan viðbótarfulltrúa í samræmi við 7. mgr., einkum ef hann uppgötvar að skjölin og kenniupplýsingarnar, sem lögð voru fram við tilnefninguna, voru fölsuð eða röng. Reikningshafinn getur andmælt brottvikningunni við lögbært yfirvald sem skal annaðhvort gefa skrárstjórnandanum fyrirmæli um að endursamþykkja viðurkennda fulltrúann eða viðurkenndan viðbótarfulltrúa eða staðfesta brottvikninguna með rökstuddri ákvörðun. Ástæður fyrir brottvikningu viðurkennds fulltrúa eða viðurkennds viðbótarfulltrúa kunna að vera þær að hann hafi verið sakfelldur fyrir þátttöku í svikum, þar sem losunarheimildir eða Kýótóeiningar koma við sögu, peningaþvætti, fjármögnun hryðjuverka eða öðrum alvarlegum afbrotum, þar sem unnt er að nota reikninginn, eða aðrar ástæður sem settar eru fram í landslögum.“

9. Eftirfarandi 2. mgr. a bætist við 34. gr. a:

„2a. Ef skrárstjórnandi hóf úthlutun skv. 46. gr., án ásetnings eða fyrir mistök, sem varð til þess að stöð, sem ekki var lengur í rekstri þegar úthlutunin átti sér stað, fékk úthlutað losunarheimildum getur lögbært yfirvald tilkynnt yfirstjórnandanum um beiðni sína um að gera handvirka breytingu til að bakfæra viðskiptin innan frestsins sem mælt er fyrir um í 2. mgr.“

10. 1. þáttur V. kafla er felldur brott.

11. Í 49. gr. er b-liður 1. mgr. felldur brott.

12. Ákvæðum 53. gr. er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi texti komi í stað annarrar málsgreinar:

„Skrárstjórnandinn skal einungis samþykkja beiðnir um innskil á einingum vottaðrar losunarskerðingar og losunarskerðingareiningum sem nemur þeim hundraðshlutum úthlutunar til hverrar stöðvar sem tilgreindur er í löggjöf aðildarríkis. Óháð viðskiptadagbók Bandalagsins skal hafna öllum beiðnum um innskil á einingum vottaðrar losunarskerðingar og losunarskerðingareiningum ef með því verður farið yfir þann hámarksfjölda sem skila má inn í aðildarríkinu eða ef það leiðir til þess að skilað verði inn einungum vottaðrar losunarskerðingar og losunarskerðingareiningum sem ekki er unnt að skila inn í samræmi við 11. gr. a í tilskipun 2003/87/EB.“

b) Eftirfarandi málsgreinar bætast við:

„Hvorki má skila aftur inn einingu vottaðrar losunarskerðingar eða losunarskerðingareiningu, sem hefur verið skilað inn áður, né millifæra hana á vörslureikning rekstraraðila eða einkavörslureikning í viðskiptakerfi Evrópusambandsins með losunarheimildir.

Einingar vottaðrar losunarskerðingar og losunarskerðingareiningar, sem skilað hefur verið inn, skulu einungis færðar á innlausnarreikning.“

13. 54. gr. falli brott.

14. 58. gr. falli brott.

15. 7. þáttur V. kafla falli brott.

16. 2. mgr. 62. gr. falli brott.

17. Eftirfarandi málsgreinar bætist við í 67. gr.: 1. mgr. a, 1. mgr. b og 1. mgr. c:

„1a. Stjórnandi getur lokað aðgangi viðurkenndra fulltrúa og viðurkenndra viðbótarfulltrúa að tilteknum reikningi ef eitt eftirfarandi skilyrða er uppfyllt:

a) reikningshafinn er látinn og löglegur arftaki ekki fyrir hendi eða reikningshafinn er ekki lengur lögaðili,

b) reikningshafinn greiddi ekki gjöldin sín eða

c) reikningshafinn hefur brotið gegn skilmálunum og skilyrðunum sem gilda um reikninginn eða

d) reikningshafinn samþykkti ekki breytingarnar á skilmálunum og skilyrðunum,

e) reikningshafinn lagði ekki fram gögn í tengslum við breytingar á upplýsingum um reikning,

f) reikningshafinn hefur ekki séð til þess að reikningurinn haldi þeim lágmarksfjölda viðurkenndra fulltrúa sem krafist er,

g) reikningshafinn hefur ekki gætt reglufylgni varðandi þá kröfu aðildarríkisins að viðurkenndur fulltrúi hafi fasta búsetu í aðildarríki stjórnanda reikningsins,

h) reikningshafinn hefur ekki uppfyllt kröfur aðildarríkisins þess efnis að hann skuli hafa fasta búsetu eða vera skráður í aðildarríki stjórnanda reikningsins.

1b. Skrárstjórnandinn getur lokað aðgangi að einkavörslureikningi ef hann telur að hafna hefði átt stofnun hans á grundvelli 2. mgr. 19. gr. Reikningshafi getur andmælt lokuninni við lögbært yfirvald eða viðeigandi yfirvald samkvæmt landslögum innan 30 almanaksdaga og skal yfirvaldið þá annaðhvort gefa skrárstjórnandanum fyrirmæli um að opna fyrir aðganginn að nýju eða staðfesta lokunina með rökstuddri ákvörðun.

1c. Lögbært yfirvald, eða yfirstjórnandinn ef um er að ræða reikninga í Sambandsskránni, getur einnig gefið stjórnandanum fyrirmæli um að láta lokun koma til framkvæmda í samræmi við 1. mgr. a.“

18. Í stað IV. viðauka komi eftirfarandi:

*„IV. VIÐAUKI*

**Upplýsingar varðandi einkavörslureikninga sem leggja skal fyrir skrárstjórnanda**

1. Upplýsingarnar, sem settar eru fram í töflu IV-I. (auðkenni reikningsins og sérauðkennið með alstöfum skulu vera ótvíræð í skránni)

*Tafla IV-I*

| | |
|---|---|
| 1 | Auðkenni reikningsins (sem skráin gefur út) |
| 2 | Tegund reiknings |
| 3 | Skuldbindingartímabil |
| 4 | Auðkenni reikningshafa (sem skráin gefur út) |
| 5 | Nafn reikningshafa |
| 6 | Kennimerki reikningsins (sem reikningshafi gefur út) |
| 7 | Heimilisfang reikningshafa — land |
| 8 | Heimilisfang reikningshafa — svæði eða ríki |
| 9 | Heimilisfang reikningshafa — borg |
| 10 | Heimilisfang reikningshafa — póstnúmer |
| 11 | Heimilisfang reikningshafa — gata |
| 12 | Heimilisfang reikningshafa — húsnúmer |
| 13 | Heimilisfang reikningshafa — skráningarnúmer fyrirtækis eða auðkennisnúmer |
| 14 | Heimilisfang reikningshafa — símanúmer 1 |
| 15 | Heimilisfang reikningshafa — símanúmer 2 |
| 16 | Heimilisfang reikningshafa — tölvupóstfang |
| 17 | Fæðingardagur og -ár (einstaklingar) |
| 18 | Fæðingarstaður (einstaklingar) |
| 19 | Virðisaukaskattnúmer ásamt landskóða |

2. Sönnun þess að aðilinn, sem óskar eftir stofnun reikningsins, eigi opinn bankareikning í aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins.

3. Gögn, sem staðfesta auðkenni aðilans sem óskar eftir stofnun reikningsins og sem geta verið staðfest afrit af einhverju af eftirfarandi:

   a) vegabréfi eða kennivottorði sem gefið er út af ríki sem er aðili að Evrópska efnahagssvæðinu eða Efnahags- og framfarastofnuninni,

   b) einhverju öðru vegabréfi, sem eitthvert sendiráð ESB hefur vottað að sé gilt.

4. Gögn, sem staðfesta heimilisfang þess reikningshafa er hefur fasta búsetu og óskar eftir stofnun einkavörslureiknings og sem geta verið staðfest afrit af einhverju af eftirfarandi:

   a) persónuskilríkjunum, sem lögð voru fram skv. 3. lið, ef þar er að finna heimilisfang þess sem hefur fasta búsetu,

   b) einhverjum öðrum skilríkjum, sem hið opinbera gefur út þar sem er að finna heimilisfang þess sem hefur fasta búsetu,

   c) yfirlýsingu frá staðaryfirvöldum sem staðfesta fasta búsetu tilnefnda aðilans ef landið, þar sem fasta búsetan er, gefur ekki út persónuskilríki þar sem heimilisfang þess er hefur fasta búsetu er tilgreint,

   d) einhverju öðru skjali sem er að öllu jöfnu tekið gilt í aðildarríki stjórnanda reiknings sem sönnun fyrir fastri búsetu tilnefnda aðilans.

5. Gögn, sem færa sönnur á skráð heimilisfang handhafa lögaðilareiknings og sem geta verið staðfest afrit af einhverju af eftirfarandi:

   a) gerningi um stofnun lögaðilans,

   b) gögnum sem sanna skráningu lögaðilans.

6. Lögbókandi þarf að votta að hvers kyns skjal, sem lagt er fram til sönnunar skv. 4. eða 5. lið og gefið út af stjórnvöldum utan Evrópska efnahagssvæðisins eða Efnahags- og framfarastofnunarinnar, sé gilt.

7. Skrárstjórnandinn getur krafist þess að skjölunum, sem lögð eru fram, fylgi vottuð þýðing á tungumáli sem skrárstjórnandinn tilgreinir.“

19. Eftirfarandi IV. viðauki a bætist við:

*„IV. VIÐAUKI a*

**Upplýsingar sem skrárstjórnandi skal leggja fram varðandi viðurkennda fulltrúa og viðurkennda viðbótarfulltrúa**

*Tafla IVa-I: Upplýsingar um viðurkenndan fulltrúa*

| | |
|---|---|
| 1 | Persónuskilríki |
| 2 | Tegund viðurkennds fulltrúa |
| 3 | Eiginnafn |
| 4 | Kenninafn |
| 5 | Titill |
| 6 | Starfsheiti |

| | |
|---|---|
| 7 | Heimilisfang — land |
| 8 | Heimilisfang — svæði eða ríki |
| 9 | Heimilisfang — borg |
| 10 | Heimilisfang — póstnúmer |
| 11 | Heimilisfang — gata |
| 12 | Heimilisfang — húsnúmer |
| 13 | Sími 1 |
| 14 | Sími 2 |
| 15 | Tölvupóstfang |
| 16 | Fæðingardagur og -ár |
| 17 | Fæðingarstaður |
| 18 | Tungumál sem valið er |
| 19 | Stig trúnaðarkvaðar |
| 20 | Réttindi viðurkenndra viðbótarfulltrúa |

1. Upplýsingarnar sem settar eru fram í töflu IVa-I.

2. Undirrituð yfirlýsing frá reikningshafanum þess efnis að hann óski eftir að tilnefna tiltekinn aðila sem viðurkenndan fulltrúa eða viðurkenndan viðbótarfulltrúa.

3. Sönnun þess að tilnefndi aðilinn eigi opinn bankareikning í aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins.

4. Gögn sem staðfesta auðkenni tilnefnda aðilans og sem geta verið staðfest afrit af öðru hvoru af eftirfarandi:

   a) vegabréfi eða kennivottorði sem gefið er út af ríki sem er aðili að Evrópska efnahagssvæðinu eða Efnahags- og framfarastofnuninni,

   b) einhverju öðru vegabréfi, sem eitthvert sendiráð ESB hefur vottað að sé gilt.

5. Gögn sem staðfesta heimilisfang tilnefnda aðilans sem hefur fasta búsetu og sem geta verið staðfest afrit af einhverju af eftirfarandi:

   a) persónuskilríkjunum, sem lögð voru fram skv. 4. lið, ef þar er að finna heimilisfang þess sem hefur fasta búsetu,

   b) einhverjum öðrum skilríkjum sem hið opinbera gefur út þar sem er að finna heimilisfang þess sem hefur fasta búsetu,

   c) yfirlýsingu frá staðaryfirvöldum sem staðfesta fasta búsetu tilnefnda aðilans ef landið, þar sem fasta búsetan er, gefur ekki út persónuskilríki þar sem heimilisfang þess er hefur fasta búsetu er tilgreint,

d) einhverju öðru skjali sem er að öllu jöfnu tekið gilt í aðildarríki stjórnanda reiknings sem sönnun fyrir fastri búsetu tilnefnda aðilans.

6. Lögbókandi þarf að votta að hvers kyns skjal, sem lagt er fram til sönnunar skv. 5. lið og gefið út af stjórnvöldum utan Evrópska efnahagssvæðisins eða Efnahags- og framfarastofnunarinnar, sé gilt.

7. Skrárstjórnandinn getur krafist þess að skjölunum, sem lögð eru fram, fylgi vottuð þýðing á tungumáli sem skrárstjórnandinn tilgreinir.“

20. Ákvæðum XI. viðauka a er breytt sem hér segir:

a) Í töflu XIa-3 falli brott setningin „Losunarheimildir, sem úthlutað er fyrir árin fyrir yfirstandandi ár, skulu hafa gildið núll.“

b) Í töflu XIa-4 falli brott setningin „Losunarheimildum, sem úthlutað er fyrir árin fyrir yfirstandandi ár, er ekki breytt.“

c) Í töflu XIa-7 falli brott kóðinn „7215“.

21. Í XII. viðauka komi eftirfarandi texti í stað lýsingarinnar við hliðina á svarkóða 7701 í töflu XII-I:

„Úthlutun skal fara fram fyrir öll árin.“

22. Ákvæðum XVI. viðauka er breytt sem hér segir:

1. Í stað 1. liðar komi eftirfarandi:

„1. Yfirstjórnandinn skal birta og uppfæra upplýsingar, sem tilgreindar eru í 2.–4. mgr. c og varða skráningarkerfið, á almennu svæði á vefsetri óháðrar viðskiptadagbókar Bandalagsins í samræmi við tiltekna tímasetningu og skal hver skrárstjórnandi birta og uppfæra upplýsingarnar í 2.–4. mgr. b, að því er varðar eigin skrá, á almennu svæði vefsíðu sinnar í samræmi við tiltekna tímasetningu.“

2. Í stað a-liðar 2. liðar komi eftirfarandi:

„a) nafn, heimilisfang, borg, póstnúmer, land, símanúmer og tölvupóstfang reikningshafans.“

3. Í stað c-liðar 2. liðar komi eftirfarandi:

c) nafn, heimilisfang, borg, póstnúmer, land, símanúmer, bréfasímanúmer og tölvupóstfang fyrsta og annars viðurkennds fulltrúa sem reikningshafi hefur tilgreint fyrir viðkomandi reikning sinn, hafi reikningshafi farið þess skriflega á leit við skrárstjórnandann að hann birti allar þessar upplýsingar eða hluta þeirra.“

4. Í stað a- og b-liðar 4. liðar komi eftirfarandi:

„a) Tala yfir sannprófaða losun, ásamt leiðréttingum á þeim fyrir stöðina sem tengist vörslureikningi rekstraraðila fyrir árið X, skal birt frá og með 1. apríl árið (X + 1) eða, sé 1. apríl um helgi eða á öðrum frídegi, frá og með fyrsta virka degi eftir 1. apríl.

b) Einingar, sem skilað er inn skv. 52. og 53. gr. með einingarauðkenniskóða (ef um er að ræða losunarskerðingareiningar og einingar vottaðrar losunarskerðingar) fyrir árið X, skulu gefnar út frá og með 1. maí árið (X + 1).“

5. Eftirfarandi liður 4c bætist við:

„4c. Birta skal og uppfæra á sólarhrings fresti lista sem sýnir einingarauðkenniskóða allra losunarheimilda, eininga vottaðrar losunarskerðingar og losunarskerðingareininga sem skilað var inn. Ef um er að ræða einingar vottaðrar losunarskerðingar og losunarskerðingareiningar skal einnig birta heiti verkefnis, upprunaland og auðkenni verkefnis.“

6. Í stað liðar 12 a komi eftirfarandi:

„12a. Óháð viðskiptadagbók Bandalagsins skal birta á opinberu vefsetri sínu eftirfarandi almennar upplýsingar 30. apríl ár hvert:

— hundraðshluta losunarheimilda sem skilað er inn í hverju aðildarríki á næstliðnu almanaksári og sem var skilað inn af reikningnum sem þeim var úthlutað á,

— summu sannprófaðrar losunar í hverju aðildarríki, sem gefin er upp fyrir næstliðið almanaksár, tilgreind sem hundraðshluti af summu sannprófaðrar losunar á árinu þar á undan,

— hundraðshlutann, sem tilheyrir reikningum sem tiltekið aðildarríki stjórnar, af fjölda og umfangi allra færsluviðskipta með losunarheimildir og Kýótóeiningar á næstliðnu almanaksári,

— hundraðshlutann, sem tilheyrir reikningum sem tiltekið aðildarríki stjórnar, af fjölda og umfangi allra færsluviðskipta með losunarheimildir og Kýótóeiningar á næstliðnu almanaksári milli reikninga sem mismunandi aðildarríki stjórna.“

*79. gr.*

**Niðurfelling**

Reglugerðir (EB) nr. 2216/2004 og (EB) 994/2008 eru felldar úr gildi frá og með 1. janúar 2012.

*80. gr.*

**Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Ákvæði 2. til 76. gr. og viðaukarnir gilda frá 1. janúar 2012.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. október 2010.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

José Manuel BARROSO

*forseti.*

## *I. VIÐAUKI*

**Tafla I-I: Tegundir reikninga og tegundir eininga sem varðveita má í hverri tegund reikninga**

| Heiti reikningstegundar | Nafn reikningshafa | Stjórnandi reiknings | Fjöldi reikninga af þessari tegund | Losunarheimildir (ekki Kýótóeiningar) | | Kýótóeiningar | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | Losunarheimildir skv. III. kafla | Losunarheimildir skv. II. kafla | Ein. úthl. magns (AAU) | Ein. vott. los.sk. (CER) | Los.sk.ein. (ERU) | Langt.ein. v. los.sk./bráðab.ein. v. los.sk./bind.ein. (lCER/tCER/RMU) |
| *I. Reikningar aðila að Kýótóbókuninni í Kýótóbókunarskrám (þ.m.t. Sambandsskráin)* | | | | | | | | | |
| Aðilavörslureikningur | Aðili að Kýótó-bókuninni | Stjórnandi Kýótóbókunarskrár (í Sambandsskránni: yfirstjórnandinn) | a.m.k. 1 | Nei | Nei | Já | Já | Já | Já |
| Ógildingarreikningur | | | 1 | Nei | Nei | Já | Já | Já | Já |
| Innlausnarreikningur | | | 1 | Nei | Nei | Já | Já | Já | Já |
| Innl.reikn. f. ein. úthl. magns í k. f. viðsk. m. los.heim. | | | 1 | Nei | Nei | Já | Nei | Nei | Nei |
| *II. Rekstrarreikningar í Sambandsskránni* | | | | | | | | | |
| Landsvörslureikningur losunarheimilda | Aðildarríki | Landsstjórnandi aðildarríkisins sem á reikninginn | 1 fyrir hvert aðildarríki | Já | Já | Nei | Nei | Nei | Nei |
| Aðaljöfnunarreikningur fyrir kerfi fyrir viðskipti með losunarheimildir | ESB | Yfirstjórnandi | 1 | Nei | Nei | Já | Nei | Nei | Nei |
| Gáttareikningur innlána | | | 1 fyrir hvert aðildarríki án Kýótóbókunarskrár | Nei | Nei | Já | Nei | Nei | Nei |
| Reikningur Sambandsins fyrir niðurfelldar losunarheimildir | | | 1 | Já | Já | Nei | Nei | Nei | Nei |
| Innskilareikningur vegna flugs | | | 1 | Nei | Nei | Já | Já | Já | Nei |
| *III. Notendareikningar í Sambandsskránni* | | | | | | | | | |
| Vörslureikningur rekstraraðila | Rekstraraðili | Landsstjórnandi aðildarríkisins þar sem stöðin er | Einn fyrir hverja stöð/umráðanda loftfars/aðila/viðskiptavettvang í aðildarríki | Já | Nei | fer eftir aðildarríki (*) | Já | Já | fer eftir aðildarríki (*) |
| Vörslureikningur umráðanda loftfara | Umráðandi loftfars | Landsstjórnandi aðildarríkisins sem stjórnar umráðanda loftfars | | Já | Já | fer eftir aðildarríki (*) | Já | Já | fer eftir aðildarríki (*) |
| Einkavörslureikningur | Aðili | Landsstjórnandi sem hefur opnað reikninginn | | Já | Já | fer eftir aðildarríki (*) | Já | Já | fer eftir aðildarríki (*) |
| Vörslureikningur fyrir viðskiptavettvang | Viðskipta-vettvangur | | | Já | Já | fer eftir aðildarríki (*) | Já | Já | fer eftir aðildarríki (*) |
| Sannprófandareikningur | Sannprófandi | | Einn fyrir hvern sannprófanda | Nei | Nei | Nei | Nei | Nei | Nei |

(*) Landsstjórnandi aðildarríkis getur ákveðið hvort reikningurinn (eða tegund reiknings) getur geymt þessa tegund eininga.

*II. VIÐAUKI*

**Tegundir viðskipta sem hefja má og taka við í tengslum við hverja tegund reiknings (ásamt tegundum eininga sem eiga má viðskipti með)**

| Heiti reikningstegundar | Heiti viðskipta og tegund aðgerðar (H = hefja, T = taka við) | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Millifærsla eininga | | | | | | Innskil eininga | | Niðurfelling losunarheimilda | | Ógilding Kýótóeininga | |
| | af reikningi í Sambandsskránni | | inn á reikning í Sambandsskránni (af reikningi sem ekki er í henni) | | milli tveggja reikninga sem ekki eru í Sambandsskránni (í EES) | | | | | | | |
| | H | T | H | T | H | T | H | T | H | T | H | T |
| *I. Reikningar fyrir aðila að Kýótóbókuninni í Sambandsskránni og öllum öðrum Kýótóbókunarskrám* | | | | | | | | | | | | |
| Vörslureikningur aðila að Kýótóbókuninni | Á ekki við | Já | Já | Á ekki við | Já | Já | Nei | Já | Nei | Nei | Já | Nei |
| Ógildingarreikningur | Á ekki við | Já | Nei | Á ekki við | Nei | Já | Nei | Nei | Nei | Nei | Nei | Já |
| Innlausnarreikningur | Á ekki við | Já | Nei | Á ekki við | Nei | Já | Nei | Nei | Nei | Nei | Nei | Nei |
| Innl.reikn. f. ein. úthl. magns í k. f. viðsk. m. los.heim. | Á ekki við | Á ekki við | Já | Á ekki við | Já | Já | Nei | Nei | Nei | Nei | Nei | Nei |
| *II. Rekstrarreikningar í Sambandsskránni* | | | | | | | | | | | | |
| Aðaljöfnunarreikningur f. kerfi f. viðsk. m. los.heim. | Já | Já | Á ekki við | Já | Á ekki við | Á ekki við | Nei | Nei | Nei | Nei | Nei | Nei |
| Gáttainnlánsreikningur (fyrir aðildarríki án Kýótóbókunarskrár) | Já | Já | Á ekki við | Já | Á ekki við | Á ekki við | Nei | Nei | Nei | Nei | Nei | Nei |
| Landsvörslureikningur losunarheimilda (aðeins fyrir aðildarríki með Kýótóbókunarskrár) | Já | Já | Á ekki við | Já | Á ekki við | Á ekki við | Nei | Nei | Já | Nei | Nei | Nei |
| Reikningur Sambandsins fyrir niðurfelldar losunarheimildir | Nei | Nei | Á ekki við | Nei | Á ekki við | Á ekki við | Nei | Já | Nei | Já | Nei | Nei |
| Innskilareikningur vegna flugs | Já | Já | Á ekki við | Já | Á ekki við | Á ekki við | Nei | Já | Nei | Nei | Já | Nei |
| *III. Notendareikningar í Sambandsskránni* | | | | | | | | | | | | |
| Vörslureikningur rekstraraðila | Já | Já | Á ekki við | Já | Á ekki við | Á ekki við | Já | Nei | Já | Nei | Já | Nei |
| Vörslureikningur fyrir umráðendur loftfara | Já | Já | Á ekki við | Já | Á ekki við | Á ekki við | Já | Nei | Já | Nei | Já | Nei |
| Einkavörslureikningur | Já | Já | Á ekki við | Já | Á ekki við | Á ekki við | Nei | Nei | Já | Nei | Já | Nei |
| Vörslureikningur fyrir viðskiptavettvang | Já | Já | Á ekki við | Já | Á ekki við | Á ekki við | Nei | Nei | Já | Nei | Já | Nei |
| Sannprófandareikningur | Nei | Nei | Á ekki við | Nei | Á ekki við | Á ekki við | Nei | Nei | Nei | Nei | Nei | Nei |

*III. VIÐAUKI*

**Upplýsingar sem leggja skal fram með beiðnum um stofnun reikninga fyrir aðila að Kýótóbókuninni og rekstrarreikninga**

1. Upplýsingarnar sem settar eru fram í töflu III-I.

*Tafla III-I: Reikningsupplýsingar fyrir alla reikninga*

| | A | B | C | D | E | F |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Númer | Reikningsupplýsingar | Skyldubundið eða valkvætt? | Tegund | Uppfæranlegt? | Þarf samþykki landsstjórnanda fyrir uppfærslu? | Birt á opinberu vefsetri Sambands-skrárinnar? |
| 1 | Auðkenni reiknings (sem Sambandsskráin gefur út) | S | Fyrirfram-ákveðin | Nei | á ekki við | Nei |
| 2 | Tegund reiknings | S | Val | Nei | á ekki við | Já |
| 3 | Skuldbindingartímabil | S | Val | Nei | á ekki við | Já |
| 4 | Auðkenni reikningshafa (sem Sambandsskráin gefur út) | S | Frjáls | Já | Já | Já |
| 5 | Nafn reikningshafa | S | Frjáls | Já | Já | Já |
| 6 | Kennimerki reikningsins (sem reikningshafi gefur út) | S | Frjáls | Já | Nei | Nei |
| 7 | Heimilisfang reikningshafa — land | S | Val | Já | Já | Já |
| 8 | Heimilisfang reikningshafa — svæði eða ríki | V | Frjáls | Já | Já | Já |
| 9 | Heimilisfang reikningshafa — borg | S | Frjáls | Já | Já | Já |
| 10 | Heimilisfang reikningshafa — póstnúmer | S | Frjáls | Já | Já | Já |
| 11 | Heimilisfang reikningshafa — gata | S | Frjáls | Já | Já | Já |
| 12 | Heimilisfang reikningshafa — húsnúmer | S | Frjáls | Já | Já | Já |
| 13 | Skráningarnúmer eða auðkennisnúmer fyrirtækis reikningshafa | S | Frjáls | Já | Já | Já |
| 14 | Sími 1 hjá reikningshafa | S | Frjáls | Já | Nei | Já |
| 15 | Sími 2 hjá reikningshafa | S | Frjáls | Já | Nei | Já |
| 16 | Tölvupóstfang reikningshafa | S | Frjáls | Já | Nei | Já |
| 17 | Fæðingardagur og -ár (einstaklingar) | V | Frjáls | Nei | á ekki við | Nei |
| 18 | Fæðingarstaður (einstaklingar) | V | Frjáls | Nei | á ekki við | Nei |
| 19 | Virðisaukaskattsnúmer ásamt landskóða | V | Frjáls | Já | Já | Nei |
| 20 | Stofndagur reiknings | S | Fyrirfram-ákveðin | Nei | á ekki við | Já |
| 21 | Lokunardagur reiknings | V | Fyrirfram-ákveðin | Já | Já | Já |

2. Kennimerki reikningsins skal vera ótvírætt innan skráningarkerfisins.

*IV. VIÐAUKI*

**Upplýsingar sem leggja skal fyrir landsstjórnandann varðandi einkavörslureikninga, vörslureikninga fyrir viðskiptavettvang og sannprófendareikninga**

1. Upplýsingarnar sem settar eru fram í töflu III-I. (Auðkenni reikningsins og sérauðkennið í alstöfum skulu vera ótvíræð í skráningarkerfinu.)

2. Sönnun þess að aðilinn, sem óskar eftir stofnun reikningsins, eigi opinn bankareikning í aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins.

3. Gögn sem staðfesta auðkenni einstaklingsins sem óskar eftir stofnun reikningsins og sem geta verið staðfest afrit af öðru hvoru af eftirfarandi:

    a) vegabréfi eða kennivottorði sem gefið er út af ríki sem er aðili að Evrópska efnahagssvæðinu eða Efnahags- og framfarastofnuninni,

    b) einhverju öðru vegabréfi, sem eitthvert sendiráð ESB hefur vottað að sé gilt.

4. Gögn sem staðfesta auðkenni lögaðilans sem óskar eftir stofnun reikningsins og geta þau verið staðfest afrit af einhverju af eftirfarandi:

    a) gerningi um stofnun lögaðilans,

    b) skjali sem sannar skráningu lögaðilans.

5. Gögn sem staðfesta heimilisfang reikningshafa er hefur fasta búsetu og óskar eftir stofnun vörslureiknings fyrir einstaklinga og sem geta verið staðfest afrit af einhverju af eftirfarandi:

    a) persónuskilríkjunum sem lögð voru fram skv. 3. lið ef þar er að finna heimilisfang þess sem hefur fasta búsetu,

    b) einhverjum öðrum skilríkjum sem hið opinbera gefur út þar sem er að finna heimilisfang þess sem hefur fasta búsetu,

    c) yfirlýsingu frá staðaryfirvöldum sem staðfesta fasta búsetu tilnefnda aðilans ef landið, þar sem fasta búsetan er, gefur ekki út persónuskilríki þar sem heimilisfang þess er hefur fasta búsetu er tilgreint,

    d) einhverju öðru skjali sem er að öllu jöfnu tekið gilt í aðildarríki stjórnanda reiknings sem sönnun fyrir fastri búsetu tilnefnda aðilans.

6. Gögn sem staðfesta skráð heimilisfang handhafa lögaðilareiknings ef það er ekki skýrt samkvæmt skjalinu sem lagt var fram í samræmi við 4. lið.

7. Lögbókandi þarf að votta að hvers kyns skjal, sem lagt er fram til sönnunar skv. 3., 4. eða 5. lið og gefið út af stjórnvöldum utan Evrópska efnahagssvæðisins eða Efnahags- og framfarastofnunarinnar, sé gilt.

8. Stjórnandi reikningsins getur krafist þess að skjölunum, sem lögð eru fram, fylgi vottuð þýðing á tungumáli sem stjórnandinn tilgreinir.

9. Í stað þess að verða sér úti um skjöl á pappír getur stjórnandi reikningsins notað rafrænar aðferðir til að athuga gögnin sem leggja skal fram í samræmi við 3., 4. og 5. lið.

*V. VIÐAUKI*

**Viðbótarupplýsingar varðandi vörslureikninga fyrir viðskiptavettvang sem leggja skal fyrir landsstjórnanda**

1. Undirrituð yfirlýsing frá lögbærum yfirvöldum á sviði fjármála í aðildarríki stjórnandans sem stofnar reikninginn þar sem staðfest er að aðilinn, sem óskar eftir stofnun reikningsins, hefur leyfi aðildarríkisins sem:

   a) skipulegur markaður, eins og hann er skilgreindur í 14. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2004/39/EB um markaði fyrir fjármálagerninga með áorðnum breytingum,

   b) markaðstorg, sem er skilgreint í 15. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2004/39/EB um markaði fyrir fjármálagerninga, með áorðnum breytingum,

   c) hvers kyns annar markaður sem er marghliða kerfi sem markaðsaðili rekur og/eða stjórnar og sem leiðir saman eða greiðir fyrir því að leiða saman kaup- og söluhagsmuni þriðju aðila í tengslum við losunarheimildir eða Kýótóeiningar, þ.m.t. hvers kyns greiðslumiðlunar- eða uppgjörskerfi sem bera ábyrgð á greiðslu og afhendingu losunarheimilda og umsjón með tryggingum fyrir skipulega markaðinn eða markaðstorgið, sem um er að ræða, eða hvers kyns aðra markaði.

**Viðbótarupplýsingar varðandi sannprófendareikninga sem leggja skal fyrir landsstjórnandann**

2. Skjal, sem staðfestir að aðilinn, sem óskar eftir stofnun reikningsins, sé viðurkenndur sem sannprófandi í aðildarríki stjórnandans sem tekur við beiðni um stofnun reiknings.

*VI. VIÐAUKI*

**Grundvallarskilmálar og -skilyrði**

*Gerð og áhrif grundvallarskilmála og -skilyrða*

1. Tengslin milli reikningshafa og skrárstjórnenda.

*Skyldur reikningshafa og viðurkennds fulltrúa*

2. Skyldur reikningshafans og viðurkennds fulltrúa að því er varðar öryggi, notendanöfn og lykilorð og aðgang þeirra að vefsetri skrárinnar.

3. Skylda reikningshafans og viðurkennds fulltrúa til að birta gögn á vefsetri skrárinnar og sjá til þess að þau gögn séu nákvæm.

4. Skylda reikningshafans og viðurkennds fulltrúa til að uppfylla skilmálana um notkun á vefsetri skrárinnar.

*Skyldur skrárstjórnandans*

5. Skylda skrárstjórnandans til að framkvæma fyrirmæli reikningshafa.

6. Skylda skrárstjórnandans til að skrá upplýsingar um reikningshafa.

7. Skylda skrárstjórnandans til að stofna, uppfæra eða loka reikningnum í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar.

*Verklagsreglur um ferli*

8. Ákvæði um lok ferlisins og staðfestingu á því.

*Greiðslur*

9. Skilmálarnir og skilyrðin varðandi hvers kyns gjöld fyrir stofnun og viðhald reikninga.

*Rekstur vefseturs skrárinnar*

10. Ákvæði varðandi rétt skrárstjórnandans til að gera breytingar á vefsetri skrárinnar.

11. Skilyrði fyrir notkun á vefsetri skrárinnar.

*Ábyrgð og skaðabætur*

12. Nákvæmni upplýsinga.

13. Vald til að hefja ferli.

*Breyting á þessum grunnskilmálum sem endurspegla breytingar á þessari reglugerð eða breytingar á landslöggjöf*

*Öryggi og viðbrögð við brotum á ákvæðum um öryggi*

14. Vísbending um að landsstjórnendur geti framsent grunsamleg skilaboð varðandi viðskipti til löggæsluyfirvalda í viðkomandi landi.

*Lausn deilumála*

15. Ákvæði sem varða deilumál milli reikningshafa.

*Bótaábyrgð*

16. Takmörkun á bótaábyrgð fyrir skrárstjórnandann.
17. Takmörkun á bótaábyrgð fyrir reikningshafann.

*Réttindi þriðja aðila*

*Umboð, tilkynningar og gildandi lög*

---

*VII. VIÐAUKI*

**Viðbótarupplýsingar varðandi hvern þeirra vörslureikninga fyrir rekstraraðila sem leggja skal fyrir landsstjórnandann**

1. Upplýsingarnar sem settar eru fram í töflu III-I.

2. Í upplýsingunum, sem lagðar eru fram í samræmi við töflu III-I, skal rekstraraðili stöðvarinnar tilgreindur sem reikningshafi. Nafn reikningshafans skal vera hið sama og nafn einstaklingsins eða lögaðilans sem er handhafi viðkomandi leyfis fyrir losun gróðurhúsalofttegunda.

3. Upplýsingarnar sem settar eru fram í töflum VII-I og VII-II

*Tafla VII-I: Reikningsupplýsingar varðandi vörslureikninga rekstraraðila*

| | A | B | C | D | E | F |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Númer | Reikningsupplýsingar | Skyldubundið eða valkvætt? | Tegund | Unnt að uppfæra? | Þarf samþykki landsstjórnanda fyrir uppfærslu? | Birt á opinberu vefsetri Sam-bandsskrárinnar? |
| 1 | Auðkenni stöðvar | S | Fyrirfram-ákveðin | Nei | — | Já |
| 2 | Auðkenni leyfis | S | Frjáls | Já | Já | Já |
| 3 | Dagsetning gildistöku leyfisins | S | Frjáls | Nei | — | Já |
| 4 | Lokadagsetning gildistíma leyfisins | V | Frjáls | Já | Já | Já |
| 5 | Heiti stöðvar | S | Frjáls | Já | Já | Já |
| 6 | Tegund starfsemi í stöðinni | S | Val | Já | Já | Já |
| 7 | Heimilisfang stöðvar — land | S | Fyrirfram-ákveðin | Já | Já | Já |
| 8 | Heimilisfang stöðvar — svæði eða ríki | V | Frjáls | Já | Já | Já |
| 9 | Heimilisfang stöðvar — borg | S | Frjáls | Já | Já | Já |
| 10 | Heimilisfang stöðvar — póstnúmer | S | Frjáls | Já | Já | Já |
| 11 | Heimilisfang stöðvar — gata | S | Frjáls | Já | Já | Já |
| 12 | Heimilisfang stöðvar — húsnúmer | S | Frjáls | Já | Já | Já |
| 13 | Sími 1 hjá stöð | S | Frjáls | Já | Nei | Já |
| 14 | Sími 2 hjá stöð | S | Frjáls | Já | Nei | Já |
| 15 | Tölvupóstfang stöðvar | S | Frjáls | Já | Nei | Já |
| 16 | Móðurfélag | V | Frjáls | Já | Nei | Já |
| 17 | Dótturfélag | V | Frjáls | Já | Nei | Já |
| 18 | EPRTR-kenninúmer | S | Frjáls | Já | Nei | Já |
| 19 | Breiddargráða | V | Frjáls | Já | Nei | Já |
| 20 | Lengdargráða | V | Frjáls | Já | Nei | Já |

*Tafla VII-II: Upplýsingar um sannprófanda og tengilið reiknings*

| | A | B | C | D | E | F |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Númer | Reikningsupplýsingar | Skyldubundið eða valkvætt? | Tegund | Unnt að uppfæra? | Þarf samþykki landsstjórnanda fyrir uppfærslu? | Birt á opinberu vefsetri Sambandsskrárinnar? |
| 1 | Sannprófandi | V | Val | Já | Nei | Já |
| | Heiti fyrirtækis | V | Frjáls | Já | Nei | Já (*) |
| | Deild fyrirtækis | V | Frjáls | Já | Nei | Já (*) |
| 2 | Eiginnafn tengiliðar í aðildarríkinu | V | Frjáls | Já | Nei | Já (*) |
| 3 | Kenninafn tengiliðar í aðildarríkinu | V | Frjáls | Já | Nei | Já (*) |
| 4 | Heimilisfang tengiliðar — land | V | Fyrirframákveðin | Já | Nei | Já (*) |
| 5 | Heimilisfang tengiliðar — svæði eða ríki | V | Frjáls | Já | Nei | Já (*) |
| 6 | Heimilisfang tengiliðar — borg | V | Frjáls | Já | Nei | Já (*) |
| 7 | Heimilisfang tengiliðar — póstnúmer | V | Frjáls | Já | Nei | Já (*) |
| 8 | Heimilisfang tengiliðar — gata | V | Frjáls | Já | Nei | Já (*) |
| 9 | Heimilisfang tengiliðar — húsnúmer | V | Frjáls | Já | Nei | Já (*) |
| 10 | Sími 1 hjá tengilið | V | Frjáls | Já | Nei | Já (*) |
| 11 | Sími 2 hjá tengilið | V | Frjáls | Já | Nei | Já (*) |
| 12 | Tölvupóstfang tengiliðar | V | Frjáls | Já | Nei | Já (*) |

(*) Þessar upplýsingar birtast ekki ef reikningshafinn óskar eftir því að þær séu trúnaðargögn í samræmi við 75. gr.

4. Heiti stöðvarinnar skal svara til þess heitis sem tilgreint er á viðkomandi leyfi til losunar gróðurhúsalofttegunda.

*VIII. VIÐAUKI*

**Upplýsingar varðandi hvern þeirra vörslureikninga fyrir umráðendur loftfara sem leggja skal fyrir skrárstjórnanda**

1. Upplýsingarnar sem settar eru fram í töflu III-I og töflu VII-II.
2. Í upplýsingunum, sem lagðar eru fram í samræmi við töflu III-I, skal umráðandi loftfars tilgreindur sem reikningshafi. Nafn reikningshafans, sem skráð er, skal vera hið sama og nafnið í vöktunaráætluninni. Sé nafnið í vöktunaráætluninni úrelt skal nota nafnið í viðskiptaskránni eða nafnið sem Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu notar.
3. Upplýsingarnar sem settar eru fram í töflu VIII-I.

*Tafla VIII-I: Reikningsupplýsingar varðandi vörslureikninga fyrir umráðendur loftfara*

| | A | B | C | D | E | F |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Númer | Reikningsupplýsingar | Skyldu-bundið eða valkvætt? | Tegund | Unnt að uppfæra? | Þarf samþykki landsstjórn-anda fyrir uppfærslu? | Birt á opinberu vefsetri Sambands-skrárinnar? |
| 1 | Auðkenni umráðanda loftfars (sem Sambandsskráin úthlutar) | S | Frjáls | Nei | — | Já |
| 2 | Sérstakur kóði samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 748/2009 | S | Frjáls | Já | Já | Já |
| 3 | kallmerki (kennimerki Alþjóðaflugmálastofnunarinnar) | V | Frjáls | Já | Já | Já |
| 4 | Auðkenni vöktunaráætlunar | S | Frjáls | Já | Já | Já |
| 5 | Vöktunaráætlun — fyrsta gildisár | S | Frjáls | Nei | — | Já |
| 6 | Vöktunaráætlun — síðasta gildisár | V | Frjáls | Já | Já | Já |

4. Kallmerkið er kennimerki Alþjóðaflugmálastofnunarinnar í reit 7 á flugáætluninni eða, liggi það ekki fyrir, skrásetningarmerki loftfarsins.

*IX. VIÐAUKI*

**Upplýsingar sem leggja skal fyrir stjórnanda reikningsins varðandi viðurkennda fulltrúa og viðurkennda viðbótarfulltrúa**

*Tafla IX-I: Upplýsingar um viðurkenndan fulltrúa*

| | A | B | C | D | E | F |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Númer | Reikningsupplýsingar | Skyldubundið eða valkvætt? | Tegund | Unnt að uppfæra? | Þarf samþykki landsstjórnanda fyrir uppfærslu? | Birt á opinberu vefsetri Sambandsskrárinnar? |
| 1 | Persónuskilríki | S | Frjáls | Nei | á ekki við | Nei |
| 2 | Tegund viðurkennds fulltrúa | S | Val | Já | Nei | Já |
| 3 | Eiginnafn | S | Frjáls | Já | Já | Nei(*) |
| 4 | Kenninafn | S | Frjáls | Já | Já | Nei(*) |
| 5 | Titill | V | Frjáls | Já | Nei | Nei(*) |
| 6 | Starfsheiti | V | Frjáls | Já | Nei | Nei(*) |
| | Heiti fyrirtækis | V | Frjáls | Já | Nei | Nei(*) |
| | Deild fyrirtækis | V | Frjáls | Já | Nei | Nei(*) |
| 7 | Heimilisfang — land | S | Fyrirfram-ákveðin | Nei | á ekki við | Nei(*) |
| 8 | Heimilisfang — svæði eða ríki | V | Frjáls | Já | Já | Nei(*) |
| 9 | Heimilisfang — borg | S | Frjáls | Já | Já | Nei(*) |
| 10 | Heimilisfang — póstnúmer | S | Frjáls | Já | Já | Nei(*) |
| 11 | Heimilisfang — gata | S | Frjáls | Já | Já | Nei(*) |
| 12 | Heimilisfang — húsnúmer | S | Frjáls | Já | Já | Nei(*) |
| 13 | Sími 1 | S | Frjáls | Já | Nei | Nei(*) |
| 14 | Sími 2 | S | Frjáls | Já | Nei | Nei(*) |
| 15 | Tölvupóstfang | S | Frjáls | Já | Nei | Nei |
| 16 | Fæðingardagur og -ár | S | Frjáls | Nei | á ekki við | Nei |
| 17 | Fæðingarstaður | S | Frjáls | Nei | á ekki við | Nei |
| 18 | Tungumál sem valið er | V | Val | Já | Nei | Nei |
| 19 | Stig trúnaðarkvaðar | V | Val | Já | Nei | Nei |
| 20 | Réttindi viðurkennds viðbótarfulltrúa | S | Margþætt val | Já | Nei | Nei |

(*) Þessar upplýsingar birtast einungis ef reikningshafinn óskar eftir því að þær séu gerðar opinberar í samræmi við 75. gr.

1. Upplýsingarnar sem settar eru fram í töflu IX-I.

2. Undirrituð yfirlýsing frá reikningshafanum þar sem fram kemur að hann óski eftir að tilnefna tiltekinn aðila sem viðurkenndan fulltrúa eða viðurkenndan viðbótarfulltrúa og þar sem staðfest er að viðurkenndi fulltrúinn eða viðurkenndi viðbótarfulltrúinn hafi rétt til að hefja viðskipti fyrir hönd reikningshafans og þar sem tilgreindar eru hvers kyns takmarkanir á þeim rétti.

3. Gögn sem staðfesta auðkenni tilnefnda aðilans og sem geta verið staðfest afrit af öðru hvoru af eftirfarandi:

   a) vegabréfi eða kennivottorði sem gefið er út af ríki sem er aðili að Evrópska efnahagssvæðinu eða Efnahags- og framfarastofnuninni,

   b) einhverju öðru vegabréfi, sem eitthvert sendiráð ESB hefur vottað að sé gilt.

4. Gögn sem staðfesta heimilisfang tilnefnda aðilans er hefur fasta búsetu og sem geta verið staðfest afrit af einhverju af eftirfarandi:

   a) persónuskilríkjunum, sem lögð voru fram skv. 3. lið, ef þar er heimilisfang þess sem hefur fasta búsetu,

   b) einhverjum öðrum skilríkjum, sem hið opinbera gefur út, þar sem er heimilisfang þess sem hefur fasta búsetu,

   c) yfirlýsingu frá staðaryfirvöldum sem staðfesta fasta búsetu tilnefnda aðilans ef landið, þar sem fasta búsetan er, gefur ekki út persónuskilríki þar sem heimilisfang þess er hefur fasta búsetu er tilgreint,

   d) einhverju öðru skjali sem er að öllu jöfnu tekið gilt í aðildarríki stjórnanda reiknings sem sönnun fyrir fastri búsetu tilnefnda aðilans.

5. Lögbókandi þarf að votta að hvers kyns skjal, sem lagt er fram til sönnunar skv. 4. lið og gefið er út af stjórnvaldi utan Evrópska efnahagssvæðisins eða Efnahags- og framfarastofnunarinnar, sé gilt.

6. Stjórnandi reikningsins getur krafist þess að skjölunum, sem lögð eru fram, fylgi vottuð þýðing á tungumáli sem skrárstjórnandinn tilgreinir.

7. Í stað þess að verða sér úti um skjöl á pappír getur stjórnandi reikningsins notað rafrænar aðferðir til að athuga gögnin sem leggja skal fram í samræmi við 3. og 4. lið.

*X. VIÐAUKI*

**Snið sem nota skal þegar upplýsingar um árlega losun eru lagðar fram**

1. Losunarupplýsingar fyrir rekstraraðila skulu fela í sér upplýsingarnar sem settar eru fram í töflu X-I.

*Tafla X-I: Losunarupplýsingar fyrir rekstraraðila*

| | A | B | C |
|---|---|---|---|
| 1 | Auðkenni stöðvar: | | |
| 2 | Skýrslugjafarár | | |

*Losun gróðurhúsalofttegunda*

| | | í tonnum | í jafngildiseiningum koltvísýrings (CO2eq) |
|---|---|---|---|
| 3 | $CO_2$-losun | | |
| 4 | $N_2O$-losun | | |
| 5 | losun á perflúorkolefni | | |
| 6 | Heildarlosun | — | Σ (C2 + C3 + C4) |

2. Losunarupplýsingar fyrir umráðendur loftfara skulu fela í sér upplýsingarnar sem settar eru fram skv. 8. og 9. lið 8. þáttar XIV. viðauka við ákvörðun 2007/589/EB.

3. Lýsa skal rafræna sniðinu fyrir framlagningu upplýsinga um losun í upplýsingaskipta- og tækniforskriftunum sem kveðið er á um í 71. gr.

*XI. VIÐAUKI*

**Tafla yfir landsúthlutunaráætlun fyrir tímabilið 2008–2012**

| Lína nr. | Nafn | | | Fjöldi losunarheimilda skv. III. kafla | Innfærsla („L“ merkir „lína“) |
|---|---|---|---|---|---|
| | Landskóði aðildarríkis | | | | Handvirk innfærsla |
| 1 | Heildarfjöldi losunarheimilda sem gefa skal út til stöðva | | | | Σ (L5 til L9, L12 til L16) |
| 2 | Heildarfjöldi losunarheimilda í varasjóði | | | | Handvirk innfærsla |
| 3 | | Auðkenni reiknings stöðvar A | | | Handvirk innfærsla |
| 4 | | Fjöldi sem úthluta skal stöð A: | | | |
| 5 | | | árið 2008 | | Handvirk innfærsla |
| 6 | | | árið 2009 | | Handvirk innfærsla |
| 7 | | | árið 2010 | | Handvirk innfærsla |
| 8 | | | árið 2011 | | Handvirk innfærsla |
| 9 | | | árið 2012 | | Handvirk innfærsla |
| 10 | | Auðkenni reiknings stöðvar B | | | Handvirk innfærsla |
| 11 | | Fjöldi sem úthluta skal stöð B: | | | |
| 12 | | | árið 2008 | | Handvirk innfærsla |
| 13 | | | árið 2009 | | Handvirk innfærsla |
| 14 | | | árið 2010 | | Handvirk innfærsla |
| 15 | | | árið 2011 | | Handvirk innfærsla |
| 16 | | | árið 2012 | | Handvirk innfærsla |

*XII. VIÐAUKI*

**Tafla Sambandsins yfir úthlutun vegna flugs fyrir tímabilið 2008–2012**

| Lína nr. | Nafn | | | Fjöldi losunarheimilda skv. II. kafla | Innfærsla („L“ merkir „lína“) |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Losunarheimildir skv. II. kafla í öllu Sambandinu 2012: | | | | Handvirk innfærsla |
| 2 | | Fjöldi sem þegar hefur verið úthlutað 2012 | | | (L1 × 0,15) = Σ (L3, L4, L5) |
| 3 | | | hjá aðildarríki 1: | | Handvirk innfærsla |
| 4 | | | hjá aðildarríki 2: | | Handvirk innfærsla |
| 5 | | | hjá aðildarríki n: | | Handvirk innfærsla |
| 6 | | Fjöldi sem þegar hefur verið úthlutað 2012 | | | (L1 – L2) = Σ (L7, L8, L9) |
| 7 | | | til umráðanda loftfars 1: | | Handvirk innfærsla |
| 8 | | | til umráðanda loftfars 2 | | Handvirk innfærsla |
| 9 | | | til reikningshafa n: | | Handvirk innfærsla |

*XIII. VIÐAUKI*

**Upplýsingaskylda yfirstjórnandans**

Upplýsingar aðgengilegar almenningi

1. Viðskiptadagbók ESB skal birta á opinberu vefsetri sínu eftirfarandi upplýsingar fyrir hvern reikning:

   a) allar upplýsingar sem eru tilgreindar þannig að þær skuli „birtar á opinberu vefsetri Sambandsskrárinnar" í töflum III-I, VII-I, VII-II, VIII-I og IX-I. Þessar upplýsingar skulu uppfærðar á sólarhrings fresti,

   b) losunarheimildir sem úthlutaðar eru einstökum reikningshöfum skv. 40. og 41. gr. Þessar upplýsingar skulu uppfærðar á sólarhrings fresti,

   c) stöðuna á reikningnum í samræmi við 1. mgr. 9. gr. Þessar upplýsingar skulu uppfærðar á sólarhrings fresti,

   d) fjölda losunarheimilda og losunarskerðingareininga og eininga vottaðrar losunarskerðingar sem skilað er inn í samræmi við 46. gr. og einingarauðkenniskóða losunarskerðingareininganna og eininga vottaðrar losunarskerðingar sem skilað er inn. Fjöldi losunarheimilda og losunarskerðingareininga og eininga vottaðrar losunarskerðingar, sem skilað er inn á tímabilinu 1. janúar til 15. maí, skal ekki birtur fyrr en eftir 15. maí. Á tímabilinu frá 15. maí til 31. desember skulu þessar upplýsingar uppfærðar á sólarhrings fresti,

   e) tölu yfir sannprófaða losun ásamt leiðréttingum fyrir stöðina, sem tengist vörslureikningi rekstaraðila fyrir árið X, sem skal liggja frammi frá og með 1. apríl ársins (X + 1),

   f) tákn og yfirlýsingu þar sem tilgreint er hvort stöðin eða umráðandi loftfars, sem tengist viðkomandi vörslureikningi rekstraraðila, hafi skilað inn fjölda Kýótóeininga eða losunarheimilda eigi síðar en 30. apríl sem er a.m.k. jafn allri losun stöðvarinnar eða umráðandans á öllum undanförnum árum. Táknin og yfirlýsingarnar, sem leggja skal fram, eru sett fram í töflu XIII-I. Uppfæra skal táknið 1. maí og því skal ekki breytt fyrr en 1. maí á næsta ári, að frátalinni viðbót á * í tilvikum sem tilgreind eru í 5. línu í töflu XIII-I.

*Tafla XIII-I: Yfirlýsingar varðandi reglufylgni*

| Lína nr. | Tala um stöðu reglufylgni skv. 31. gr. | Hefur sannprófuð losun verið skráð fyrir síðasta heila ár? | Tákn | Yfirlýsing |
|---|---|---|---|---|
| | | | sem birta skal á opinberu vefsetri viðskiptadagbókar ESB | |
| 1 | 0 eða jákvæð tala | Já | A | „Fjöldi losunarheimilda og losunarskerðingareininga/eininga vottaðrar losunarskerðingar, sem skilað er inn eigi síðar en 30. apríl, er jafn eða meiri en sannprófuð losun" |
| 2 | neikvæð tala | Já | B | „Fjöldi losunarheimilda og losunarskerðingareininga/eininga vottaðrar losunarskerðingar, sem skilað er inn eigi síðar en 30. apríl, er minni en sannprófuð losun" |
| 3 | tala | Nei | C | „Sannprófuð losun fyrir næstliðið ár var ekki skráð fyrr en 30. apríl" |
| 4 | tala | Nei (þar eð ferlið fyrir innskil losunarheimilda og/eða uppfærslu sannprófaðrar losunar var tímabundið stöðvað gagnvart skrá aðildarríkisins) | X | „Ekki var unnt að skrá og/eða skila inn sannprófaðri losun fyrir 30. apríl þar sem ferlið fyrir innskil losunarheimilda og/eða uppfærslu sannprófaðrar losunar var tímabundið stöðvað gagnvart skrá aðildarríkisins" |
| 5 | tala | Já eða nei (en síðar uppfært af lögbæru yfirvaldi) | * *(bætt við upphaflegt tákn)* | „Lögbært yfirvald mat eða leiðrétti sannprófaða losun." |

2. Viðskiptadagbók ESB skal birta á opinberu vefsetri sínu eftirfarandi, almennar upplýsingar og uppfæra þær á sólarhrings fresti:

   a) töflu yfir úthlutunaráætlun hvers aðildarríkis um sig, þ.m.t. vísbendingar um allar leiðréttingar sem gerðar hafa verið á töflunni í samræmi við 37. gr.,

   b) töflu Sambandsins yfir úthlutun vegna flugs, þ.m.t. vísbendingar um allar leiðréttingar sem gerðar hafa verið á töflunni í samræmi við 38. gr.,

   c) allar varasjóðstöflur sem gerðar eru í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/780/EB [(1)],

   d) heildarfjölda losunarheimilda, losunarskerðingareininga og eininga vottaðrar losunarskerðingar sem voru í Sambandsskránni á öllum notendareikningum daginn áður,

   e) skrá yfir einingarauðkenni allra losunarheimilda, eininga vottaðrar losunarskerðingar og losunarskerðingareininga, sem skilað var inn, og skal merkja þær einingar sem færðar voru af reikningnum sem þeim var skilað inn á og sem eru nú á einkavörslureikningum eða vörslureikningum rekstraraðila. Ef um er að ræða einingar vottaðrar losunarskerðingar og losunarskerðingareiningar skal einnig birta heiti verkefnis, upprunaland og verkefnisauðkenniskóða,

   f) skrá yfir tegundir Kýótóeininga, aðrar en einingar vottaðrar losunarskerðingar eða losunarskerðingareiningar, sem geyma má á notendareikningum sem tiltekinn landsstjórnandi stjórnar í samræmi við 1. lið I. viðauka,

   g) heildarfjölda eininga vottaðrar losunarskerðingar og losunarskerðingareininga sem rekstraraðilum í hverju aðildarríki er heimilt að skila inn fyrir hvert tímabil skv. 1. mgr. 11. gr. a í tilskipun 2003/87/EB,

   h) gjöldin sem landsstjórnendur innheimta í samræmi við 76. gr.

3. Viðskiptadagbók ESB skal birta á opinberu vefsetri sínu eftirfarandi, almennar upplýsingar hinn 30. apríl ár hvert:

   a) hundraðshluta losunarheimilda, sem skilað var inn í hverju aðildarríki á næstliðnu almanaksári, sem var skilað inn af reikningnum sem þeim var úthlutað á,

   b) summu sannprófaðrar losunar í hverju aðildarríki sem skráð er fyrir næstliðið almanaksár sem hundraðshluti af summu sannprófaðrar losunar ársins þar á undan,

   c) hundraðshlutann, sem tilheyrir reikningum sem tiltekið aðildarríki stjórnar, af fjölda og umfangi allra færsluviðskipta með losunarheimildir og Kýótóeiningar á næstliðnu almanaksári,

   d) hundraðshlutann, sem tilheyrir reikningum sem tiltekið aðildarríki stjórnar, af fjölda og umfangi allra færsluviðskipta með losunarheimildir og Kýótóeiningar á næstliðnu almanaksári milli reikninga sem mismunandi aðildarríki stjórna.

4. Viðskiptadagbók ESB skal birta á opinberu vefsetri sínu eftirfarandi upplýsingar um sérhver viðskipti, sem lokið er og skráð hafa verið í viðskiptadagbók ESB, 1. janúar á fimmta ári eftir árið sem upplýsingarnar voru skráðar:

   a) nafn handhafa og auðkenni handhafa færslureikningsins,

(1) Stjtíð. ESB L 316, 16.11.2006, bls. 12.

b) nafn handhafa og auðkenni handhafa viðtökureikningsins,

c) losunarheimildir eða Kýótóeiningar, sem tengdust viðskiptunum, sem eru flokkaðar eftir einingarauðkenniskóða,

d) viðskiptaauðkenniskóða,

e) dagsetningu og tíma þegar viðskiptunum lauk (Mið-Evróputími),

f) tegund viðskiptanna.

*Upplýsingar sem eru aðgengilegar reikningshöfum*

5. Sambandsskráin skal birta eftirfarandi upplýsingar á þeim hluta vefseturs síns sem reikningshafinn hefur einn aðgang að og uppfæra þær á rauntíma:

a) núverandi handhöfn losunarheimilda og Kýótóeininga, ásamt einingarauðkenniskóðum,

b) skrá yfir tillögð viðskipti sem viðkomandi reikningshafi hefur hafið, með eftirfarandi upplýsingum um hver tillögð viðskipti:

i. atriðin í 4. lið:

ii. dagsetningu og tíma þegar viðskiptin voru lögð til (Mið-Evróputími),

iii. núverandi stöðu tillögðu viðskiptanna,

iv. alla svarkóða, sem skilað er inn í kjölfar athugunar á vegum skrárinnar og viðskiptadagbókar ESB,

c) skrá yfir losunarheimildir eða Kýótóeiningar sem bæst hafa á reikninginn í kjölfar viðskipta sem lokið er og skulu atriðin í 4. lið tilgreind fyrir hver viðskipti,

d) skrá yfir losunarheimildir eða Kýótóeiningar, sem færðar hafa verið af reikningnum í kjölfar viðskipta sem lokið er, og skulu atriðin í 4. lið tilgreind fyrir hver viðskipti.

*Upplýsingar sem eru aðgengilegar landsstjórnendum*

6. Sambandsskráin skal birta eftirfarandi upplýsingar á þeim hluta vefseturs síns sem landsstjórnendur hafa einir aðgang að:

a) núverandi stöðu og viðskiptasögu aðaljöfnunarreiknings kerfis fyrir viðskipti með losunarheimildir, gáttainnlánsreiknings, reiknings Sambandsins fyrir niðurfelldar losunarheimildir og innskilareiknings vegna flugs,

b) reikningshafa og viðurkennda fulltrúa sem hafa sætt því að tiltekinn landsstjórnandi hefur lokað fyrir aðgang þeirra að öllum reikningum í Sambandsskránni í samræmi við 27. gr.